

SHALDOR  
skoðun 18



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Föstudagur



Litli leikklúbburinn  
á Ísafirði er 45 ára  
Emil í Kattholti  
á fjalirnar  
allt 3



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

15. október 2010  
242. tölublað 10. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



## Takk útrásarvíkingar!

Lára Björg Björnsdóttir segir frá bloggi sem varð að bók og baráttunni fyrir einhverfum syni sínum.

viðtal 16

## Landsliðið í frjálsu falli


Árangur A-landsliðsins hefur versnað stöðugt síðan Guðjón Þórðarson hætti.

sport 36



fyrir allar dætur  
ómmur - mömmur - systur - vinkonur ...  
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini  
Söfnunarmarkmið 50.000 slaufur

## veðrið í dag



BLAUTT VESTRA í dag verða sunnan 5-10 m/s og rigning S- og V-tíl en annars hægari og úrkomulítið. Hiti 7-12 stig.

VEÐUR 4

Föstudagur  
PIZZA  
Uppskrifin að föstudagspizzunni er á gottimatinn.is

# Flókin úrræði fæla fólk frá

Af 50 þúsund viðskiptavinum Íbúðalánasjóðs hafa 28 nýtt sér tímabundna greiðsluáðlögun og fjórtán hafa nýtt sér sértæka skuldaáðlögun. Er til marks um að úrræðin séu of flókin segir framkvæmdastjóri sjóðsins.

**EFNAHAGSMÁL** Örfáir af um fimmtíu þúsund viðskiptavinum Íbúðalánasjóðs hafa nýtt sér yfstrustu úrræði til greiðslu- og skuldaáðlögunar.

„Þetta segir okkur, að mínu mati, að úrræðin eru það flókin í framkvæmd að fólk veigar sér við að nýta þau,“ segir Ásta H. Bragadóttir, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs.

Alls hafa 28 nýtt sér tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna og fjórtán hafa notfært sér sértæka skuldaáðlögun.

Tímabundin greiðsluáðlögun fæst með úrskurði dómara en

## Úrræðin í stuttu máli

### Greiðsluáðlögun

Greiðsluáðlögun getur staðið í allt að fimm ár. Afborganir eru í samræmi við greiðslugetu. Mánaðargreiðslur aldrei lægri en 60% af hæfilegri húsaleigu.

### Skuldaáðlögun

Lántakinn greiðir af skuldum eins og greiðslugeta leyfir og kröfuhafar geta fallist á eftirgjöf, hlutfallslega lækkan eða gjaldfrest á því sem umfram er.

### Tímabundin frýsting

Afborgunum frestað í allt að þrjú ár. Hægt að fá frestun á afborgunum af höfuðstól, en greiða vexti og verðbætur, eða sækja um frestun allra afborgana.

semja þarf um sértæka skuldaáðlögun við aðalviðskiptabanka. Um 2.000 viðskiptavina Íbúða-

lánasjóðs eru með lán sín í frýstingu en um slíkt er samið við sjóðinn.

Þá eru á bilinu 7.000 til 8.000 í vanskilum við Íbúðalánasjóð, stórum eða smáum.

Ásta vill ekki taka afstöðu til hugmynda um flata niðurfærslu lána en segir blasa við að Íbúðalánasjóður ráði ekki einn og óstuddur við fimmtán til átján prósentu niðurfellingu. 107 milljarðar króna myndu falla á Íbúðalánasjóð við átján prósentu niðurfærslu.

Hún telur hins vegar rétt að einfalda þau úrræði sem þegar séu í boði fyrir fólk sem ekki ráði við afborganir af lánnum sínum. - bps



## KYNLEGIR RÁÐHERRAR

Halda mætti að Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson hefðu skellt sér á þrívíddarmyndina Piranha 3D í gær. Svo var hins vegar ekki. Þau fóru til Stígamóta, keyptu sér svokölluð kynjagleraugu og settu þau á nefið. Gleraugin eru seld til stuðnings þjónustumiðstöðvum Stígamóta utan borgarinnar, sem stóð til að loka vegna niðurskurðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðbótarkvóti ekki til útgerðanna:

## Ráðherra vill leigja kvóta

**SIÁVARÚTVEGSMÁL** Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, vill beita sér fyrir því að gefnar verði út auknar veiðiheimplildir í helstu nytjastofnum og leigja þær út. Þetta fyrirkomulag var tekið upp nýlega við úthlutun á skötuselskvóta.



JÓN BJARNASON

Þetta kom fram í ræðu Jóns á aðalfundi Landssamtaka smábátasjómannanna í gær. Ekki kom fram í máli Jóns hversu mikið hann vill auka kvótann en tegundirnar eru þorskur, ýsa, ufsi, gullkarfi og íslensk sumargotssíld.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ, segir Jón hafa fullyrt að leiga á skötuselskvóta hefði ekkert fordæmisgildi. Friðrik segir alvarlegt að ekki sé hægt að taka mark á einu né neinu sem frá ráðherra í ríkisstjórn Íslands kemur.

- shá / sjá síðu 6

Refsiramminn fyrir meint brot Baldurs Guðlaugssonar er níu ára fangelsisvist:

# Baldur ákærður fyrir innherjasvik

**DÓMSMÁL** Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, hefur verið ákærður fyrir innherjasvik og brot í opinberu starfi. Baldri var birt ákæran þegar hann mætti að eigin frumkvæði á skrifstofu sérstaks saksóknara eftir hádegi í gær.

Ákæran er gefin út af Birni L. Bergssyni, settum ríkissaksóknara, þar sem ríkissaksóknari skal annast öll mál sem varða brot í opinberu starfi. Hún er önnur ákæran sem gefin er út í kjölfar rannsóknar embættis sérstaks saksóknara. Björn hefur falið sérstökum saksóknara að reka málið fyrir dómi.

Baldur seldi hlutabréf í Landsbankanum fyrir rúmar 192 milljónir króna tveimur vikum fyrir bankahrunið. Hann er ákærður

Ég hef áhyggjur af því að dómstólar sveiflist eins og allir aðrir pendúlar með almenningsáliti.

KARL AXELSSON  
VERJANDI BALDURS GUÐLAUGSSONAR

fyrir að hafa á þeim tíma haft innherjaupplýsingar um stöðu bankans vegna setu sinnar í samráðshópi Seðlabankans um fjármálastöðugleika. Féð hefur verið kyrrsett á bankareikningum Baldurs. Gerð er krafa um upptöku þess og líklegt er að kyrrsetningin verði í gildi þar til niðurstaða fæst í málið.

Jafnframt er ákært fyrir brot í opinberu starfi samkvæmt 138.

grein hegningarlaga. Hún kveður á um að hafi maður misnotað opinbera stöðu til að fremja afbrot geti dómari þyngt refsinguna um allt að helming. Refsiramminn fyrir innherjasvik er sex ár, en nú ári í máli Baldurs í ljósi þessa.

Karl Axelsson, verjandi Baldurs, segir ákæruna ekki eiga við rök að styðjast. Í ástandinu sem ríki á Íslandi sé mikilvægt að dómstólar standi í lappirnar. „Ég hef áhyggjur af því að dómstólar sveiflist eins og allir aðrir pendúlar með almenningsáliti. Það er alveg ljóst að það hefði verið þúsund sinnum erfiðara fyrir saksóknara að taka ákvörðun um að ákæra Baldur ekki en að ákæra hann,“ bætir hann við.

Ákæran verður þingfest eftir rétta viku.

Opið til 19 Kringlan  
Kringlukast  
20-50% afsláttur



Samsung GALAXY 5



# Vertu með böndin á hreinu

– Netið í símanum frá 490 kr. á mánuði.



Vertu með Ring á Airwaves!



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)

## Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x2.990 kr. og á leggst 250 kr. dreifingargjald.

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL er Quad-band með WiFi og GPS

1.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði fylgir.

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



VERTU MEÐ



# aida<sup>®</sup>

## VÖRURNAR FÁST Í HAGKAUP

Fánlegt í Skeifunni, Kringlunni, Smáralind, Garðabæ og Holtagörðum

# aida<sup>®</sup>

daily design

Aida Classic hvítvínsglös  
4 stk.

TILBOÐ 999.-  
áður 1.499.-



Aida Bistro glasasett  
24 stk.

TILBOÐ 6.999.-  
áður 9.999.-



Aida Aroma stell  
20 stk.

TILBOÐ 3.999.-  
áður 4.999.-

Aida Atelier hnífapör  
16 stk.

TILBOÐ 4.499.-  
áður 5.999.-



Aida Atelier glös  
30cl./3 stk.  
TILBOÐ 499.-  
áður 699.-

Aida Atelier eldföst mót  
hvít 3 stk.

TILBOÐ 3.499.-  
áður 4.999.-



**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



Hefur þú fylgst með björgun námuverkamannanna í Síle?

JÁ	80,4%
NEI	19,6%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Hefur þú keypt þér nýtt raftæki á þessu ári?  
Segðu skoðun þína á visiris



Framkvæmdastjóri LÍÚ segir ekki orð að marka það sem frá Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra komi:

# Ráðherra boðar leigu á þorsk- og ýsukvóta

**SIJAVARÚTVEGUR** Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, sagði í ræðu sinni á aðalfundi Landssambands smábátáeigenda í gær að hann myndi leggja til að kvóti í mörgum af helstu nytjastofnum yrði aukinn og veiðheimildirnar boðnar til leigu gegn gjaldi. Vís- aði hann til fyrirkomulags á leigu skötuselskvóta í því sambandi.

„Í framkvæmd þykir vel hafa tekist til og mun ég því leggja til að ráðherra hafi heimild til að úthluta ákveðnu magni af þorski, ýsu, ufsa, gullkarfa og íslenskri sumargots-

síld til skipa sem hafa veiðileyfi. Útgerðir munu þurfa að greiða tiltekið sanngjarnt gjald fyrir afl- heimildirnar sem renna mun í ríkissjóð eða til tiltekinn verkefna,“ sagði Jón í ræðu sinni.

Fríðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, minnr á orð ráðherra varðandi leigu á skötuselnum. „Ég man ekki hvort ég hef heyrt Jón Bjarnason segja það tuttugu eða þrjátíu sinnum að skötuselsmálið sé algjörlega sérstakt mál og hafi ekkert fordæmisgildi. Það er sérstakt og í raun grafalvarlegt

að það sé ekki orð að marka það sem kemur frá sjávarútvegsráðherra.“

Fríðrik segir augljóst að verið sé að hrinda fyrningarleiðinni svokölluðu í framkvæmd, þvert á niðurstöðu samráðshóps sem Jón skipaði og skilaði niðurstöðum nýverið. Þar var nokkuð eindregið mælt með annarri leið; samningsleið.

Breytingar boðar Jón í frumvarpi sem lagt verður fyrir þingið fyrir jól. Engar upplýsingar liggja fyrir um hversu mikið hann hyggst mæla með að kvóti verði aukinn í einstökum tegundum.



**FUNDAD** Hér ræðir Jón Bjarnason við Friðrik J. Arngrímsson og Adolf Guðmundsson, formann LÍÚ, á aðalfundi samtakanna í fyrra.

200 miðar á Dísu ljósálf:  
**Fréttablaðið býður í leikhús**

**MENNING** Fréttablaðið gefur lesendum 200 miða á söngleikinn um Dísu ljósálf sem frumsýndur verður í Austurbæ laugardaginn 23. október.

Áhugasamir lesendur skulu mæta í Austurbæ við Snorrabraut klukkan 12 á hádegi í dag. Fyrstu hundrad sem mæta fá tvo miða sem gilda á sýninguna sunnudaginn 24. október.

Sýningin er ætluð öllum sem eru börn í hjarta og vilja endurnýja kynnin við þessa skemmtilegu, spennandi og á köflum grimmu sögu.

Með helstu hlutverk fara Álf-rún Helga Örnólfsdóttir og Steinn Ármann Magnússon. Leikstjóri er Páll Baldvín Baldvínsson og Gunnar Þórðarson sér um tónlistina.

# Ríkið nýtir yfirburði gegn sveitarfélögum

**Formaður Sambands sveitarfélaga segir ríkið nota framkvæmdar- og lagasetningarvald til að ásælast tekjustofna sveitarfélaga. Hann krefst bættra samskipta og raunverulegs samráðs um niðurskurðinn sem er fram undan.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Ef marka má fjárlög við fyrstu umræðu er óhætt að segja að skilaboðin eru skýr. Fyrir margar stofnanir og heilu samfélögin verður árið 2011 miklu meira en erfiitt. Það verður hræðilegt fyrir ákveðin samfélög,“ sagði Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, í ræðu sinni við upphaf fjármálaráðstefnu sambandsins í gær.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Halldór segir það liggja fyrir að tekjustofnar sveitarfélaganna skerðist um átta milljarða króna á næsta ári ef fjármálafrumvarp ríkisstjórnarinnar tekur ekki grundvallarbreytingum. Það sé jafnframt óeðlilegt að ríkið nýti sér yfirburði framkvæmdar- og lagasetningarvalds síns til að ásælast tekjustofna sveitarfélaga.

„Við gætum lækkað þessa átta milljarða um 2,4 milljarða ef ríkið væri ekki að taka frá okkur tekjustofna eins og aukaframlag Jöfnunarsjóðs og vegna hækkunar tryggingargjalds. Þá stæðu eftir 5,6 milljarðar sem við verðum að mæta með niðurskurði. Það getum við ekki vegna þess að við erum búin að skera niður það sem mögulegt er án þess að breyta lögum og reglugerðum.“

Halldór segir einu raunhæfu leiðina til niðurskurðar vera í gegnum



**MÓTMÆLI Í NESKAUPSTAÐ** Á milli 80-90 manns missa vinnuna í Neskaupstað að óbreyttu. Sá fjöldi er hér táknaður í mótmælstoðu á sunnudag.

grunnskólann en þar standi kennararastofnanir meðal annars í veginum. „Við erum að kalla eftir því að ríkið taki afstöðu. Að ríkið vinni að laga- og reglugerðarbreytingum svo við getum hagrætt. Ef það gerist ekki munu verri hlutir gerast en að stytta skólaárið um tíu daga sem enginn finnur mikið fyrir.“ Þar vísar hann til þess að uppsagnir starfsfólks hjá sveitarfélögum hafa litlar sem engar verið til þessa.

Halldór kallar eftir því að samskipti ríkis og sveitarfélaga verði að bæta. „Við kvörtum ekki undan samskiptunum. Þetta er gott fólk og allt það. En hvað varðar hag-

ræðingu í rekstri þá hefur ekkert gerst.“

Þau skilaboð Halldórs að niðurskurður til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni þýði skipbrot viðkomandi byggðarlaga verða ekki misskilin. „Þarna er verið að skerða grunnþjónustu afar harkalega og því verðum við að geta leyft okkur að ræða aðrar leiðir. Það verður að mega að ræða listamannalaun og eftirlitsstofnanir. Fiskistofa og Fjármálaeftirlitið kosta tvo milljarða á næsta ári. Ég get haldið svona áfram en er einfaldlega að benda á að þar er margt sem kostar mikla peninga og er ekki endilega grunnþjónusta.“



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** Segir skattahækkunir níttján milljarða, ekki ellefu.

ASÍ um skattahækkunir:  
**Dulin hækkun í frumvarpinu**

**FIJÁRMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir að frýsting persónuafsláttar sé ekkert annað en dulin skattahækkun sem bitni verst á lágtekjufólki. Ekki sé verið að hækka skatta um 11 milljarða eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu heldur um 19 milljarða.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að skattahækkunir skili ríkissjóði ellefu milljörðum króna á næsta ári. Í raun má nærri tvöfalda þessa tölu því ekki stendur til að hækka persónuafslátt sem þýðir að skattar á almenning hækka um átta milljarða.

Gylfi segir að hér sé um óbeinar skattahækkunir að ræða.

**GJALDPROT**

**Tvö prósent upp í kröfur**

Rétt um tvö prósent, tæpar 4,7 milljónir króna, fengust upp í tæplega 226,8 milljóna króna kröfur í þrotabú Útgerðarfélagins Njarðar á Dalvík. Búið var tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra í febrúarlok 2008. Skiptum lauk 22. september síðastliðinn.

**Ekkert upp í fjóra milljarða**

Engar eignir fundust í þrotabú Palla-dium ehf., félags Hjörleifs Þórs Jakobs-sonar. Kristinn Hallgrímsson hæstaréttarlögmaður var stjórnarmaður og prókúruhafi. Lýstar kröfur námu 4.032 milljónum króna. Félagið var tekið til gjaldprotaskipta 17. maí síðastliðinn, en skiptum var lokið 25. ágúst.

Sölu á bleiku slaufunni lýkur:  
**Takmarkinu næstum náð**

**SAMFÉLAGSMÁL** Síðustu forvöð til að kaupa bleiku slaufuna eru í dag, en með því er hægt að styrkja baráttuna gegn krabbameinum kvenna.



Þó að söluátakinu ljúki á morgun mun árvekníatak um brjóstakrabbamein standa út októbermánuð. Sala hefur gengið vel, að sögn Ragnheiðar Haraldsdóttur, forstjóra Krabbameinsfélagsins. „Við erum nálægt takmarki okkar, sem er að selja 50 þúsund slaufur, en vantar rétt herslumuninn. Við hvetjum því þá sem hafa ekki náð að tryggja sér slaufu að kaupa hana áður en sölu lýkur.“



**Vertu með Airwaves í símanum**

SMS áminningar frá **m.ring.is** á 0 kr. fyrir alla!

Öll dagskrá Iceland Airwaves er á **m.ring.is**. Þú getur fengið SMS í símann þegar þitt band er að stíga á svið. Farðu á **m.ring.is**, renndu yfir dagskrána og hakaðu við það sem þú ekki missa af – við sjáum um rest.

**Hvernig virkar?** Farðu á **m.ring.is** í tölvunni eða símanum þínum.

Í boði fyrir alla  
Ring viðskiptavinir borga ekkert aukagjald fyrir umferð í gegnum **m.ring.is** en streymi á tónlist telur sem 3G niðurhal. Viðskiptavinir annarra fjarskiptafyrirtækja greiða sínum þjónustuaðila fyrir gagnaumferð skv. þeirra verðskrá.



**VERTU MED**

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Láttu drauminn rætast

# Skemmtisiglingar með VITA



## Vestur - Karíbahaf



Oasis of the Seas  
4. - 16. mars

Viðkomustaðir: Flórída, Haiti, Mexíkó - Costa Maya og Cozumel

**Verð frá 348.500 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

Innifalið: Flug, flugvallaskattar, ferðir milli flugvalla, hótela og skips, gisting í 5 nætur án fæðis í Orlando, vikusigling með fullu fæði og afþreyingu í ytri klefa án svala.

Fararstjóri: Lilja Jónsdóttir

\*Verð án Vildarpunkta 358.500 kr.

## Páskasigling - Karíbahaf



Adventure of the Seas  
15. - 26. apríl

Viðkomustaðir: Flórída, Puerto Rico, Barbados, St. Lucia, Antiqua, St. Maarten og St. Croix

**Verð frá 384.500 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

Innifalið: Flug, flugvallaskattar, ferðir milli flugvalla, hótela og skips, gisting í 1 nótt án fæðis í New York, 3 nætur án fæðis á Puerto Rico, vikusigling með fullu fæði og afþreyingu í ytri klefa án svala. Fararstjóri: Þorvarður Goði Valdemarsson

\*Verð án Vildarpunkta 394.500 kr.

## Páskasigling - Miðjarðarhaf



Mariner of the Seas  
17. - 29. apríl

Viðkomustaðir: Róm, Aþena, Kusadasi, Egyptaland og Napolí

**Verð frá 354.900 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

Innifalið: Flug, flugvallaskattar, ferðir milli flugvalla, hótela og skips, gisting í 1 nótt m. morgunverði í Róm og 11 daga sigling með fullu fæði og afþreyingu í ytri klefa án svala.

Fararstjóri: Sigmundur M. Andrússon

\*Verð án Vildarpunkta 364.900 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.

**ICELANDAIR**  
GROUP



Feriðskattlandi

VITA | Skútvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

**vita**

VITA er lífið

## VEISTU SVARIÐ?



1. Af hverju hætti Eva Joly sem ráðgjafi sérstaks saksóknara?
2. Hvaðan kemur sandur í nýjan strandblaksvöll í Neskaupstað?
3. Hversu hátt hlutfall heimila landsins er yfirveðsett?

## SVÖR

1. Hún ætlað að einhella sér að forsætisráðgjafi sínu fyrir Gæningja í Frakklandi. 2. Frá Þóllandi. 3. Eftir af.



ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Íbúar Hafnarfjarðar felldu árið 2007 að Alcan fengi að stækka verksmiðju sína verulega.

Krefjast álverskosningar:

## Bæjaryfirvöld efni skyldu sína

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Hafnarfjarðar segja það skyldu bæjaryfirvalda að efna sem fyrst til nýrrar íbúakosningar um deiliskipulagsbreytingu sem gera myndi álverinu í Straumsvík kleift að stækka í 460 þúsund tonn.

Peir benda á að liðið sé á annað ár síðan tilskilinn fjöldi bæjarbúa hafi óskað eftir íbúakosningu um málið.

Bæjarfulltrúar meirihluta Samfylkingar og Vinstri grænna segja hins vegar mikilvægt „að vinna að viðtækri sátt um stöðu álvers Rio Tinto Alcan í Straumsvík í stað þess farvegs átaka sem það hefur verið í of lengi.“ - gar

Ný verðkönnun ASÍ:

## 23% munur á matarkörfunni

**NEYTENDAMÁL** Tæplega fjórðungs verðmunur reyndist vera á matarkörfunni þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í matvöruverslunum síðastliðinn þriðjudag.

Vörurkarfan var ódýrust í Bónus þar sem hún kostaði 6.879 krónur, 85 krónum dýrari en í Krónunni. Vörurkarfan var dýrust í Nóatúni, kostaði 8.469 krónur. Lítil verðmunur var á milli Kosta, Samkaupa Úrvals og Nóatúns en karfan var 20-23 prósentum dýrari þar en í Bónus og Krónunni.

olkr@frettabladid.is

Kaupmaður á Laugavegi argur yfir framkvæmdum án fyrirvara á vondum tíma:

## Skurður fælir Airwaves-viðskipti frá

**VERSLUN** „Mér þykir alverst að það var rokið í að grafa þennan skurð án þess að láta okkur vita áður,“ segir Símon Sværriðsson, kaupmaður í minjagripaversluninni Eureka-art á Laugavegi 8.

Verktaki á vegum Orkuveitu Reykjavíkur gróf skurð framán við Laugaveg 8 á miðvikudag. Verið er að endurnýja heimæð fyrir Laugaveg 6. Viðskiptavinir Eureka-art þurfa nú að ganga yfir trébrú til að komast í búðina.

„Þetta er gert á mjög vondum tíma því síðasta stóra ferða-

mannahelgin er núna,“ segir Símon og vísar til þess að tónlistarhátíðin Airwaves sé hafin og hana sækji jafnan mikill fjöldi erlendra gesta.

„Við upphaf verksins láðist starfsmanni OR að láta eigendur í húsi númer 8 vita. Var beðist velvirðingar á því í morgun. Það voru sem sé mistök af hálfu OR að láta ekki vita, en það viljum við alltaf gera,“ sagði Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, síðdegis í gær.

Framkvæmdum ætti að ljúka fyrir hádegi í dag.



SÍMON SVÆRRIÐSSON Kveðst hafa glímt við jarðvegsflutninga á vörubílum í vor og nú spilli skurðgröftur fyrir honum viðskiptum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Peir fiska sem róa segja SAF:

## Fyrirtæki og ríki leggist á eitt

**FERÐAÐNADUR** Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) fagna áformum íslenskra og erlendra flugfélaga um auknið framboð í flugi til Íslands, segir í tilkynningu.

„Til þess að nýta slík tækifæri sem best þarf mikla markaðssetningu á erfiðum alþjóðamarkaði,“ segir þar. „Til að ná sem bestum árangri í markaðssetningu Íslands þurfa bæði ríkisvaldið og fyrirtækin í greininni að leggja sameiginlega á árararnar. Þeir fiska sem róla!“

- óká

# Hefðu viljað meira samstarf

Forsvarsmenn Félags kráareigenda segjast ekki átta sig á því hverju breyttur afgreiðslutími vínveitingastaða í miðborg Reykjavíkur eigi að skila. Markaðsátak um bættu skemmtanameningu hefði verið vænlegra.

**REYKJAVÍK** Veruleg óánægja er innan Félags kráareigenda með skort á samráði við ákvarðanatöku Reykjavíkurborgar um styttingu á afgreiðslutíma áfengisveitingastaða. Félagar í Félagi kráareigenda, sem var stofnað árið 2007, eru veitingamenn í miðbæ Reykjavíkur. „Við sjáum ekki alveg hverju þetta á að breyta,“ segir Guðfinnur Sólvi Karlsson, eigandi Priksins. „Hætta allir að lemja fólk eftir hálfítt?“

Samþykkt var á fundi Borgarráðs Reykjavíkur á miðvikudag að afgreiðslutími áfengisveitingastaða í miðborginni, þar sem heimilaður hefur verið lengri veitingatími áfengis um helgar, yrði stytting um klukkustund í tveimur áföngum. Um næstu áramót verður afgreiðslutíminn stytting um hálf-tíma, til klukkan 5 um morgunn og svo aftur um hálf-tíma að sex mánuðum liðnum, til klukkan 4.30. Að ári liðnu á svo að fara yfir reynsluna af breytingunni og leggja mat á áhrif hennar.

Einar Örn Benediktsson, borgarfulltrúi Besta flokksins, segir samþykktina rökrétt framhald vinnu í nefnd um endurskoðun opnunarátíma skemmtistaða. „Um málið var gerð skýrsla og fullt af aðilum sem voru til boðaðir voru til samráðs. Síðan varð ofan á að gera þetta svona,“ segir hann.

Kormákur Geirharðsson, veitingamaður á Ölstofu Kormáks og Skjaldar, segir þessa ákvörðun um styttingu afgreiðslutíma ef til vill vera næst því sem veitingamenn geti mögulega sætt sig við. Um leið kveður hann ráðist að vandamálinu á röngum stað með því að einblína á afgreiðslutímann.

„Vandamálið er að löggæsla hefur snarminnkað í miðbænum,“ segir Kormákur og kveður fólk munu halda sér vakandi sjálft eins lengi og það vilji, hvar sem það aftur verði. „Ef framtíðin er að koma þessu aftur í heimahúsin, þá verður bara svo að vera.“

Guðfinnur tekur í svipaðan streng. Hann segir ýmis teikn á lofti um jákvæðari þróun skemmtanahalds inni á veitingastöðunum, en telur ólíklegt að fólk hætti að slást eða láta illa þótt stöðum sé lokað fyrir. Hann kallar eftir enn meira samstarfi við Félag kráareigenda við að koma á úrbótum, enda þekki fáir jafn vel við hvað sé að eiga.



FUNDUÐ UM NÆSTU SKREF Guðfinnur Sólvi Karlsson, eigandi Priksins, og Ófeigur Friðriksson, eigandi Hverfisbarsins, funduðu í gær um samþykkt borgarráðs. Þeir eru í forsvari fyrir Félag kráareigenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gubbað í garðinn heima!

Með samþykkt borgarráðs á styttri afgreiðslutíma veitingastaða fylgdi bókun Besta flokksins um að áfengisstefnu vantaði í borgina og bent var á að um bann við reyklingum á vínveitingastöðum ríkti almenn ánægja. „Liggur því við að næsta rökrétta skref verði að banna áfengi inni á þessum stöðum, þar sem áfengisneysla hefur margar og alvarlegar afleiðingar í för með sér,“ segir þar.

Einar Örn Benediktsson borgarfulltrúi, sem lagði fram bókunina, segist með henni hafa viljað ýta undir umræðu um hvers konar skemmtanameningu fólk vilji í borgina. Nú sé raunin sú að obbi fólks mæti í miðbænum eftir miðnætti og skemmti sér svo fram á morgun. „Sumir staðir eru opnir frá 12 á hádegi og því opnir 18 tíma á sólarhring. Þetta er ábending um að kíkja á hvernig þessum málum er háttað yfirhöfuð,“ segir Einar og veltir fyrir sér af hverju sé til dæmis ekki meira um hverfiskrár. „Af hverju getur fólk ekki drukkið nálægt heimili sínu í stað þess að fara í miðborgina? Af hverju er ekki einhver svona „Gubbað í garðinn heima“ stefna?“ veltir hann fyrir sér og kveðst um leið hafa efasemdir um ágæti hugmynda í þá veru að láta loka stöðum fyrir í miðbænum, en leyfa að hafa opið lengur í iðnaðarhverfum og á hafnarvæðum.



EINAR ÖRN BENEDIKTSSON

# Vertu með röðina í beinni í símanum

Taktu stöðuna á [m.ring.is](http://m.ring.is) áður en þú leggur í hann.

Ring myndavélar við helstu tónleikastaðina á Airwaves sýna þér ástandið svo þú eyðir sem minnstum tíma í röð.

**Hvernig virkar?** Á upplýsingasíðum um hvern stað á [m.ring.is](http://m.ring.is) er hlekkur á myndavélararnar.

Í boði fyrir alla  
Ring viðskiptavinir borga ekkert aukagjald fyrir umferð í gegnum [m.ring.is](http://m.ring.is) en streymi á tónlist telur sem 3G niðurhal. Viðskiptavinir annarra fjarskiptafyrirtækja greiða sínum þjónustuaðila fyrir gagnaumferð skv. þeirra verðskrá.

**VERTU MED**





# NÝ OG GLÆSILEG NETTÓ Í MJÓDD OPNUNARTILBOÐIN ENN Í FULLUM GANGI

**Rauðvínskryddaður  
Lambahryggur**  
frá Kjötsel



**1.299** kr/kg  
verð áður 1.998 kr/kg

**Piparkryddaður  
Lambahryggur**  
frá Kjötsel




**50%**  
afsláttur

**Ananas**  
ferskur  
**148** kr/kg  
verð áður 295 kr/kg



**1.000kr**  
afsláttur

**Hamborgarhryggur**  
frá Bautaþúrinu  
**798** kr/kg  
verð áður 1.798 kr/kg



**Reyktur grísabógur**  
frá Kjötsel  
**398** kr/kg  
verð áður 855 kr/kg

**50%**  
afsláttur

**Kornflögur**  
500 g  
**99** kr/pk.  
verð áður 199 kr/pk.

**48%**  
afsláttur

**Hveiti**  
2 kg  
**98** kr/pk.  
verð áður 189 kr/pk.

**Hindberjarúlluterta**  
300 g  
**199** kr/stk.  
verð áður 269 kr/stk.

**Kartöfluflogur**  
salt eða sour cream  
400 g  
**299** kr/pk.  
verð áður 379 kr/pk.

Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**GILDIR AÐEINS Í NETTÓ MJÓDD**  
**NÝTT KORTATÍMABIL**

**PANTENE PRO-V ÝMSAR TEG.** **199** kr/stk.  
Áður 589 kr/stk.

**nettó**  
Ódýrt fyrir heimilið!

**Kjöris**

**EKÓNÓMÍ**  
**ÞEÐA BARA**

Karamellu Fjöris

Mannréttindaráðherra stöðvar endursendingar hælisleitenda til Grikklands:

## Hælisumsóknir afgreiddar hér

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson, dómsmála- og mannréttindaráðherra, hefur ákveðið að stöðva, að svo stöddu, endursendingar hælisleitenda til Grikklands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

Umsóknir um hæli, sem ella bæri að taka til efnismeðferðar í Grikklandi á grundvelli reglugerðarinnar, verða afgreiddar hér á landi þar til annað verður ákveðið.

Er ákvörðunin tekin í ljósi nýrra tilmæla Mannréttindadómstóls Evrópu til Noregs og breytinga á afstöðu norskra stjórnvalda



ÖGMUNDUR JÓNASSON

í kjölfar þeirra, eins og segir í tilkynningu frá ráðherra.

Mannréttindadómstóllinn hefur nú til meðferðar mál sem höfðað var gegn belgískum stjórnvöldum.

Í því reynir á hvort endursendingar til Grikklands séu samrýmanlegar Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í rúmt ár hafa íslensk stjórn-

völd fylgt þeirri reglu að hvert tilvik fyrir sig sé skoðað og aðstæður viðkomandi einstaklings metnar áður en ákvörðun er tekin um endursendingu til Grikklands. Byggði ákvörðun þar um á framkvæmd annarra ríkja sem eiga aðild að Dyflinnarreglugerðinni.

Fram kemur í tilkynningu að Ögmundur hafi tekið ákvörðun sína í samráði við Útlendingastofnun. Búast má við nýrri ákvörðun að dómi Mannréttindadómstólsins í málinu gegn Belgíu gengnum.

- bps



**SIÚKDOMUR** Krabbamein í blöðruhálskirtli greinist oftast hjá rosknum karlmönnum, tveir af hverjum þremur sem greinast eru yfir 70 ára að aldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þvagprufa notuð til að greina krabbamein

Á Íslandi greinast árlega um 220 karlmenn með krabbamein í blöðruhálskirtli. Mögulega er með einföldu þvagprófi hægt að greina þá sem eru líklegir til að fá meinið. Próffessor við Háskóla Íslands setur fyrirvara við rannsóknina.

**BRETLAND** Ný bresk rannsókn gefur fyrirheit um að með einföldu þvagprófi sé hægt að greina hverjir séu líklegir til að fá krabbamein í blöðruhálskirtli. BBC greindi frá þessu í gær.

Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar, sem leidd er af dr. Hayley Whitaker, próffessor í Cambridge-háskóla, sýna að mögulega sé hægt að greina svokallað MSMB-prótín í þvagi. Prótínið tengist erfðabreytileika tengdum krabbameini.

Hayley segir að sýni hafi verið tekin af 350 mönnum sem annaðhvort voru með krabbamein í blöðruhálskirtli eða ekki. Niðurstöðurnar hafi verið sláandi því greinileg tengsl hafi verið á milli magns MSMB-prótínsins og erfðabreytilegs breytileika sem tengist krabbameininu.

Frekari rannsóknir er þörf en ef niðurstöður þeirra verða í takt við væntingar rannsakenda gætu

### 220 greinast árlega hérlendis

Á Íslandi greinast árlega um 220 karlmenn með krabbamein í blöðruhálskirtli og um 50 látast af völdum sjúkdómsins.

Tveir af hverjum þremur eru komnir yfir sjötugt þegar meinið greinist og sjúkdómurinn er mjög sjaldgæfur hjá karlmönnum undir fimmtugu. Hjá tíunda hverjum er meinið ætlað og áhættan á að fá krabbameinið getur að minnsta kosti tvöfaldast ef faðir eða bróðir hefur meinið. Í árslok 2007 voru 1.550 karlar sem greinst höfðu með krabbameinið á lífi.

Ef blöðruhálskirtillinn er skoðaður við krufningu hjá karlmönnum sem komnir eru yfir fimmtugt finnast merki krabbameins hjá mörgum og hjá allflestum þeirra sem komnir eru yfir nírautt.

Heimild: Fræðslurít Krabbameinsfélagsins

þær leitt til þess að hægt verði að framleiða tiltölulega ódýrt þvagpróf, sem myndi kosta um þúsund krónur í Bretlandi.

Í dag er notast við svokallað PSA-blóðpróf til að greina krabbamein í blöðruhálskirtli en samkvæmt BBC er það próf ónákvæmt.

Laufey Tryggvadóttir, klínískur próffessor við Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Krabbameinskrár Íslands, segir of snemmt að segja nokkuð til um hvort þetta próf verði að veruleika.

„Það á eftir að prófa hversu vel þetta próf spáir fyrir um krabba-

meinsgreiningu með frekari rannsóknunum,“ segir Laufey. „Þær prófanir munu taka einhvern tíma. Ef niðurstöðurnar verða jákvæðar verður þetta hugsanlega nothæft. Í dag er mest þörf á prófum sem greina það hvort krabbamein í blöðruhálskirtli sé alvarlegt eða sofandi, hvort það leiði til dauða þess sem greindur er eða hvort það hafi engin slæm áhrif á viðkomandi. Óvíst er hvort þetta próf leysir þann vanda. Kannski vita það ekki allir en ef krabbameinið er sofandi geta menn lifað með því alla ævi án þess að kenna sér nokkurs meins.“ trausti@frettabladid.is



LAUFEY TRYGGVADÓTTIR

**Miele**

Sparaðu með Miele

Miele ryksugurnar eru í senn kraftmiklar, hljóðlátar, léttar og þægilegar í notkun og fást þær í nokkrum litum. Hægt er að setja ofnæmissúr í ryksugurnar.

**Tilboðsverð frá kr. 22.900\***

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

\*Gildir á meðan birgðir endast.

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

**vísir.is**  
...ég sá það á Vísi

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

**FASTEIGNIR.IS**

**TILBOÐ MÁNAÐARINS**  
**15% AFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM NICOTINELL 204 STK PÖKKUM  
VERÐ FRÁ 3.941 KR. (2MG FRUIT)

TILBOÐ GILDIR ÚT OKTÓBER

**Apótekið**  
-einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • [www.apotekid.is](http://www.apotekid.is)

2 GERÐIR - 4 STÆRÐIR - EITT VERÐI

haust  
TILBOÐ!

# heilir STURTUklefar

54.900 stgr.

Hert öryggisgler allan hringinn

Nuddsturtusettt fylgir

til  
afgreiðslu  
af lager



HERT  
ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001

KANTAÐUR

80x80 54.900 stgr.

90x90 54.900 stgr.



HERT  
ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001

RÚNNAÐUR

80x80 54.900 stgr.

90x90 54.900 stgr.

INNRETTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:



[www.i-t.is](http://www.i-t.is)



- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Hafrannsóknastofnun og Háskóli Íslands gera samstarfssamning um rannsóknir:

## Auka þekkingu á vistkerfinu

**VÍSINDI** Hafrannsóknastofnunin og Háskóli Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um haf- og fiskirannsóknir og stuðla þannig að aukinni þekkingu á vistkerfi hafsvæðisins umhverfis Ísland. Samningurinn tekur til kennslu í greinum sem tengjast haf- og fiskifræðum. Með því að auka samstarf sín á milli er stefnt að því að tryggja sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda sem byggja á eins góðri vísindalegri þekkingu og vöð er á hverju sinni.

Stofnanirnar hafa um árabil átt í samstarfi um kennslu og

rannsóknir en starfsmenn Hafrannsóknastofnunar hafa meðal annars sinnt kennslu við Háskólann og kennarar skólans hafa haft rannsóknáæðstöðu á Hafrannsóknastofnuninni. Þá hafa kennarar og nemendur haft aðgang að rannsóknaskipum stofnunarinnar vegna kennslu og eins í tengslum við gagnasöfnun vegna rannsókna.

Stofnanirnar eiga í margvíslegum samrekstri, til dæmis á rannsóknasetrum og á minni rannsóknastofum og hafa einnig sótt sameiginlega í erlenda rannsóknasjóði á síðustu árum.

- shá



**SAMNINGUR Í HÖFN** Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró, Kristín Ingólfssdóttir rektor og Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðgjafi, undirrituðu samninginn.

MYND/HAFRÓ



**SPINNUR VEFINN** Í Los Angeles stóðst ljósmyndari ekki mátið þegar hann rakst á þessa könguló að verki við vefspuna sinn.

NORDICPHOTOS/AFP

Ný stjórn Actavis:

## Deutsche Bank fær tvo í stjórn

**VÍÐSKIPTI** Þýski bankinn Deutsche Bank verður með þrjá stjórnarmenn í nýrri stjórn Actavis og Björgólfur Thor Björgólfsson tvo. Þá verða íslensku bankarnir með einn fulltrúa. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Claudio Albrecht, forstjóri Actavis, sagði að rekstrarárið 2010 yrði besta ár í sögu fyrirtækisins. Þá sagði hann að fyrirtækið myndi á næstunni ráða 60-100 nýja starfsmenn hér á Íslandi. Fyrirtækið tók högg vegna málaferla í Bandaríkjunum, en það virðist ekki hafa staðið í vegi fyrir jákvæðri afkomu.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON**

Fyrrverandi eigendur Sigurplasts segja starfsmenn Arion banka dreifa óhróðri:

## Bankinn gjaldfelldi erlent lán

**VÍÐSKIPTI** Fyrri eigendur Sigurplasts segja starfsmenn Arion banka dreift óhróðri um þá í fjölmiðla í kjölfar yfirtöku bankans á fyrirtækinu fyrir um hálfum mánuði.

Í Fréttablaðinu á þriðjudag kom meðal annars fram að grunur léki á að fyrri eigendur og stjórnendur Sigurplasts hefðu átt við bókhald fyrirtækisins eftir að bankinn tók við rekstrinum. Þá hefði tölvukerfi fyrirtækisins verið í ólestri.

Fyrri eigendur Sigurplasts segja í tilkynningu áskanir á hendur þeim runnar undan rifjum Arion banka. Upphaf deilna og fall fyrirtækisins megi rekja til ólögmeðs gengisbundins láns sem hafi hækkað úr 330 milljónum króna í 1,1 milljarð í gengishruninu.

Fyrirtækið hafi gengið vel en ekki getað greitt af stökkbreyttu láni. Arion banki hafi ekki fallist á hugmyndir um greiðslur og gjaldfellt öll lán fyrirtækisins. Það hafi verið knúð í þrot þrátt fyrir rekstrarlegt hæfi.

Arion banki hefur lagt fram kærú á hendur fyrrverandi eigendum Sigurplasts til fjármuna-deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



**HÚSNÆÐI SIGURPLASTS** Sigurplast bugaðist vegna erlendra skulda og fór í þrot um síðustu mánaðamót.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Engin afstaða hefur verið tekin til hennar þar, samkvæmt upplýsingum Tryggva Agnarssonar, lögmanni fyrrverandi eigenda Sigurplasts.

- job

### Framboð til stjórnlagabings

Margrét Dóra Ragnarsdóttir

Björn Sigurjónsson

Jón Pálmar Ragnarsson

Kristján Vigfússon

Elías Halldór Ágústsson

Sveinn Ágúst Kristinsson

Eggert Ólafsson

Smári McCarthy

Máni Atlason

Jakobína Ingunn Ólafsdóttir

Hreinn Pálsson

Haukur Arnþórsson

Inga Jóna Þórisdóttir

Gunnar Grímsson

Ástrós Gunnlaugsdóttir

Ágúst Hjörtur Ingþórsson

Jónas Tryggvason

Þeir sem vilja láta framboðs síns getið í Fréttablaðinu geta sent tilkynningu ásamt mynd á ritstjórn blaðsins.



FRÉTTASKÝRING: Skýrsla AGS um skatta og niðurskurð

# Aðhald eflir hagvöxtinn meira en skattar

Niðurstöður úr reiknilíkani AGS benda til þess að hagvöxtur verði meiri, verði hlutfall niðurskurðar hjá ríkinu aukið á kostnað skattahækkana. Aðhald launaútgjalda ýti undir hærra atvinnustig, en kalli á samstarf við verkalýðsfélög.

Aðgerðir í fjármálum hins opinbera sem byggja í meiri mæli á niðurskurði en skattahækkunum leiða til merkjanlega aukins hagvaxtar, samkvæmt þjóðhagsreiknilíkani Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS).

Í skýrslu sendinefndar AGS í tengslum við þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands segir að aðgerðir í fjármálum hins opinbera sem byggðu að 80 prósentum á niðurskurði og að fimmtungi á skattahækkunum myndu að líkindum skila 0,25 prósentustigum meiri hagvexti á árunum 2011 til 2015 en blönduð leið sem byggði til jafns á niðurskurði og gjalda-hækkunum. Þá myndi slík leið skila 0,75 prósentustigum meiri hagvexti en leið þar sem áhersla væri meiri á aukna skattheimtu.

Vísað er til þess að stjórnvöld geri ráð fyrir því að marka stefnuna í ríkisfjármálum núna í haust.

Þá kemur fram í skýrslunni að til þess að ná markmiðum um aðhald í ríkisfjármálum til miðlungslangs

tíma verði að koma til viðbótar- aðhaldsaðgerðir sem nemi þremur prósentum af landsframleiðslu á árunum 2012 og 2013.

„Á Íslandi er breið samstaða um að í aðgerðunum eigi að vera jafnvægi milli tekjuauka ríkisins og niðurskurðar útgjalda. Mun minni samstaða er um til hvaða aðgerða eigi að grípa,“ segir í skýrslunni. Þar kemur jafnframt fram að stjórnvöld og sendinefnd sjóðsins hafi verið sammála um að ólíkar nálganir í aðhaldi í ríkisfjármálum fælu í sér ólíka þjóðhagslega niðurstöðu, með hliðsjón af séríslenskum aðstæðum.

Þannig gæti óhóflega mikil áhersla á fjármagns- og fyrirtækjaskatta sett fjárfestingu skorður, en snörp hækkun neysluskatta myndi valda tímabundinni verðbólgu, sem um leið myndi auka verðtryggðar skuldir. Þá myndi ofuráhersla á niðurskurð opinberrar fjárfestingar hafa neikvæð áhrif á fjárfestingu í einka-geira og viðvarandi langtíma-vöxt.

„Áhersla á aðhald launa og réttindagreiðslna gæti haft góð áhrif á vinnumarkaðinn, haldið aftur af launakostnaði og ýtt undir hærra atvinnustig,“ segir í skýrslu AGS. Sú leið er þó sögð kalla á áframhaldandi samstarf við verkalýðsfélög.

**Óli Kristján Ármannsson**  
oka@frettabladid.is



MÓTMÆLI AGS vekur mismikla hrifningu hjá fólki. Myndin er frá mótmælum í sumar gegn aðkomu sjóðsins hér. Fulltrúar sjóðsins segjast vera stjórnvöldum til ráðgjafar um leiðir í efnahagsmálum. Ákvarðanir séu hins vegar stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Niðurstaða aðhaldsaðgerða ríkisins næstu þrjú ár

Aðgerðir	2011	2012	2013
<b>í milljónum króna talið</b>			
Tekjur	11.000	-	-
Útgjöld	32.000	-	-
Heildaráhrif	43.000	36.000	9.500
<b>sem prósentu af þjóðarframleiðslu</b>			
Tekjur	0,6	-	-
Útgjöld	1,9	-	-
Heildaráhrif	2,5	2,0	0,5

Heimild: Skýrsla sendinefndar AGS eftir þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar.

### Þjónusta og velferðarnet á nýjum grunni

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fór yfir þróunina í afkomu ríkisins frá árinu 2004 til 2009 og áætlaða útkomu árunum 2010 til 2013 samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarpsins og langtímaáætlunar í ríkisfjármálum, á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna Hótel Nordica í gær.

Í máli hans kom fram hvernig neikvæð áhrif samdráttar í tekjum ríkissjóðs muni, þegar jafnvægi í ríkisfjármálum verður náð aftur, hafa í för með sér að það verði við talsvert lægra hlutfall af landsframleiðslu en áður. Hann sagði í þróuninni felast að aðrir málaflokkar ríkisstarfsseminnar verði að láta undan síga vegna ruðningsáhrif stórukinnna vaxtagjalda og atvinnuleysisútgjalda.

„Á hinn bóginn er ljóst að skuldir íslenska ríkisins muna halda áfram að vaxa þangað til jafnvægi hefur verið náð í ríkisrekstrinum. Við stefnumörkun í þessum efnum þarf því að horfa til mjög langs tíma, fram yfir kjörtímabil núverandi ríkisstjórnar,“ sagði Steingrímur, en áréttaði um leið að gangi eftir að aðhald verði nægilegt í ríkisútgjöldunum og hagvöxtur glæðist í þeim mæli að tekjuhlíð ríkissjóðs styrkist eins og reiknað hafi verið með, þá muni verða góður afgangur á heildaraðkomunni í lok tímabilsins. „Sá afgangur mun þá geta gengið til þess að lækka skuldastöðuna og þar með vaxtabyrðina. Samhliða því ætti að verða hægt að byggja aftur upp þjónustukerfi og velferðarnet hins opinbera smám saman, en þá á nýjum og endurskipulögðum grundvelli.“



## Sjónvarp Símans:

# Mesta úrval landsins heima í stofu

Fyrir aðeins 790 kr. á mánuði færðu opnu, íslensku stöðvarnar og þrjár erlendar. Einnig færðu SkjáBíó þar sem þú getur leigt þér þúsundir bíómyndar og auk þess séð sjónvarpsþætti og úrval efnis á 0 kr.

Fáðu þér Sjónvarp Símans í 800 700, siminn.is eða í næstu verslun.

Á siminn.is sérðu hvort þitt heimili hefur aðgang að Sjónvarpi Símans. Til að ná Sjónvarpi Símans þarf að hafa ADSL tengingu hjá Símanum.

Það er Síminn

Sjónvarp  
 Netið  
 Sími

# Buon appetito!



**TILBOÐ**  
**40%**  
afsláttur við kassa

SVÍNALUNDIR  
FERSKAR  
**1.559** kr/kg.  
Merkt verð 2.598.-

## SALTIMBOCCA SVÍNALUND MEÐ TÓMATPOLENTU fyrir 4 að hætti Rikku

800 g svínalund  
16 fersk salvíulauf  
8 hráskinkusneiðar  
1 ½ msk heilhveiti  
1 msk smjör

1 msk ólífuolía  
500 ml hvítvín  
½ kjúklinga-  
kraftsteningur

Skerið lundina niður í 8 hluta og leggið á skurðarbretti. Leggið plastþynnu yfir og berjið með kókukefli svo að sneiðarnar verði örþunnar. Raðið salvíublöðum og hráskinkusneiðum ofan á og veltið upp úr hveitinu. Hitið olíuna og smjórið á meðalheitri þönnu og steikið sneiðarnar í 3-4 mínútur á hvorri hlið. Fjarlægjið sneiðarnar af þönnunni og haldið volgum undir álpappír. Hellið hvítvíninu út á þönnuna ásamt kjúklingkraftinum og látið malla í 10 mínútur.

TÓMATPOLENTA  
150 g polenta  
1 msk ólífuolía  
1 ½ msk Ítalía  
tómatauk  
salt og nýmalaður  
pipar

Eldið polentuna samkvæmt leiðbeiningum á pakningu. Bætið tómataukinu saman við og kryddið með salti og pipar.

Kcal: 558/ 28% LDS\*  
Prótein: 50 g/ 100% LDS  
Fita: 17 g/ 26% LDS  
Kolvetni: 35 g/ 12% LDS  
Trefjar: 3 g/ 13% LDS  
Magnesíum: 132 mg/ 33% LDS  
Járn: 4.3 mg/ 24% LDS  
\*Hlutfall leiðbeinandi dagsskammts (LDS) miðast við 2000 Kcal orkuþörf.

**TILBOÐ 35%**  
afsláttur við kassa

LAMBALÆRI  
FERSKT  
**1.364** kr/kg.  
Merkt verð 2.098.-

**TILBOÐ 35%**  
afsláttur við kassa

LAMBAHRYGGUR  
**1.494** kr/kg.  
Merkt verð 2.298.-

**TILBOÐ 30%**  
afsláttur við kassa

NAUTAHAKK  
ÓÐALS  
**998** kr/kg.

**TILBOÐ 30%**  
afsláttur við kassa

HAMBORGARAR  
2 X 175g STK.  
**475** kr/pk.  
Merkt verð 679.-

## NÝTT Í HAGKAUP Dr. Oetker pizzur



**20%**  
afsláttur v/kassa

**20%**  
afsláttur v/kassa

**20%**  
afsláttur v/kassa

**NÝTT**

Cirio tómátvörur – ekta ítalskar vörur

Lavazza kaffipúðar – hágæða ítalskt kaffi

Lavazza kaffi – espresso og quality oro

Fiorucci pasta máltíð – tortelloni + pestó/sósa + ostur

**20%**  
afsláttur v/kassa

**20%**  
afsláttur v/kassa

**NÝTT**  
frábært verð!  
**899** kr/stk.

**20%**  
afsláttur v/kassa

Sacla – úrval af tómátvörur

Sacla – úrval af pestói og mauki

IL GENIO ólífuolía – frá Toscana héraði

De Cecco pasta – ítalskt pasta



Gildir til 24. október eða á meðan birgðir endast.

# Ítalskir dagar



**Copaim ferskt pasta**  
- eðal pasta fyrir sælkerá

**NÝTT**



Ekta ítalskt álegg

**Copaim antipasta**  
- blandaðar ólífur  
- fylltar ólífur  
- balsamik laukur  
- marineraðar ansjósur  
- sólþurrkaðir tómatar  
- marineraður kolkrabbi



**NÝTT**

ítalskir sælkerá ostar



**TILBOÐ 25%**  
afsláttur við kassa

ÍTALSKAR KJÚKLINGALUNDIR  
**1.871** kr/kg.  
Merkt verð 2.495.-

**TILBOÐ 31%**  
afsláttur við kassa

HVERSDAGSSTEIK M. SÖLP. TÓMÖTUM  
**593** kr/kg.  
Merkt verð 859.-

LASAGNE FROSID  
**898** kr/kg.  
Merkt verð 998.-

STÓR HUMAR SÉRVALLINN  
**3.449** kr/kg.

Ítalíu vörulínan samanstendur af hágæða ítölskum vörum sem eru sérvaldar fyrir þig. Þær endurspeglar allt það besta sem ítalska eldhúsið hefur upp á að bjóða.

**ITALIA**  - allt það besta! beint frá Ítalíu



**Ítalía olíur** – hvítlauksolía, ólífuolía  
**Ítalía pasta** – þurrkað gæða pasta  
**Ítalía pestó** – 3ja lita, rautt og grænt  
**Ítalía pastasósur og tómatar** – ómissandi

**NÝTT**

**TILBOÐ 259** kr/stk.

**Pizzabrauð** – nýbakað

**Knorr pastasósur** – margar tegundir

**Filippo Berio olíur** – Lemmon, Basil og Garlic

**NÝTT**

**Gallo risotto** – ítalskt risotto

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

VIÐTAL: Lára Björg Björnsdóttir

# Útrásarvíkingar eru fyrirtaks blóraböggjar

Einn vinsælasti pistlahöfundur landsins, Lára Björg Björnsdóttir, hefur heillað lesendur með bráðfynnum pistlum þar sem hún sjálf er í aðalhlutverki. Hún kann samt illa við athygli og reiknaði ekki með að neinn myndi lesa skrif sín í upphafi segir hún í spjalli þar sem einhverfa, matur og Ameríka koma við sögu.

„Þetta byrjaði þannig að Bryndís Ísfold [þáverandi ritstjóri vefritsins Miðjunnar] bað mig um að skrifa pistla á Miðjuna, sá fyrsti birtist síðla árs 2009. Svo það er eiginlega henni að þakka að ég fór að skrifa, ég hafði ekkert verið að skrifa áður að ráði. Mér fannst ég reyndar ekki hafa mikið að segja, en svo fékk ég góð viðbrögð við einum af fyrstu pistlumum, sem hét Takk útrásarvíkingar og sagði frá því þegar ég og vinkonur mínar vorum að hamstra í hrúnu.“

Takk útrásarvíkingar er einmitt heiti á væntanlegri bók Láru sem byggir á pistlum hennar á Miðjunni en segja þó í lengra máli frá henni og hennar lífi. Eftir að bókin fór í prentun hóf hún pistlaskrif á Pressunni: „Útrásarvíkingarnir eru fyrirtaks blóraböggjar fyrir allt sem fer úrskaiðis. Ég byrjaði að þakka þeim þegar ég leit eitt sinn inn í tóman ísskáp þegar kreppan var nýskollin á, en þá hafði ég einmitt ekki tímt að kaupa mér neitt að borða,“ segir Lára sem hefur þakkað útrásarvíkingunum æ síðan í lok hvers pistils, og gerir það í bókinni sinni.

## Ungfrú 10. bekkur

Lára hafði ekki leitt hugann að því að skrifa bók. „Þetta kom frekar óvænt upp og mér líður stundum eins og einhverjum sem hefur lokið 30 einingum í læknisfræði og er nú á leið inn á skurðstofuna,“ segir Lára og heldur áfram. „Ég skrifa mikið um sjálfa mig en treysti því jafnframt í byrjun að



ALLIR FÁI JÖFN TÆKIFÆRI Allir stjórnmalamenntu ættu að prófa hvernig er að eiga barn með sérþarfir að mati Láru Bjargar. „Eða hvað með að prófa sjálfir að vera barn með sérþarfir í einn dag?“

enginn myndi lesa pistlana. Reyndar finnst mér athygli mjög óþægileg, ég er bæld og spéhædd, sem er algjör mótsögn við það að ég skrifa bara um sjálfa mig, þetta er svo egósentrikt að það hálfra væri

nóg,“ segir Lára og bendir á forsiðu bókarinnar, sem sýnir hana í hlutverki fegurðardrottningar, með kórónu, borða og sprota að sjálfsögðu en eins og hún minnst á reglulega í pistlum sínum var hún ungfrú 10. bekkur í Árbæjarskóla.

Forsíðan er lýsandi fyrir hómur Láru, sem er kaldhæðinn og grínið er oft á hennar kostnað.

„Lífið er bara bæði myndi og erfitt og það væri ekki hægt að standa í þessu nema með gríni, ókei það er kannski smá vörn í þessu, ég ríf mig alltaf niður í skrifunum, vil kannski verða fyrri til þess að gera það en einhver annar.“

## Er algjör Kani

Lára Björg eyddi bróðurpartí æsku sinnar í Árbænum, hún bjó í Seláshverfinu ásamt foreldrum sínum, Birni Ragnarssyni tannlækni og Ragnheiði Margréti Guðmundsdóttur, íslenskufræðingi og kennara, og Birnu Önnu, eldri systur sem einnig hefur skrifað bækur, til að mynda bókina Dís sem síðar varð að kvikmynd.

Áður en fjölskyldan settist að

í Árbænum bjó hún þó þrjú ár í Chicago þar sem faðir hennar var í framhaldsnámi. „Ég er markeruð fyrir lífstíð af þeirri reynslu, ég er algjör Kani, elska Bandaríkin og hef farið þangað margo,“ segir Lára Björg sem lýsir því fjálglega í bókinni hvernig æskunni í Bandaríkjunum gerðu hana fráhverfa heilsufæði, þar sem fátt annað var á boðstólum á heimili hennar en hollustufæði. „Ég mæli ekki með þessari uppeldisáferð,“ segir hún og hlær. Foreldrar hennar, og aðallega faðir, koma þónokkuð við sögu í frásögnum Láru sem segist ekki færa neitt í stílinn þegar kemur að frásögnum af föður sem er síhringjandi í dóttur sína með ýmis misgöð ráð til að komast í gegnum daginn.

Eftir grunnskólaár í Árbænum lá leiðin í MH, þar sem kórinn heillaði og stóra systir var fyrir. „Ég geri allt eins og stóra systir, ég hringi stundum í hana til að spyrja hvað mér á að finnast um einhver mál,“ segir Lára sem í framhaldinu tók BA-próf í sagnfræði, reyndar fyrir misskilning.

„Þabbi átti að skrá mig í sálfræði en misskildi mig eitthvað og skráði mig í sagnfræðina þar sem mér líkaði reyndar mjög vel.“

Stuttu eftir útskrift sá Lára auglýsingu þar sem auglýst var eftir ritara hjá utanríkisþjónustunni, sótti um og fékk starfið. Það bar hana til Brussel en hún flutti heim með son sinn þegar hann greindist með einhverfu árið 2005.

## Berst fyrir soninn

Lára segir eiginlega ekki hægt að útskýra hvernig tilfinning það er að eiga barn með frávik í þroska. „Það verður ekkert eins eftir það. Ég var reyndar mjög fegin þegar hann fékk greiningu, það var léttir og þýddi að hann fór að fá umönnun við hæfi. En þetta er ekki létt, þetta er mikil vinna en ég hef alltaf farið fram á að hann fengi þá umönnun sem hann á rétt á. Þegar hann var að fara að hefja skólagöngu þá mættu mér hindranir í hverfisskólunum, Melaskóla. Mér var sagt að þetta myndi aldrei ganga. En þeir hjá Greiningarstöðinni sögðu að hann ætti að geta fylgt félögum sínum úr leikskólanum og ég barðist fyrir því. Það getur tekið á að berjast fyrir barnið sitt því þetta ristir svo djúpt og tekur endalaust á. Þegar ég er kannski að þylja upp kennitöluna hans á Tryggingastofnun eða öðrum stofnunum þá er ég stundum næstum farin að gráta áður en ég veit af. Því hann er auðvitað barnið mitt og enginn getur staðið mér nær.“

Niðurskurður í málefnum sem tengjast börnum með ýmiss konar sérþarfir er því ekki ofarlega á vinsældalista Láru. „Ég verð svo ofsalega reið þegar ég heyrri um niðurskurð í þeim efnum. En stuðningur við þessi börn er grunnforsenda þess að þau nái að þroskast og verði sjálfstæð síðar meir. Ég held að allir vilji búa í samfélagi þar sem tækifærin eru jöfn. Mér finnst reyndar að allir stjórnmalamenntu þurfi að prófa að eiga barn með sérþarfir. Eða hvað með að prófa sjálfir að vera barn með sérþarfir í einn dag? Við foreldrarinn erum ekki að fara fram á einhverja lúxus- eða sérþjónustu heldur ósköp venjulega hluti sem börnin okkar eiga fullan rétt á.“

Lára segir skólagöngu sonar síns hafa gengið framur vonum. Niðurskurðurinn bitnar þó með lúmskum hætti á syninum og skólafélögum, bekkir hafa verið stækkaðir og nú er hann í 26 barna bekk. Kreppan hefur líka bitnað á Láru að því leyti að hún missti sjálf vinnuna síðastliðið vor. Hún kvartar samt ekki yfir atvinnuleysisinu. Hingað til hefur hún unnið ýmis störf, „aðallega skrifstofustörf, ég er ógeðslega góður ritari,“ segir hún og brosir. „Ég hef svo gaman af því að verkenna mér að það er fínt að hafa þetta sem afsökun. Þó ég hafi ekki fasta vinnu er nóg að gera í skrifunum í bili. Ég hef líka verið í vinnunni allt mitt líf, mér finnst fínt að koma aðeins upp núna og anda.“

# ÚTSÖLULOK

ÚTSÖLUNNI Í MIÐHRAUNI 2  
LÝKUR UM HELGINA

70%

AFSLÁTTUR  
AF VÖLDUM VÖRUM

EKKI MISSA AF ÞESSU!  
KOMIÐ OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP  
FYRIR DÝRIN YKKAR

## DÝRARÍKIÐ

...fyrir dýravini!

Dýrariðið Miðhrauni 2, stærsta og glæsilegasta gæludýraverslun landsins (við brúna á móti Ikea)

Dýrariðið Miðhrauni 2    Ópni virka daga 11-18    Laugardaga 12-18    Sunnudaga 12-18    dýrariði@dyrariði.is    Sími: 568 66 68

## Lögreglan í vinnunni

Bókin Takk útrásarvíkingar hefst þegar óeirðalögreglan er mætt á vinnustað Láru Bjargar vegna sprengjuhótunar í janúar 2009. Hér er gripið niður í fyrsta kafla: „Þegar ég keyrði heim úr vinnunni þennan dag var ég með sjúka órauveruleika-tilfinningu. Hvernig er bara hægt að sækja barnið í skólann, rista tvær brauðsneiðar, setja í nokkrar þvottavélur og horfa á fréttir eftir svona dag? Hver hefði trúað því fyrir nokkrum mánuðum að óeirðasveit lögreglunnar yrði með heræfingar fimm metra frá skrifborðinu mínu í þeim tilgangi að vernda mig og aðra starfsmenn fyrir æstum múg? Ég horfði á húsin á leiðinni heim í Vesturbæ. Engar rjúkandi rústir eins og eftir sprengjuárásir eða fólk gangandi um göturnar betlandi mat. Þess í stað sá ég góðborgara skokkandi, fólk að spúla bílana sína við N1, aðra að viðra smáhundana sína og fyrir utan Melabúðina var sama umferðaröngþveitið og venjulega enda tilboð á kanínukjöti.“ Bókin kemur út í lok október.



# LÆGRA VERÐ en HVAD?



ALIBERT Salerni með stút í gólf og setu  
Tilbúð til tengingar

**18.900**



VITRA  
QUALITY

VITRA S50 handlaug 60 cm

**4.790**



FLOW®

WC kassi kr. 16.900  
Sturtuhappur kr. 1.995



WHIZZY salerni  
þýsk gæðavara

Allt settið

**29.900**



VEMAR handlaugartæki

**3.790**



JJ TOOLS Borvélasett

**1.995**



Black&Decker háþrýstidæla 110 bar

**13.900**



DEKACRYL 7 innimálning 10L  
allir ljósir litir

**4.790**



Gæða rúllusett

**795**



Dregill 66 cm

**1.495** pr.m

Margar stærðir og gerðir  
af dreglum



Stálvaskur 43x76 cm

**6.990**



Hitablásari 2 Kw

**1.995**

Mikið úrval hitablásata



Bílskúrsflís, ljósgrá 33x33cm - Frostheld

**1.790** kr. pr. m<sup>2</sup>



8.3mm

Gæða plastparket eik, 1220x195x8.3mm

**1.295** kr. pr. m<sup>2</sup>




Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

**3.690** kr. pr. m<sup>2</sup>



MELLERUD hreinsiefni  
fyrir parket 1L

**1.495**



Veggflís, hvít 20x25cm

**1.475** kr. pr. m<sup>2</sup>

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM



Gólfflísar 30x30cm á þvottahús,  
geymslur og bílskúra

**1.190** kr. pr. m<sup>2</sup>

Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16  
Kópavogur Smiðjuvegur 72. GRÓFVARA Opið virka daga kl. 8-18  
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14  
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14  
Húsavík - Flúðir - Vestmannaeyjar  
Flísa & Bað markaðurinn Bæjarlind 6. Kópavogi



**MURBÚÐIN**

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Skottur safna fyrir Stígamót.

## Setjum öll upp kynjagleraugu

**P**jónusta við konur og karla sem hafa mátt þola kynferðislegt ofbeldi sem og þjónusta við konur sem búa við ofbeldi í nánnum samböndum fer að langstærstum hluta fram á vegum félagasamtaka og grasrótahreyfinga. Þarna eru fyrirferðarmest annars vegar Stígamót sem sinna konum og körlum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og hins vegar Samtök um kvennaathvarf sem reka Kvennaathvarfið þar sem tekið er á móti konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka. Bæði þessi samtök fá framlag frá ríki og sveitarfélögum en rekstur athvarfa þeirra er á ábyrgð þessara hreyfinga og samtaka.

### SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir  
steinunn@frettabladid.is



Þar er því iðulega þröngt í búi, ekki síst vegna þess að erfitt getur verið að sjá fyrir um þörfina á þjónustu frá ári til árs og jafnvel mánuði til mánaðar. Fyrir skemmstu kom til dæmis fram að í kjölfar umræðunnar um kynferðislegt ofbeldi kirkjunnar manna hefði þeim konum

sem leituðu til Stígamóta fjölgað verulega. Hér verður nefnilega að gæta þess að margir þolendur kynferðislegs ofbeldis hafa byrgt óbærilega reynslu inni um langt skeið áður en þeir áréða að leita sér hjálpar við að vinna úr henni.

Kvennaathvarfið er eingöngu til staðar í höfuðborginni en á Akureyri njóta þolendur kynbundins ofbeldis þjónustu frá Aflinu sem einnig er rekið af félagasamtökum og á Ísafirði gegna Sólstafrí svipuðu hlutverki.

Stígamót veittu til skamms tíma þjónustu á sjö stöðum utan höfuðborgarsvæðisins en eftir efnahagshrunið þurftu samtökin að loka þessum þjónustumiðstöðvum vegna fjárskorts.

Til að bæta úr því og einnig til að flytja starfsemi Stígamóta í stærra húsnæði og veita þjónustu allan sólarhringinn, meðal annars með opnun athvarfs fyrir konur sem vilja brjótast út úr mansali og vændi, efna Skottturnar til landssöfnunar nú um helgina. Markmiðið er að stórauka og bæta þjónustu Stígamóta. Þjóðinni gefst þá kostur á að styðja við starfsemi Stígamóta með því að kaupa barmmerki með kynjagleraugum fyrir þúsund krónur. Bleika og bláa glerið í kynjagleraunum hafa þá fallegu og táknrænu merkingu að minna á að bæði kyn eiga að taka ábyrgð á kynferðisofbeldi.

Það er afar brýnt að Stígamót geti að nýju þjónað þolendum kynferðislegs ofbeldis víða um land. Hitt verkefnið er ekki síður brýnt að hægt sé að leita til Stígamóta allan sólarhringinn og að athvarfi fyrir konur sem vilja brjótast út úr vændi og mansali, og vaxandi þörf er fyrir, verði komið á fót.

Konur í vændi og þolendur mansals er hópur sem var algerlega falinn þar til fyrir fáeinum misserum. Nú er hins vegar orðin dagljós nauðsyn þess að þessum hópi standi til boða þjónusta sem sérstaklega er sniðinn að þörfum hans.

Það er svo í anda þeirrar sömu kvennasamstöðu sem liggur að baki bæði Stígamótum og Kvennaathvarfinu að markmið Skottanna er ekki aðeins að safna fé til að unnt verði að auka og bæta starf Stígamóta heldur einnig að manna að einhverju leyti þá starfsemi með sjálfbodastarfi.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Happy hour

Þingkonum hefur borist boð um að mæta á léttan fund á fimmtudaginn kemur (á „happy hour“) á Hótel Nordica og ræða það hvort stjórn-málamenn geti átt samleið með viðskiptalífínu. Það eru samtökin LeiðtogaAuður sem standa fyrir fundinum. Þau berjast fyrir því að efla tengsl kvenna í leiðtoga- og stjórnun-arstörfum á Íslandi.

#### Ekkert svona

Forvitnilegt verður að sjá hvaða þingkonur láta sjá sig. Ein hefur hins vegar afboðað sig með stæl. Það er Margrét Tryggvadóttir,




Hreyfingunni. Hún sendi samtökun-um póst um hæl og lét afrit fylgja með til fjölmiðla. Margrét vísar í svari sínu í ekki ómerkara rit en skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, þar sem segir: „Leita þarf leiða til þess að draga skýrari mörk á milli fjármála-lífs og stjórnmála. Ekki er liðandi að gæslumenn almannahagsmuna gangi erinda einkafyrirtækja með þeim hætti sem gert var í aðdrag-anda bankahrunsins.“ Í ljósi þessa sér Margrét sér ekki fært að hitta hóp kvenna, fá sér öl eða latté og spjalla um samstöðu þeirra í stjórnmálum og viðskipta-lífi. Sumir eru einfald-lega ekki til sölu.

#### Fornaldarráðuneytið

Jón Bjarnason hældi nýráðnum undirmanni sínum, Bjarna Harðarsyni, á hvert reipi í fréttum í gær. Enginn í víðri veröld væri hæfari til að gegna starfi upplýsingafulltrúa ráðuneytis-ins en Bjarni, sem hefði skrifað svo ægilega mikið í gegnum tíðina um landbúnað og sjávarútveg. Áhugi þeirra tveggja á málaflökunum er því áþekkur. En Bjarni er líka „óforbetranlegur fornaldar-dýrkandi“ að eigin sögn, eins og sjá má á bloggsíðu hans. Skyldi sú staðreynd hafa vegið þungt í hæfnismatinu?  
stigur@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Hvaða „einkavæðing“?

### Orkumál



Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarfram-kvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

**E**va Joly, þingmaður Græningja á Evrópuþinginu og frambjóðandi í frönsku forsetakosningunum, segir á blaðamannafundi hérlendis að snúa eigi við þeirri þróun að einkaaðilar eignist hér orkuauðlindir. Hún spyr hvers vegna Íslendingar ættu að setja orkulindir í einkaeigu. Þetta kallar á aðra spurningu: Hvar er verið að einkavæða orkulindir á Íslandi í dag? Getur einhver nefnt dæmi um slíka þróun, eða svo mikið sem einhverja talsmenn hennar? Fyrir rúmlega tveimur árum var það raunar bundið hér í lög að orkuauðlindir í eigu opinberra aðila mætti eingöngu selja öðrum slíkum, eða fyrirtækjum í eigu opinberra aðila. Þessi umræða snýst þess vegna ekki um neitt.

Joly vill jafnframt stöðva kaup Magma Energy á HS Orku, og virðist af fréttum að dæma telja að þar hafi erlent fyrirtæki keypt orkuauðlindir á Reykjanesskaga. Svo er ekki, líkt og margoft hefur komið fram. HS Orka leigir afnotarétt af auðlindum í eigu sveitarfélaga og greiðir þeim auðlin-dagjald fyrir þann aðgang. Kaup Magma á meirihluta í HS Orku hafa hins vegar þegar farið fram og hafa jafnframt ítrek-að verið úrskurðuð lögmæt viðskipti af opinberum aðilum. Þá fylgdist Orkustofnun með því að við nýtingu auðlindanna sé

fylgt skilmálum virkjunarleyfis og hefur stofnunin víðtækar heimildir til að bregð-ast við hugsanlegum frávikum ef þurfa þykir. Enginn hefur þó jafn ríka hagsmuni af góðri umgengni við þessar auðlindir og fyrirtækið sjálft.

Athygli vekur að Joly, sem gegnt hefur hlutverki ráðgjafa við íslenskt saksóknara-embætti, lýsti því yfir að væri hún ríkis-

„Parna var stjórn-málamaðurinn Eva Joly að tala. Ekki saksóknari, ekki lögmaður.“

saksóknari hér myndi hún hefja sakamála-rannsókn á fyrrgreindum viðskiptum, sem þegar hafa ítrekað verið úrskurðuð lögmæt af opinberum aðilum. Um leið kom fram að á umræddum blaðamanna-fundi væri Joly fyrst og fremst að tala sem áhugamanneskja um orkumál og að hún gæti ekkert fullt um sumt af því sem hún teldi vera tilefni til rannsókna. Þarna var stjórnmalamaðurinn Eva Joly að tala. Ekki saksóknari, ekki lögmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ  
ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FOOD SUPPLEMENT

Asphalia®  
for natural sleep

A blend of dry-milled wheat and barley leaves

30 capsules

Asphalia - Náttúrulegur svefn  
Fæst í apótekum og heilsubúðum

# Hugleiðingar um stöðu OR

**Orkuveitan**

**Kristinn Gíslason**  
formaður starfsmannafélags OR og deildarstjóri dælu- og fráveitustöðva



kemur að fyrirtækinu er þörf fyrir hækkun upp á 28% og grípa þarf til mikils niðurskurðar og uppsagna á starfsfólki.

Spurningin er hvað veldur slíkum viðsnúningi á þessum skamma tíma. Mér finnst þetta lýsa því að einhverjir séu að segja ósatt og vil ég velta ábyrgðinni á stjórnarmenn.

Annað mál: var ekki fyrirtækinu rænt innanfrá af eigendum svipað og bönkunum? Þegar hlutur OR í Landsvirkjun var seldur (allt of ódýrt) fyrir 30 milljarða þá fóru þeir aurar beint í borgarkassann.

Við sameiningu fyrirtækja OR

þá menn sem voru í æðstu stöðum fyrirtækisins og tóku þátt í stjórn þess (hluti þessara manna fékk sérstaka kaupréttarsamninga þegar REI var stofnað og ætluðu að græða milljónir). Starfsmönnum finnst eitthvað bogið við þetta. Það er ekki verið að nýta sér krafta þeirra manna sem koma beint að rekstri og fá hjólin til að snúast. Að vísu er búið að halda röð funda með starfsmönnum og sagt er að nota eigi tillögur frá þeim við endurskipulagningu fyrirtækisins, en þetta er aðferðafræði sem gott er að nota þar sem hópur A veit ekkert hvað hópur B lét frá sér fara, þannig að



Mér finnst að þeir stjórnarmenn er nú sitja í stjórn og voru í fyrrverandi stjórn ættu að sjá sóma sinn í því að hverfa á braut, og biðjast afsökunar.

(hitaveitu, vatnsveitu og rafmagnsveitu) á sínum tíma komu misfróðir hagfræðingar og sögðu eiginfjárstöðu fyrirtækisins allt of mikla og gefið var út skuldabréf upp á 10 milljarða sem runnu beint í borgarsjóð.

Síðan var borgin í vandræðum með fráveituna og hvað var gert? Jú, OR var látin kaupa hana fyrir um 22 milljarða.

Þá kem ég að öðru máli: Þessum 13 milljörðum sem borgin hefur tekið til hliðar vegna hugsanlegra vandræða við fjármögnun OR ætti borgin í raun og veru að skila fyrirtækinu þar sem hún tók á sínum tíma út þetta fjármagn sem ég skýrði hér á undan.

Núna við endurskipulagningu fyrirtækisins er verið að notast við

stjórnendum er í lófa lagið að segja við starfsfólk þegar þeir fara að endurskipuleggja að þeir séu bara að framkvæma þær tillögur sem komu frá starfsmönnum.

Þetta er klók stjórnun!


Mér finnst að þeir stjórnarmenn sem nú sitja í stjórn og voru í fyrrverandi stjórn ættu að sjá sóma sinn í því að hverfa á braut, og biðjast afsökunar á því hvernig komið er fyrir starfsmönnum sem verða að kveðja og hafa ekkert að hverfa til nema atvinnuleysisbætur.

Það eina sem ég veit varðandi uppsagnir er að þeir stjórnendur sem í dag ráða ríkjum hjá OR ætla að fara mjög mildum höndum um þá sem verða látnir fara, og aðstoða þá eins og hægt er varðandi atvinnuumsóknir og fleira.

# Eyjafjörður á lífi – samt er ekkert álver

**Atvinnumál**

**Svar Gestsson**  
fyrrverandi ráðherra



álver á Reyðarfirði og Kárahnjúka-flokkarnir hafa sinn sess í Íslands-sögunni. Ekki voru það ráðherrar Alþýðubandalagsins eða Vinstri grænna sem stoppuðu þessar stórkostlegu framfarir fyrir Eyfirðinga. Hryðjuverkakonan í umhverfisráðuneytinu var ekki komin til starfa. Af hverju reis þá ekki álver í Eyjafirði – 20 álver á Íslandi sagði einn af talsmönnum Sjálfstæðisflokksins um 1970. Það var þeirra álkædda framtíðarsýn. Hvar var Landsvirkjun 1990, stjórnað þá og lengi síðar þar til nú af Sjálfstæðisflokknum? Það er næsta öruggt að Sjálfstæðisflokkurinn og meðhjálparar hans hefðu látið reisa öll þessi álver ef áhringarnir hefðu haft áhuga á því. Þökk sé áhugaleysi áhringanna og einni og einni vinstri stjórn fyrir að það var ekki gert.

Það var aðalfyrirsögn risastór á forsíðu Tímans 17. maí 1990: „Þeir treysta á álver til bjargar Eyjafirði.“ Sagt var frá 400–500 manna fundi sem haldinn var á Akureyri sem krafðist álvers þegar í stað. Inni í blaðinu er opna sem segir frá fundinum. Málið minnir á álversumræðuna þessa dagana á Húsavík og Helgúvík. Það fer illa með byggðarlögin að biða eftir álverum. Á meðan gerist ekkert. Akureyri ákvað að hætta að biða eftir álveri og sjá: 20 árum seinna er Akureyri samt til og Eyjafjörður. Hvernig stóð á því að Eyjafjörður lifði það af að fá ekkert álver?

Tíu árum seinna er enn verið að tala um að leysa allt með álverum og þá skrifaði kona í Fréttablaðið og spurði sömu spurninga og við hin spyrjum þessa dagana. Kristín Helga Gunnarsdóttir spurði í Fréttablaðinu:

„Dettur mönnum ekkert annað í hug en álver: Nú eru tímar skyndilausna. ...Álið mun bjarga byggðinni hringinn í kringum landið frá því að líða undir lok. ... Fleiri stóriðju-draumar leynast sjálfsagt í þussi hugmyndaauðugra ráðamanna og vel má vera að þetta sé aðeins toppurinn á ísjakanum í álkæddri framtíðarsýn fyrir Ísland.“

Var Sjálfstæðisflokkurinn á móti því að byggja álver í Eyjafirði – spurt er af því að hann stjórnaði landinu frá 1991? Hann byggði

í eyði? Umræðurnar um álver í Eyjafirði jukust um allan helming þegar Sovétríkin hrundu af því að iðnfyrirtækin á Akureyri höfðu markað fyrir vörur sínar í Sovétríkjunum. Nei, Eyjafjörður er ekki í eyði. Þar hafa menn snúið sér að uppbyggingu fjölbættrar atvinnustarfsemi. Háskólinn er kórónan á sköpunarverkinu og þessa sömu daga og rætt var um álver í Eyjafirði vorum við að opna sjávarútvegsbraut við Háskólann á Akureyri.

Er hægt að læra eitthvað af þessu?

Glöggur kunningi minn benti mér á þetta í gær: Álversumræðan núna er eins og um álverið í Eyjafirði, sagði hann. Er ekki rétt að rifja það aðeins upp. Það hefur verið gert hér.

## NJÓTUM HAUSTSINS

**frábært verð!**



**3 erikur 890kr**

**frábært verð!**



**3 callunur 990kr**

**25% afsláttur**



**Allir haustlaukar**

**20% til 50% afsláttur**



**Öll kerti**



**Meinholla Magga hrákaka 350kr**



**Ís 100kr**



**Sykursæta Sandra 300kr**

**spíran um helgina**



**GARDHEIMAR**

**heimur skemmtilegra hluta og hugmynda**  
Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 12 X 60 ml

**398**  
KR. 12 STK



ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 8 X 120ml

**498**  
KR. 8 STK



LÚXUS-ÍSPINNAR 3 X 120 ml

**298**  
KR. 3 STK

## FRÁBÆRT VERÐ Á EUROSHOPPER ÍS



NÝJAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR

**98**  
KR. Kg



MS HLEDSLA 250ml

**157**  
KR. 250ml



EMMESS GRJÓNAGRAUTUR 500g

**195**  
KR. 500g



**EUROSHOPPER ER KLÁRLEGA ÓDÝRASTI VALKOSTURINN**



EMMESS SKAFÍS NÚ 33% MEIRA MAGN 2 LTR.

**598**  
KR. 2 ltr.



BERTOLLI VIÐBIT 500g

**198**  
KR. 250g



MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g

**129**  
KR. 385g



EUROSHOPPER SYKUR 1000g

**195**  
KR. 1000g



RÚÐUVÖKVI 5 LTR. FROSTPOL MINUS 9C

**495**  
KR. 5 ltr.



CLEAN AND FRESH UPPVOTTLÖGUR 625ml

**125**  
KR. 625ml



GILLETTE FUSION RAKGEL 200ml

**598**  
KR. 200ml



BÓNUS LÝSI 500ml

**398**  
KR. 500ml

**20% MEIRA SAMA VERÐ**



ÍSÍO4 MATAROLÍA 20% MEIRA 1.2 LTR. FLASKA

**495**  
KR. 1.2 ltr



EUROSHOPPER HVEITI 1000g

**95**  
KR. 1000g



EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500g

**69**  
KR. 500g



HARPIC WC HREINSIR 750ml

**298**  
KR. 750ml



NICKY WC 12 RÚLLUR

**698**  
KR. 12 RÚLLUR



HEAD&SHOLDER SJAMPÓ EXTRA VOLUME

**598**  
KR. 400ml

AFGREIÐSLUTÍMI  
FÖSTUDAGUR  
10:00-19:30

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veititungda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklúbbur

# BONUS BONUS BONUS BONUS B



NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

Sérskorið ferskt lambalæri  
Efsti hluti mjaðmabeins og  
rófubeinið er skorið frá og  
því er meira kjöt  
og minna bein



**1298**

KR. kg

ÍSLANDSLAMB: SÉRSKORIÐ OG KRYDDAÐ LAMBALÆRI

Ferskt sérpakkað lambalæri  
af nýslátruðu haustið 2010  
frá Kaupfélagi  
Skagfirðinga



**1298**

KR. kg

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA: SÉRPAKKAÐ FERSKT LAMBALÆRI



NAUTA  
Veisla  
Ferskt hakk



NAUTA  
Veisla  
Ferskt hakk

**898**

KR. kg



NAUTA  
Veisla  
Ferskt hakk

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK



**998**

KR. kg

ALI BAYONNESKINKA 1. FLOKKUR



ALGJÖRT  
SÆLGÆTI

**298**

KR. 500g

AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR 500g



**998**

KR. kg

BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR



**259**

KR. 300g

GÓÐKAUP SUÐSÚKKULADI 300g



**159**

KR. 500g

MH SMJÖRLÍKI 500g



Samlokuostur í sneiðum  
frá Osta og smjörslunni  
Nú með **25% afslætti**  
**1157 kr./kg.**  
Merkt verð 1542 kr./kg.



**169**

KR. 2 ltr.



**169**


KR. 2 ltr.



**98**

KR. 6 stk

EUROSHOPPER BRAUÐ BAGUETTE OG  
RÚNSTYKKI BRAKANDI FERSK  
EFTIR AÐEINS 8-10 MÍN Í OFNINUM



**98**

KR. 2 stk



**398**

KR. 500g

KJARNA KÓKOSOLÍA 500g

NÝTT Í  
BÓNUS  
NÝTT Í  
BÓNUS

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veitutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarkúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI  
FÖSTUDAGUR  
10:00-19:30

# Að tala sig til athafnaleysis

## Ferðapjónusta

Ragnar Sverrisson kaupmaður



Á lveg varð ég steinhissa þegar vinur minn Edward H. Huijbens sagði aðspurður í sjónvarpsviðtali, í tilefni þeirra gleðitíðinda að byggja ætti nýtt og glæsilegt hótél hér á Akureyri, að ekkert benti til þess að ferðamönnum myndi fjölga í bænum á næstunni. Því væri hið mesta óráð að standa í þessari uppbyggingu enda kæmi það bara niður á þeim sem fyrir væru í hótélrekstri. Með þessum línunum vil ég koma því á framfæri að ég og margir Akureyringar sem ég hef talað við erum algjörlega ósammála þessu viðhorfi og teljum slíka neikvæðni eina helstu ástæðu þess að okkur tekst ekki sem skyldi að efla atvinnulífið og fjölgna störfum í okkar góða bæ.

Ein þeirra atvinnugreina sem mestar vonir eru bundnar við er ferðaiðnaðurinn. Ýmislegt hefur verið gert til að efla hann og nægir að minna á lengingu flugbrautarinnar, umbætur við höfnina fyrir skemmtiferðaskip, nýjan alþjóðlegan íþróttavöll, glæsilega aðstöðu í Hlíðarfjalli sem fólk þyrpist til á veturna og síðast en ekki síst menningarmiðstöðina Hof, sem opnar mikla möguleika á alþjóðlegum ráðstefnum og listviðburðum allan ársins hring. Allt eru þetta góðar grunnstöðir til enn frekari sóknar, sem auðvitað verður að samræma og skipuleggja með

öflugri markaðssókn í Evrópu og víðar. Vitað er að áhugi er mikill, til dæmis í Þýskalandi, að fljúga beint til Akureyrar og þaðan aftur til baka eftir að hafa notið bæjarins, nágrannabyggðanna og hinnar óviðjafnanlegu náttúru Norðurlands. En þrátt fyrir allt þetta er ein alvarleg hindrun sem ryðja þarf úr vegi áður en lengra er haldið. Það er skortur á hótélrymi. Ég hef ekki tölu á því hversu oft ýmsir hópar, innlendir og erlendir, hafa þurft frá að hverfa vegna skorts á hótélplássum á Akureyri.

Svona er ástandið í dag og því hafa þjónustufyrirtæki á þessu sviði séð tækifæri í því að bæta við hótélum og leggja til þess fram eigin fjármuni – ekki opinbera. Þetta er auðvitað mikið gleðiefni og forsenda þess að eitthvað þýði að auglýsa bæin sem ferðamanna- og stefna að stóraukningu á því sviði næstu ár og áratugi. Að rýna ofan í tölur gærdagsins þegar verið er að horfa til framtíðar í þessum efnunum er ekki boðlegt; ungt og menntað fólk á að hafa víðari sjóndeildarhring en það. Sjálfur hef ég þá trú að ferðaiðnaðurinn muni færa bænum mínum mikinn fjölda starfa í viðbót við þau sem fyrir eru. En þá verðum við líka að vinna skipulega að því að hrinda úr vegi fyrirstöðum og flöskuhálsunum hjá okkur sjálfum um leið og markaðsstarfið erlendis verður styrkt til muna. Enn fremur þarf að losna við það íhaldssama viðhorf að fleiri geti ekki komið að verki og stækkað kökuna, aukið veltu og fjölgað störfum í blómlegri atvinnugrein við ysta haf.

# Opið bréf til Guðbjarts Hannessonar


## Menntamál

Gabriela Unnur Kristjánsdóttir

hagsmuna- og lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs HÍ

Sigurður Kári Arnason

fulltrúi Stúdentaráðs HÍ í stjórnum LÍN



Í viðtali á Bylgjunni þann 4. október sl. lýstir þú yfir furðu þinni á upphæð grunnframfærslu sveitarfélögunna en hún flakkar á milli 120-126 þúsund króna eftir sveitarfélögum. Nefndir þú að einn helsti þáttur þess að sporna gegn fátækt

færsla sjóðsins ákveðin í úthlutunarreglum hans sem menntamálaráðherra samþykkir. Byggist framfærslan að meginstefnu til á þeim fjárlögum sem ákveðin eru í fjárlögum. Úthlutunarreglur LÍN gera ráð fyrir að grunnframfærsla einstaklings í leiguhúsnæði sé aðeins 120.720 kr. sem er einmitt sama upphæð og grunnframfærsla sveitarfélögunna. Það er því ljóst að sveitarfélögin geta skýlt sig á bak við þessi viðmið ríkisins um grunnframfærslu þegar þau er gagnrýnd. Í áráraðir hefur grunnframfærsla LÍN verið undir öllum velsæmismörkum. Framfærslugrunni sjóðsins hefur verið varpað fyrir röða og sjóðurinn þar með viðurkennt að námslánin byggjast ekki á fram-



Í áráraðir hefur grunnframfærsla LÍN verið undir öllum velsæmismörkum.

væri að hækka framfærsluna enda ekki raunhæft að áætla að 120 þúsund krónur dugi til að einstaklingar nái endum saman.

Slíkri yfirlýsingu frá velferðaráðherra ber að fagna sem viðurkenningu um þá staðreynd að í dag er ekki hægt að ætlast til þess að einstaklingur geti framfleytt sér á 120 þúsund krónum á mánuði. Hins vegar felst í réttmætri gagnrýni þinni á sveitarfélögin ákveðin afneitun sem ráðherra í núverandi ríkisstjórn. Réttast væri að athuga fyrst hvaða grunnframfærslu samráðherrar þínir geri ráð fyrir að dugi einstaklingum.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er ríkisstofnun og er grunnfram-

færslubörf einstaklings heldur því hversu miklu fjármagni honum er veitt hverju sinni. Stúdentar hafa ítrekað bent á að umrædd grunnframfærsla dugi hreinlega ekki en hafa ekki, fyrr en nú, fengið skýra viðurkenningu á því frá ráðamönnum þjóðarinnar.

Líkt og fram hefur komið fögnum við orðum þínum en bendum þér og háttvirtum menntamálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, á að eðlilegast væri að ríkið sýndi fordæmi og lagfærði eigin grunnframfærslu áður en farið er að beina spjótum að sveitarfélögunum. Það er okkar einlæga von að þú fylgir orðum þínum eftir og beitir þér fyrir hækkun grunnframfærslu námslána.

## AF NETINU

### Ísland eyðir í NATO



Spurt er hvers vegna Ísland sé í Nató.

Það er góð spurning. Ef ekki vegna andstöðu við þátttöku í hernáði. Þá kannski vegna aðhalds í ríkisrekstri.

Framlög Íslands til Nató hækka um 158% milli ára skv. umfjöllun Andrésar Magnússonar og Gísla Freys Valdórssonar í Viðskipta- blaðinu í dag.

Úr 103 milljónum í 266 milljónum.

Það eru nokkur störf í heilbrigðiskerfinu.

[andres.eyjan.is](mailto:andres.eyjan.is)

Andrés Jónsson

### Var Bjarni Harðarson hæfastur?



Bjarni Harðarson var örugglega einn hæfasti ef ekki hæfasti umsækjandinn um stöðu upplýsingafulltrúa.

Fyrir utan feril sem

ritstjóri og blaðamaður meira og minna síðustu 30 árin er Bjarni rithöfundur, hefur háskólapróf í þjóðfræði og háskólanám í fleiri fögum, hefur þrjú áratuga reynslu af félagsmálum og óumdeilda reynslu í stjórnmálum, er vel gefinn, bráðvel að sér, þrælglöggur og hraðvirkur. Ég sé ekki í fljótu bragði nokkurn sem hefði faglega betur verið kominn að þessari stöðu.

[blog.eyjan.is/baldurkr](http://blog.eyjan.is/baldurkr)

Baldur Kristjánsson

# Jólin eru komin í Rúmfatalagerinn



Jólaarinn með ljósi



Maria og Jósef jólastrauk



Silfurhjörtu




Jólaúllur með silfurlituum pallietum



Silfurlitaður köngull



Kertastjakar



Perlulengja



Jóla kertastjakar



Ljósastjarna



Jóla laufblöð



Jólasveinakerfi



Hristikúllur



Jólastrauk úr gleri



Jólastrauk



Jóla kertastjakar

-góð kaup

**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)



**Fjölskylduleiðangur** verður í boði um sýninguna Að elta fólk og drekka mjólk í Hafnarborg á sunnudag klukkan 14. Gestum gefst þar færi á að skoða listaverkin í leik um safnið með aðstoð vísbendinga.

# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

*Gjafabréf Perlunnar*  
Góð tækifærisgjöf!

## 4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja  
með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu

Humarsúpa  
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhöllum

Fiskur dagsins  
það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

\*\*\* eða / Or \*\*\*

Lambatvenna  
með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa

Kókosnetu Tapioca  
með steiktu mangói og lychee sorbet

### Verð aðeins 7.290 kr.

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207  
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is

Arnaldur Birgir Konráðsson segir fólki sem hugsar mikið um heilsuna hætta til að borða einhæfan mat:



## Fjölbreytnin fyrir öllu

Arnaldur Birgir próaði Boot Camp-kerfið í samvinnu við Róbert Traustason og nú hafa þeir félagar gefið út bók.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**A**rnaldur Birgir Konráðsson hefur starfað sem einkaþjálfari frá árinu 1997. Hann stofnaði Boot Camp fyrir sex árum og passar eins og gefur að skilja vel upp á mataræðið. „Ég legg þó aðaláherslu á fjölbreytni bæði fyrir sjálfan mig og viðskiptavinum mína. Þeim sem hugsar mikið um heilsuna hættir hins vegar oft til að fara að borða einhæfan mat en þá eykst hættan á að þeir fari á mis við ýmis mikilvæg næringarefni. Ég reyni því að borða úr öllum fæðuflokkum og borða til dæmis mikið af kjúklingi, fiski og ávöxtum.

Arnaldur hefur próað Boot Camp-kerfið í samstarfi við Róbert Traustason, meðeiganda sinn, og aðra þjálfara Boot

### LÉTTBÚST

**Hráefni**  
4-5 klakar  
200 g vanilluskur  
1-2 msk. kókos  
2-3 msk. músli  
½ banani og/eða pera  
2 msk. prótínduft. Bragðlaust eða með vanillu.

**Aðferð**  
Allt sett í blandara og hellt í glas. Þeir sem þola mjólkurvörur illa geta sleppt skyrinu og notað eingöngu prótínduft.



Camp síðustu sex ár og nú er svo komið að þeir félagar hafa gefið út bókina Boot Camp-Hámarksárangur. Hvatann að Boot Camp-kerfinu segir Arnaldur hafa verið þörf fyrir nýtt og harðara líkamsræktarkerfi. „Við leggjum engu að síður áherslu á fjölbreytni og skemmtilegar æfingar auk þess sem við gerum mikið út á liðsanda og hópefli.

Þá er hægt að laga kerfið að allra þörfum en í bókinni erum við með fjögur kerfi; fyrir byrjendur, almennt kerfi, kerfi fyrir íþróttafólk og kerfi fyrir lengra konna.

Arnaldur gefur uppskrift að léttum skyrdrykk sem hann segir holla og góða máltíð hvenær dagsins sem er.

vera@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 50 50

Allt sem þú þarft...

Glænýr fiskur alla daga

# Ljúffeng ýsa

með hrísgrjónum og súrsætri- eða karrýsósu

# NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 við Gullinbrú • Hlíðasmára 12 Kópavogi

Gómsætur ís með nýjum og spennandi bragðtegundum er tilvalinn eftirréttur.



NINGS  
Kókosís

NINGS  
Mangóís

Sími 588 9899 • www.nings.is



**Tveir stórpíanistar** halda tónleika í Hömrum á Ísafirði á sunnudaginn klukkan 15. Eru það rússnesk-ísraelski píanóleikarinn Albert Mamriev og Ísafirðingurinn Selma Guðmundsdóttir. Þau flytja meðal annars verk eftir Richard Wagner og spila þau fjórhent á píanó.

## FRÚIN ER ENN Í TILTEKTARSTUÐI

### 30-80% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



- **Allir** skokkar áður 16990  
St. 36-48  
**Nú 5000**
- **Skór** áður 14990  
**Nú 5000**
- **Kápur** áður 14990  
ath aðeins litlar stærðir  
**Nú 5000**
- **Bolakjolar** áður 9990  
ath stórar stærðir  
**Nú 5000**

Og margt margt fleira  
Nýtt kortatímabil



Laugaveg 54,  
sími: 552 5201



Finnski kórinn Manifestum á djúpar rætur í ríki karlakórahefð Finna en var stofnaður í júní síðastliðnum þegar þauvanir söngmenn fylgdu stjórnanda sínum, Markus Westerlund, í nýjan kór.

MYND/ÚR EINKASAFNI

## Samsöngur sex hundruð karla

Fimmtán íslenskir karlakórar og einn finnskur syngja á risastóru kóramóti á Flúðum á morgun sem stendur mestallan daginn.

„Hér verða um 600 söngmenn og settur verður saman svokallaður Kötlu kór er syngur lög sem kórarnir hafa verið að æfa, hver í sínu heimahéraði,“ segir Valdimar Bragason, prentari á Selfossi. Hann er formaður Kötlu, sambands sunnlenskra karlakóra, er heldur kóramót á morgun á Flúðum. Það mun verða fjölmennasti samsöngur karlakóra í áráraðir á Íslandi.

Valdimar segir félagssvæði Kötlu ná frá Höfn í austri í Dalvík vestur og innan hennar vera fimmtán kóra, suma með hundruð ára sögu að baki og aðra glænýja. Þeir stilli saman strengina og syngi saman og auk þess verði sérstakir tónleikar hvers kórs fyrir sig. „Þeir syngja á tveimur stöðum, annars vegar í félagsheimilinu og hins vegar í Límtréshöllinni. Það er stórt og mikið verksmiðjuhús Límtrés sem hefur að hluta til verið breytt í tónleikahöll af þessu tilefni. Þar verða sameiginlegir tónleikar þessa 600 manna kórs og nóg pláss fyrir áheyrendur.“

Auk sunnlensku kóranna verða tveir gestakórar á mótinu, Karla-kór Akureyrar-Geysir og finnski kórinn Manifestum sem mun syngja Finlandi á frummálinu. Finnarnir hafa sumir hverjir haft kynni af Íslendingum áður því þeir hafa komið fram með Karlakórnum Fóstbræðrum.

Mótið verður sett formlega klukkan 13.30 á morgun og klukkutíma síðar hefjast tónleikar kóranna hvers fyrir sig. Svo verður sungið fram á kvöld. „Það á að verða nóg pláss fyrir þá sem vilja koma og hlýða á okkur,“ segir Valdimar og tekur fram að um eitt verð sé að ræða fyrir allan daginn, 2.500 krónur.

Forseti Íslands ávarpar gesti við setninguna, meðal annarra og mun njóta söngsins það sem eftir er dagsins auk þess að sitja hátíðarkvöld-verð Kötlu.

Þess má geta að finnski kórinn Manifestum og Fóstbræður hita upp með tónleikum í Langholtskirkju í kvöld klukkan 20. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

TOPPMAÐUR

HEIÐAR AUSTMANN

ALLA DAGA FRÁ 10-13



FM957



Lín Design á  
6 ára afmæli

15 - 50%  
afsláttur af  
öllum vörum

Föstudag &  
laugardag

Börnin fá frían  
sængurfatnað fyrir  
bangsann

Nýtt kortatímabil

Einnig í vefverslun  
[www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)

Lín  
DESIGN

Lín Design, Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | [www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Allar peysur og  
hálsklútar með  
**20%**  
afslætti



Við erum á fyrstu  
hæðinni í Firði.

**MINÐ**

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

Erum með opið á lau.  
kl. 11-16

FJÖRÐUR  
[www.fjordur.is](http://www.fjordur.is)



# Strákapör Emils á Ísafirði

Á morgun skekur órói Ísafjarðarbæ, því þá hefur innrás strákskrattinn Emil í Kattholti með sín ófyrirleitnu skammarstrik og misvinsælu uppkomur í sænsku Smálöndunum sem þar hafa tekið sér tímabundna bólfestu í meðförum Litla leikklúbbsins í Edinborgarhúsinu.

„Bæjarbúar hafa lengi átt sér draum um barnaleikrit og eftir miklar vangaveltur kom leikstjórninn Elvar Logi Hannesson með hugmyndina um Emil í Kattholti. Eftir það var ekki aftur snúið, því við urðum öll eins og börn aftur við tilhugsunina um strákapörin hans Emils,“ segir Katrín Jónsdóttir formaður Litla leikklúbbsins á Ísafirði sem nú fagnar 45 ára afmæli og frumsýnir af því tilefni veglega uppfærslu á einu vinsælasta barnaleikriti allra tíma, eftir sænsku skáldkonuna Astrid Lindgren.



Katrín Jónsdóttir, formaður Litla leikklúbbsins á Ísafirði.

Nítján leikarar fara með hlutverk í sýningunni og alls koma sextíu manns að verkinu, enda ævintýraheimur Smálandanna stór.

„Okkur þótti líka tilvalið að áttugasta uppfærsla Litla leikklúbbsins yrði verk eftir Astrid Lindgren þar sem fyrsta sýning leikklúbbsins fyrir 45 árum var Lína Langsokkur eftir sama höfund,“ segir Katrín og bætir við að mikið ævintýri hafi verið að koma Kattholti á fjalirnar, enda ekki á hvers manns færi að flytja Smálöndin til Ísafjarðar.

„Fleiri, fleiri börn sóttu um hlutverk Emils og Ídu og öll svo efni- leg að erfitt var að velja úr rétta parið. Að lokum stóð uppi hið full-



Pétur Svavarsson og Þuríður Kristín Þorsteinsdóttir eru sem sköpuð í hlutverk Emils og Ídu, eins og sjá má á þessari kostulegu mynd úr uppfærslu Litla leikklúbbsins á Ísafirði.

komna þar sem bæði eru eins og sköpuð fyrir hlutverkin, auk þess að vera með eindæmum hæfileikarík og ótrúlega fljót að læra textana og lögin utan að,“ segir Katrín um þau Pétur Svavarsson (10 ára) og Þuríði Kristínu Þorsteinsdóttur (8 ára) sem leika systkinin Óborganlegu í Kattholti.

„Ísfirðingum er leiklist í blóð borin og þess vegna hefur leikklúbburinn blómstrað frá fyrstu tíð. Allir vinna launalaust og af ósvikum áhuga, og auðvitað stórkostlegt að hver sem er geti

komist á svið með sína leiklistardrauma,“ segir Katrín, sem á von á góðum viðtökum allra landsmanna.

„Leiksýningin er bráðfyndin, fjörug og skemmtileg, og vitaskuld ævintýri fyrir aðkomufólk að eyða helgi á Ísafirði. Frá Reykjavík er malbikað alla leið og stuttur bíltúr að renna hingað í helgarferð til að gera börnum glaðan dag með einstakri leikhúsupplifun,“ segir Katrín sem hlakkar mjög til frumsýningar morgundagsins.

„Pétur sjálfur er Emil uppmál- aður; uppátækjasamur og ofsalega skemmtilegur, og Þuríður á sam- eiginlegt með Ídu að vera ljúf, góð og mikill dýravinur. Henni finnst núorðið lítið mál að láta flagga sér upp í fánastöng en fyrst þegar við hífdum hana upp og spurðum hvort væri gaman, stóð ekki á svarinu: „Já! Og nei! Nei!““

Emil í Kattholti verður sýnt í Edinborgarhúsinu laugardaga og sunnudaga klukkan 14 fram í miðjan nóvember. Miðasala í síma 450 5555. [thordis@rettabladid.is](mailto:thordis@rettabladid.is)



Amal segir verkefninu meðal annars ætlað að rjúfa félagslega einangrun.

## Alþjóðleg eldamennska

Konur af erlendum uppruna opna mömmueldhús á Akranesi í dag.

Veitingasalan Veröldin okkar – mömmueldhús tekur til starfa á Kirkjubraut 8 á Akranesi í dag en þar verður boðið upp á ódýran heimilismat frá öllum heimshornum. Um er að ræða virkniúrræði og atvinnutækifæri fyrir konur af erlendum uppruna sem er styrkt af Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun og Atvinnuþróunarsjóði kvenna.

„Í starfi okkar með fólki af erlendum uppruna höfum við orðið þess áskynja að staða erlendra kvenna sem ekki eru á vinnu- markaði er mjög slæm. Tengslanet þeirra er lítið og veikbyggt og þeim hættir til að einangrast,“ segir Amal Tamimi, framkvæmdastjóri Jafnréttishúss, en Jafnréttishús er í forsvari fyrir verkefninu. „Með því að bjóða konunum að taka þátt í þessu verkefni má rjúfa félagslega einangrun þeirra.“

Í tilefni af opnuninni verður haldin veisla milli 15 og 17 í dag og er öllum velkomið að líta við og gæða sér á fyrirtaks mömmumat frá öllum heimshornum.

- ve

# aada er vinsælasti engiferdrykkurinn á Íslandi hjá My Secret!

Engiferdrykkurinn aada hefur heldur betur slegið í gegn og það besta við drykkinn er hvað hann er að virka vel á ýmsa kvilla hjá fólki og má þar helst nefna gigt, astma, mígreni, tíðaverki, flensu og hálsbólgu, sykurfíkn, eykur brennsluna,

bólgur, sogæðakerfið, ýmis húðvandamál. Hann virkar hjá mörgum vatnslosandi og hefur hjálpað mörgum við meltingarvandarmál nú svo gefur engifer aukna orku og þol.



5L aada  
Öflugastur í fjölskyldunni – Styrkleiki 100%



2L aada  
75% styrkleiki af 5L



300 ml aada  
50% styrkleiki af sterkasta



2L Beat the body with goji  
– 5 daga hreinsun

### “Beat the body with goji”

Þetta er mjög öflug 5 daga hreinsun og byggist drykkurinn á grunndrykknum aada ásamt goji berjum, rauðrófum, bláberjum og cayenne pipar.

**Tvær leiðir eru til að drekka þennan hreinsunardrykk:**

Annars vegar 2 sinnum á dag og þá 200 ml í senn – í fastandi maga á morgnana og seinnipartinn.

Hins vegar 3 sinnum á dag og þá 130 ml í senn – í fastandi maga á morgnana, í hádeginu og seinnipartinn.

Huga þarf vel að mataræðinu á meðan. Borða grænmeti, ávexti, fisk og kjúkling í lagi, sleppa unnum mat og hveitivörum.





## Hvatning til hreyfingar

Á toppi Hlíðarfjalls á Akureyri hefur verið reist myndarleg varða. Það voru félagar í klúbbnum 24x24 sem reistu vörðuna. Þeir hafa verið að ganga á 24 fjallatoppa í Gleráhringnum á 24 tímum.

Lokahönd var lögð á hleðslu fimm metra hárrar vörðu sem trónir á toppi Hlíðarfjalls 11. september síðastliðinn og fékk hún heitið Harðarvarða. Það voru 28 félagar í göngu-klúbbnum 24x24 sem áttu heiðurinn að hleðslunni.

„Hörður Sverrisson sem varðan er nefnd eftir er búinn að vera viðloðandi fjallið og hefur starfað þar í sextíu ár sem skíðamaður, skíðakennari og lyftuvörður. Hann var búinn að hamra á okkur í tíu ár með að byggja þessa vörðu vegna þess að Hlíðarfjall er svo slétt að ofan að þar vantaði kennileiti til þess að fá fólk þangað upp. Okkur þótti því tilvalið að varðan fengi hans nafn,“ segir Ragnar Sverrisson einn félagaanna í klúbbnum sem reisti vörðuna og bróðir Harðar.

Ragnar segir að svona háar vörður sé hvergi að finna á fjöllum á Íslandi. „Við ætluðum fyrst að hafa hana svona þriggja metra háa en títtnefndur Hörður lét hvorki laust né fast fyrr en við ákváðum að hafa hana fimm metra svo hún sæist vel frá bænum, sem hún gerir.“

Vinnan við vörðuna hófst í ágúst á síðasta ári. „Við fórum þá tvær helgar til þess að safna grjóti um allt fjallið og ætluðum svo að klára þetta seinni partinn í september. Þá gerði hins vegar ofsaverður svo við náðum



Ragnar ásamt syni sínum Ragnarí Pór og öðrum félögum í klúbbnum 24x24 við vörðuna á meðan vinna við hana stóð sem hæst.

MYND/ÚR EINKASAFNI

ekki að klára þetta fyrr en í haust og fóru þrjár helgar í þetta. Tómas Júlíusson, garðyrkjumaður, hleðslumeistari og einn úr hópnum, stjórnaði verkinu. Í þessa vörðu og lítinn garð sem við hlóðum við hliðina á, til þess að skafi frá henni þegar snjóar í norðanátt, fóru um 70 tonn af grjóti sem við bárum í höndunum. Mikil vinna en bara gleði fyrir fólk sem er í þessu fjallabrótti eins og við að standa í þessu.“

Um fjörutíu manns gengu upp að vörðunni um síðustu helgi í blíðskaparveðri og skráðu sig í gestabók sem er geymd inni í vörðunni að sögn Ragnars. „Alls eru um 100 manns búnir að skrifa í gestabókina og nánast ekkert af þessu fólki hefði farið þarna upp nema út af vörðunni. Hún er hvatning til Akureyringa og gesta þeirra að hreyfa sig.“

emilia@frettabladid.is



Tilboð á barna og fjölskyldumyndatökum  
24.900

Allar myndir ómerktar og í fullri upplausn á disk og þú notar myndirnar að eigin vild



dagsljós@dagsljós.is

Stapasíða 12 **Stapi-Gisting**

Stapi – gisting býður uppá gistingu í 2ja herbergja rúmgóðri íbúð (2-6 + manns) á fjölskylduvænum stað í þorpinu á Akureyri. Stór og góður garður er við húsið. Gæludýr eru velkomin til okkar. **Athugið með verðtilboði á heimasíðu okkar.**

Stapi-Gisting  
Stapasíðu 12 603 Akureyri  
Sími 691-5520  
Tölvupóstur [gudrun@stapigisting.is](mailto:gudrun@stapigisting.is)  
Heimasíða [www.stapigisting.is](http://www.stapigisting.is)

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á [visir.is/dreifing](http://visir.is/dreifing)

Allt sem þú þarft...

**samráð** Alhliða þjónusta á sviði markaðsmála og hönnunar

- Sér markaðsdeild fyrir fyrirtækið þitt
- Hámarksárangur fyrir lágmarkskostnað
- Aðgangur að tengslaneti og þekkingu – sveigjanleiki sem borgar sig

Áskriftarleiðir Samráðs:

- Markaðsstjórinn þinn
- Stóri markaðsstjórinn
- Litli markaðsstjórinn

[www.samrad.is](http://www.samrad.is) · 461 2400



Fjóla Björk og Inga Björk opnuðu á Akureyri í vor og ætla að færa út kvíarnar innan tíðar.

MYND/HEIDA.IS

## Taka að sér markaðsmál

Samráð um markaðsmál og hönnun tekur að sér markaðsmál hinna ýmsu fyrirtækja.

Fyrirtækið Samráð um markaðsmál og hönnun, sem er til húsa í menningarhúsinu Hofi á Akureyri, var stofnað á vörðunum en það sér um markaðsmál fyrirtækja sem til þess leita. „Fyrirtæki geta úthýst markaðsmálum sínum til okkar og hefur starfsemin gengið vonum fram,“ segir Fjóla Björk Karlsdóttir sem rekur stofuna í samvinnu við Ingu Björk Svavarsdóttur. „Við vinnum fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og getum ýmist séð alfaríð um markaðsmálin eða verið viðbót við markaðsdeildir stærri fyrirtækja. Við erum í samstarfi við Birtingarhúsið og getum því útbúið herferðir á landsvísi fyrir hvern sem er hvar sem hann er á landinu,“ segir Fjóla.

Meðal viðskiptavina Samráðs eru Leikfélag Akureyrar, Símfóníuhljómsveit Norðurlands og veitingahúsið Greifinn. Nýlega fór stofan svo að bjóða fyrirtækjum áskrift. „Þá er greitt ákveðið mánaðargjald í tólf mánuði og á meðan hefur viðkomandi fyrirtæki aðgang að þjónustu okkar í ákveðið marga tíma á ári. Þetta er að mínu viti nýjung á markaði og ég veit ekki um önnur fyrirtæki sem bjóða sams konar þjónustu,“ segir Fjóla. Hún segir stefnt að því að opna stofu í Reykjavík innan tíðar.

- rat, ve

*Þessi gamli góði*

Saltfiskurinn frá Ekta fiski er unninn með gömlu íslensku handbragði og er án allra aukefna.

Sérútvatnaði saltfiskurinn er sérstaklega hentugur í seiðandi saltfiskrétti og fæst í verslunum um allt land.

Hafðu samband!

ÞÖNTUNARSÍMI:  
**466 1016**  
[www.ektafiskur.is](http://www.ektafiskur.is)

10.189A BLEK - www.blekinnun.is

FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940

# föstu dagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

15. október 2010

## LEITAR Í ROKKIÐ OG VITLEYSUNA

Arnþrúður Dögg  
Sigurðardóttir  
heillaðist af  
kvikmynda-  
bransanum



NÝ LÍNA FRÁ KALDA + Á RÚMSTOKKNUM + HELGARRÁÐIN + ÍSLENSKT  
DANSMYNDBAND + GÖTUTÍSKAN Í REYKJAVÍK + TÍSKUFYRIRMYNDIR

**250GB**



**FLAKKARATILBOÐ**



**Kr. 9.950**

**WD Passport 250GB**

Utanálggjandi 250GB 2.5" harðdiskur.

Notar straum úr tölvunni. Passar vel í vasa.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-  
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á  
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •  
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

\* hlæið dátt



**LOBIÐ Á HÖFUÐIÐ** Í þessum loðnu eyrnaskjólum eru tvær af heitustu tiskubólum vetrarins sameinaðar. Eyrnaskjól, í öllum stærðum og gerðum eru vinsæl og búðir bæjarins eru einnig farnar af fyllast af loðkápum, loðkrögum og loðhúfum. Þessi skemmtilegu eyrnaskjól er úr versluninni Kúltúr og kostar 17.990 krónur. Þau fást einnig í svörtu.

## blogg vikunnar

### Stjarna

Stella Björt skrifar undir nafninu Star B á vefsíðunni [www.stella-bjort.blogspot.com](http://www.stella-bjort.blogspot.com). Stella Björt hefur gríðarlega mikinn áhuga á tísku og bloggar um allt sem snertir það efni. Hún er einnig dugleg við að festa á filmu nýjustu kaupin og skemmtilegar fatasamsetningar.

### Trendí blogg

Stílistinn og háskólaneminn Ása Ottesen hefur haldið úti blogg-inu [www.trend-land.blogspot.com](http://www.trend-land.blogspot.com) í nokkurn tíma og vakið athygli.



Hún er dugleg að mynda það sem fyrir augu ber og segir skemmtilega frá nýjustu tísku og bendir lesendum á áhugaverðar búðir og net-síður.

### Fataskápur fyrirsetu

Pattra Sriyanonge er búsett í Gautaborg og heldur úti blogginu [www.pattrascloset.blogspot.com](http://www.pattrascloset.blogspot.com) þar sem hún myndar og segir frá nýjustu fatakaupunum og heldur úti skemmtilegri fatadagbók. Hún skrifar á ensku en í raun tala myndirnar sínu máli.



**Einverusystur** Rebekka og Katrín Alda fagna því að nýja fatalínun þeirra er komin í hús. Línan nefnist Hvörf eftir Kalda.



**Jafnvægi** Fint silki í bland við grófa leðuról kemur vel út.

Katrín Alda Rafnsdóttir, frumsýnir fatalínuna Hvörf frá Kalda

# FÁGAÐ OG FALLEGT

**F**atamerkið Kalda hefur sent frá sér nýja fatalínu sem ber nafnið Hvörf. Katrín Alda Rafnsdóttir hönnuðurinn lýsir línunni sem fagaðri og kvenlegri. „Þegar ég var að hanna þessa línu datt ég í svona leðuróláþema. Það gerðist alveg óvart og má eiginlega segja að ég hafi misst mig aðeins. Þurfti að eiginlega að stoppa mig af,“ segir Katrín Alda. Rebekku, systur hennar, sem stendur líka að baki fataliunnar, leist ekki á blikuna á tímabili og þurfti að minna Katrínu á að hún væri ekki að hanna búninga fyrir bláar myndir. „Þessi leðuróláþæling var aldrei neitt djúp,


en þó hugmynd sem leiddi út í heila fatalínu.“

Ásamt því að hanna saman, reka systurnar búðina Einveru þar sem Kalda-fatalínun fæst í bland við aðrar útvaldar vörur. Nýja línan kom í búðir í gær og var Katrín Alda spennt yfir viðtökunum. „Þessi lína er frábrugðin hinni að því leyti að ég er að nota fínna efni á borð við silki, viskós og þunna ull til að vege upp á móti þessum grófu leðurólum,“ segir Katrín Alda en hún er nýkomin frá London þar sem hún tók þátt í eins konar kynningarviðburði fyrir unga hönnuði. „Það gekk

mjög vel úti og við erum að fara með merkið til Stokkhólms í lok mánaðarins og stefnum á að reyna að selja eitt-hvað af nýju línunni út.“

Línan Hvörf eftir Kalda er komin í verslunina Einveru og eru flíkurnar á verðbilinu 15.900 til 39.900 krónur. Einvera verður opin til 20.000 alla Airwaves-helgina.

- áþ



Vertu velkominn(r)!  
**SALON REYKJAVÍK**

Grandagarði 5 • Reykjavík • S. 568 5305  
[salon@salon.is](mailto:salon@salon.is)

OPNUNARTÍMAR  
VIRKA DAGA 6–18. LAUGARDAGA 9–13.



Blake Lively



Alexa Chung

NORDICPHOTOS/GETTY

Stjörnurnar deila fatasmekk:

## Flottar í bláum kjól

—eikkonan Blake Lively og plötu-snúðurinn Alexa Chung eru með nokkuð ólíkan fatastíl. Þær virðast þó deila fatasmekk að einhverju leyti því báðar eiga þær þennan sérstaka bláa kjól og báðar hafa

þær klæðst honum á opinberum samkomum. Lively varð fyrri til og var í kjólnum á kvikmyndasýningu í New York í sumar en Chung klæddist kjólnum á tiskusýningu Chanel-tiskuhússins.

-sm

## augnablikið



**NÝSTÁRLEGAR FLÉTTUR** Fyrirsætunarnar sem sýndu sumarlínu Alexander McQueen fyrir árið 2011 skörtuðu eins konar vefnaðarverki í hárinu. Hárlökkarnir voru vafðir saman og útkoman var hárlistaverk sem passaði vel við fötin.

## föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon og Álfur Pálsdóttir Forsíðumynd Stefán Karlsson  
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir  
[sigridurh@365.is](mailto:sigridurh@365.is) sími 512 5432 Föstudagur Skattahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# HEILSAÐU UPP Á ÞIG

HOLLT  
OG GOTT  
Á HAGSTÆÐU  
VERÐI.

Þú getur borðað án samviskubits hjá okkur.  
Réttirnir okkar eru saðsamir og girnilegir en um leið  
trefjaríkir og fitulitlir.

SERRANO.IS



## 6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT  
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI

**serrano**  
FRESH MEX

VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!

# núna

\* dansaðu vilt



**KÓSÍ TEBOLLI** Það er fátt yndislegra en að sitja í hlýlegu eldhúsi í góðum selskap með tebolla við hendina. Tedrykkju ættu allir að stunda.



**Dansglöð** Linda Ósk Valdimarsdóttir danskennari hefur gefið út metnaðarfullt dansmyndband. Hún kennir dansana hjá DanceCenter Reykjavík.

Linda Ósk Valdimarsdóttir gefur út dansmyndband:

## HVÖTTT ÁFRAM AF SPARKS

**L**inda Ósk Valdimarsdóttir er nítján ára dansari og danskennari hjá DanceCenter Reykjavík. Hún gaf nýverið út mynddisk með tveimur dansmyndböndum sem sýna jazzfunk-dans og hiphop.

Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt er gert hér á landi og kviknaði hugmyndin að útgáfu mynddiskins þegar Linda Ósk var í vinnuferð í Los Angeles og var boðið í afmæli til danshöfundarins Alan Phlex, sem hefur samið dansa fyrir stórstjörnur á borð við Britney Spears, Beyoncé og Lady GaGa. Í afmælinu var einnig staddur Shane Sparks, dómari og danshöfundur í sjónvarpsþáttunum So You Think You Can Dance,

og vildu þeir fá að sjá verk eftir Lindu Ósk. „Þar sem ég var ekki með neitt í höndunum hvöttu þeir mig til að gera dansmyndbönd sem ég gæti sýnt bæði heima og erlendis og notað

\* „Maður þarf að standa upp úr á einhvern hátt því það eru svo margir hæfileikaríkir dansarar þarna úti. Ég get notað myndbandið til að sýna fólki það sem ég get og hef verið að gera. Svona myndbönd eru oftast tekin upp í stúdíói en mitt er nánast eins og tónlistarmyndband þar sem ég reyni að túlka tónlistina í dansi.“

sem eins konar meðmæli. Í kjölfarið ákvað ég að ráðast í það að búa til þetta dansmyndband og fékk snillingana hjá Illusion til að framleiða það með mér,“ segir Linda Ósk.

Hún stefnir á að fara út til Los Ang-

les næsta sumar og reyna fyrir sér sem dansari. Linda Ósk segir borgina bjóða upp á marga möguleika en tekur fram að mikil samkeppni ríki á milli dansara og því komi myndbandið að góðum notum. „Maður þarf að standa upp úr á einhvern hátt því það eru svo margir hæfileikaríkir dansarar þarna úti. Ég get notað myndbandið til að sýna fólki það sem ég get og hef verið að gera. Svona myndbönd eru oftast tekin upp í stúdíói en mitt er nánast eins og tónlistarmyndband þar sem ég reyni að túlka tónlistina í dansi.“

Hægt verður að nálgast myndböndin á Youtube.com sé nafn Lindu Óskar slegið inn sem leitarorð og einnig á síðunni www.illusion.is.

- sm

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



### Signatures Of Nature

Náttúrulegar og lifrænar snyrtivörur

**BODY TREATMENT** 15% AFSLÁTTUR af öllum body skrubbum, sturtusápum og body lotion.

**DAGAR**

Frábær tilboð alla helgina

**MINERAL MAKE UP**  
- NÝ FÖRÐUNARLÍNA



- engin kemísk efni
- fyrir allar húðtegundir
- gefur heilbriggt og geislandi útlit
- lokar ekki húðinni
- engin rotvarnarefni



Jóhanna Karlsdóttir HotYoga leiðbeinandi

Án allra rotvarnarefna. Húðin er stærsta líffæri líkamans. Hugaðu vel að umhirðu hennar með því að nota grænni vöru.

- aloe vera barbadensis
- grape-fruit oila
- vanilla
- Lemongrass
- camomile
- lavender
- magnesium
- patchouli
- E.vitamin
- A.vitamin
- C.vitamin
- mandla
- spirulina
- dunilla

Ég var svo ánægð að uppgötva Nature Scent vörurnar í litlu fallegu búðinni sem lítið fer fyrir í Smáralindinni. Ég hef prófað óteljandi húðvörur í gegnum tíðina og elska að finna gott body-krem eða olíu. Í mínu starfi er húðin í stöðugri hreinsun og þá er svo gott að toppa meðhöndlun húðarinnar með góðum vörum sem eru náttúrulegar og ylma unaðslega. Ég elska lemongrass ylminn til dæmis. Nature Scent vörurnar eru greinilega mjög vandaðar og manni líður strax vel í húðinni. Yndisleg búð með vörum sem hægt er að treysta og njóta!

www.signaturesofnature.is

Verlsanir okkar eru í Smáralind 2. hæð við D-ingang sími 511-10-09



### Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is

#### Þetta er bara búið

**B**rúðkaupið er búið og það var staðfest fyrir augum almættisins, vinnufólks og fjölskyldu, við erum hjón. Brúðkaupsdeginum er fagnað og í huga margra er fátt fallegra en þessi gleði- og ástarfögnuður. Það rignir yfir okkur kveðjum um bjarta og gæfuríka framtíð og með bros á vör er samlífi okkar fagnað. Þannig lagað séð.

Hjónabandinu er tekið fagnandi en í sömu andrá er gjarnan tekið fram að nú taki við kynlífslausir dagar. Framtíð hjónabands er ekki byggð á kynlífi heldur einhverju öðru. Hverju, spyrðu? Ég er ekki viss.


Ég velti fyrir mér uppruna þessarar athugasemdar að hjónaband dregi kynlífslöngun og kelerí. Gottman er fræðimaður á sviði sambanda og hjónabanda og hann telur atriði líkt og kynlíf á fyrstu tveimur árum hjónabands einkar mikilvæg fyrir gæði og framtíð sambandsins. Það er því ekki svo að kynlíf hætti að skipta máli fyrir sambandið heldur virðist það bara hætta. Því er talað um tíðni í þessu samhengi en ekki gæði. Rannsóknir á tíðni samfara innan sambands hafa fengið ýmis meðaltöl, mishjálpsamleg, því kynlífslöngun er einstaklingsbundin og samanburður getur verið villandi. Þá virðist sumum körlum finnast tíðni samfara mikilvægari en gæði þeirra en konum þveröfugt, þær kjósa gæði fram yfir tíðni. Það má því spyrja hvernig þetta tvennt geti farið saman innan sambands. Þá hafa niðurstöður annarra rannsókna leitt í ljós að því líkari sem væntingar einstaklinga eru til tíðni kynlífsathafna, þeim mun meiri er ánægja þeirra af kynlífinu.

\* **Hjónabandinu er tekið fagnandi en í sömu andrá er gjarnan tekið fram að nú taki við kynlífslausir dagar.**

Annar fræðimaður á þessu sviði, McCarthy, segir að þegar par sé sátt við kynlíf sitt þá útskýrir það 15-20% af heildarhamingju fólks innan sambandsins. Hins vegar þegar pör eru óánægð með kynlífi skýrir það 50-75% af vandamálum sambandsins. Því virðist óánægja með kynlífið eiga stóran hlut að máli í sambandserfiðleikum í samanburði við mikilvægi ánægju með kynlífið og hlutverk þess í hamingju innan sambandsins.

Það sem ég dreg saman úr þessu er að það er mikilvægt að báðir komi sér saman um hversu oft þeir vilja stunda kynlíf og að báðir séu ánægðir með þá niðurstöðu. Það er engin tófratala eða töfralausn. Þetta er ekki spurning um að „þrauka“ þrjú skipti í viku því rannsóknir hafa einnig sýnt að karlmenn eiga það til að meta sambandið eftir því hversu hamingjusaman þeir telja maka sinn vera.

Þetta er því allt saman hringrás og andleg líðan annars aðila hefur áhrif á hinn, eðlilega kannski. Kynlífslaust samband þarf því ekki að vera dauðadæmt ef báðir aðilar eru sáttir. Ætli þetta sé ekki allt saman spurning um að tala saman, um kynlíf og annað hversdagslegt, enda tel ég það vera grunninn að góðu starfhæfu sambandi.



Setjum upp kynjagleraugun

# Landssöfnun gegn kynferðisofbeldi helgina 15.–16. október 2010

Á föstudag og laugardag selja **Skottur** kynjagleraugun. Ágóðanum verður varið til þess að efla þjónustu við fólk sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi.

Markmið **Skottanna** er að breyta **Stígamótum** í sólarhringsmiðstöð. Auk bættrar ráðgjafarþjónustu verður opnað athvarf fyrir konur sem vilja brjótast út úr vændi og mansali. Jafnframt mun verkefnið **Stígamót á staðinn** verða endurvakið utan höfuðborgarsvæðisins. Akureyringar styðja **Aflið** og Vestfirðingar **Sólstafi**. Kynjagleraugun verða seld í flestum verslunarkjörnum um land allt.

  
**Skottur**

Samstarfsvettvangur íslenskra kvennasamtaka

# tíska

✿ farðu eigin leiðir

**BRÚNT OG AFTUR BRÚNT** Tískustraumar tíunda áratugarins gera vart við sig í nýrri haustlínu Make Up Store. Brúnir tónar eru áberandi og eru brúnar varir það heitasta. Varabýantar fá uppreisn æru, þó í ljósum tónum enn sem komið er, og kinnalitir fást í hinum ýmsu litbrigðum.



Companies, Kringlunni


Make Up Store, Kringlunni

Topshop, Kringlunni

Zara, Kringlunni

Kron, Laugavegi

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Georgia May Jagger



Victoria Beckham

NORDICPHOTOS/GETTY

## Ný húðlína frá L'Oréal sem byggir á 10 ára genarannsóknum.

Þessa nýja genatækni eflir hæfileika húðarinnar til að endurheimta æskuljómann.



**YOUTH CODE** rakagefandi andlitskrem, gefur jafnari og sléttari áferð. Húðin endurheimtir æskuljómann og verður unglegr, ljóminn endurheimtist og þreytumerki í andlitsdráttum minnka. Við notkun er kremið frískandi og gefur fyllingu. Kremið er flauelsmjúkt viðkomu og gerir húðina mjúka sem satín. Smýgur mjög hratt inn í húðina, mjög þægilegt að nota undir farða. Má nota bæði kvölds og morgna.



**YOUTH CODE** concentrate nærir húðina samstundis og gefur henni raka. Dregur úr sýnilegum línunum og öldrunarmerkjum. Hefur mjög sléttandi og strekkjandi áhrif á húðina, notist á andklit og háls, sérstaklega á þau svæði þar sem línur virðast greinilegri og húðin þarfnast auka styrkingar. Setjið svo rakakremið yfir.

**YOUTH CODE** augnkrem gerir það að verkum að húðin endurheimtir æskuljómann. Hefur sléttandi áhrif á augnsvæðið, húðin virkar sléttari og fínar línur virðast grynna. Kremið smýgur einstaklega þægilega inn í húðina og lýsir upp húðin umhverfis augun. Notist kvölds og morgna.



L'ORÉAL PARIS

# Flottir Bretar

## Hermi krákan

**Georgia May Jagger** þykir með efnilegri fyrirsætum í tískuheiminum í dag, en stúlkan er dóttir Micks Jagger og fyrirsætunnar Jerry Hall. Jagger er með stelpulegan stíl og klæðist gjarnan kjólum og fallegum hælaskóm og skartar svo rósrauðum varalit við.

**Victoria Beckham** er ávallt flott til fara og vel til höfð. Það mætti segja að hún sé kvenleikinn uppmálaður því hún er alltaf á himinháum hælum og í þröngum kjólum sem draga fram línurnar.



Accessorize, Kringlunni



Oasis, Kringlunni

Companies, Kringlunni

Fókus, Kringlunni

Companies, Kringlunni

Accessorize, Kringlunni



Tilboð á Borðstofu húsgögnum

**30% afsláttur.**

Allir sem kaupa sófa  
fá 3 púða að eigin vali.

Öll glös 3 fyrir 2.

INSPIRATION  
YOUR HOME

the  
**PIER**



**Borðstofuborð**  
Verð kr. 59.900.-  
Verð nú  
kr. 41.930.-  
Afsláttur  
kr. 17.970.-



Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími 522 7860 // Korputorgi / 112 Reykjavík / sími 522 7870



**Kósi kragi** Loðkraginn ver viðkvæma fyrir kulda.

**Flottur jakki** Ullarkápur sem þessi eru tilvaldar fyrir veturinn. Hljójar og notalegar.

**Bundin** Flott ullarkápa sem er bundin um mittið.

Góðar kápur fyrir veturinn:

## Ullin vermir í vetur

Ullarkápur eru nokkuð sem þykir móðins í vetur og hentar okkur sem hér búum ágætlega. Ullarkápurarnar eru flottar til daglegs brúks í vetur og ættu að ylja manni yfir hörðustu vetrarmánuðina.

## Hættulega flottar neglur

Dökkir haustlitir tróna yfir bjartari sumarlitum hvað val á nöglum snertir. Fallegar plómulitaðar neglur eru það heitasta í haust. Þessi naglalökk fást í Make Up Store í Kringlunni.



## ZUMBA® á NordicaSpa

### Dansaðu þig í fanta form!

- » Mikil fitubrennsla – eykur þol og styrk
- » Latin-tónlist (salsa, cumbia, merengue, raggaeton, samba og fleira)
- » Auðveld spor fyrir allan aldur
- » Handklæði við hverja komu
- » Herða- og höfuðnudd eftir hverja æfingu

**4 vikna námskeið**  
2 fastir tímar + 5 opnir Zumba-tímar  
Verð: 19.900 kr.  
Innifalinn aðgangur að tækjasal, opnum tímum á stundaskrá og SPA-inu.

Skráðu þig strax í síma 444 5090

N O R D I C A S P A

www.nordicaspa.is



Ný námskeið hefjast 18. okt.

# ÞRÁIR ROKKIÐ O

**Arnþrúður Dögg Sigurðardóttir er stoltur Árbæingur, vel plöggðuð, þrífst best í starfi þar sem nóg er um hasar og elti ástina eitt sinn alla leið til Hafnar í Hornafirði.**

Viðtal: Sara McMahon  
Ljósmyndir: Stefán Karlsson

Ég er Árbæingur í húð og hár og afskaplega stolt af því, eins og flestir Árbæingar,“ segir Arnþrúður, eða Addú eins og hún er betur þekkt, brosandí. Hún lærði hárgreiðslu á sínum yngri árum og vann á hárgreiðslustofu í tvö ár en segist hafa áttað sig á því að þetta væri ekki starf sem hún vildi leggja fyrir sig. „Ég fékk bara allt í einu upp í kok af hári. Meira að segja svo mikið að ég fór ekki í klippingu í tvö ár. Ég áttaði mig á því að þetta væri ekki það sem ég vildi vinna við það sem eftir væri og þá fannst mér alveg eins gott að hætta,“ útskýrir hún. Addú hóf störf í tiskuverzlun við Laugaveg en endaði óvart sem starfsmaður á Kaffibarnum. „Það kom þannig til að vinkona mín sem rak staðinn á þessum tíma, þurfti aðstoð eitt kvöldið. Ég hjálpaði henni og endaði svo á því að vinna þarna í nokkur ár.“

### HENTI DAMON ALBARN ÚT

Hún segist hafa upplifað margar skrautlegar uppakomur á meðan hún vann á barnum og nefnir í því samhengi eitt skipti þegar hún neyddist til að henda tónlistarmanninum Damon Albarn út af staðnum. „Ég held að hann hafi átt brot í staðnum á þessum tíma. Ég man bara eftir því að ég tók hann eitt kvöldið og fleygði honum út af því hann hagaði sér svo illa. Maður nennti engu veseni.“

Addú kynntist mörgu frá-bæru fólki í gegnum starfið á Kaffibarnum og þar fékk hún einnig fyrst nasapefynn af kvikmyndabransanum. „Margir af fastakunnunum unnu við kvikmyndagerð á þessum tíma og það fékk mig aðeins til að spá í þann bransa. Þetta virtist mjög heillandi og skemmtilegur heimur, svona miðað við það sem maður heyrði frá þessu dásemdarfólki.“

### HRIFIN AF EYJUM

Addú starfaði einnig um stund sem viðburðastjóri hjá Ölgerðinni og aðstoðaði meðal annars



**Elskar kvikmyndabransann** Arnþrúður Dögg Sigurðardóttir hefur unnið við margt um ævina. Undanfarin ár hefur hún þó unnið alfaríð við kvikmyndabransann og kann best við sig þar.

við allan undirbúning fyrir Þjóðhátíð í Eyjum. Hún segist mjög hrifin af Vestmannaeyjum og viðurkennir að hún sé með sterk tengsl til eyjanna. „Ég á mjög kæra vinkonu sem er þaðan og ég hef verið svo lánsöm að kynnast Vestmannaeyjum í gegnum hana og hennar fjölskyldu. Fyrir utan það

er ég mikið Þjóðhátíðarbarn og hef varla sleppt Þjóðhátíð frá því ég var sextán ára gömul. Undanfarin ár er ég reyndar farin að fara frekar á Goslokahtíð, ætli það sé ekki aldurinn,“ segir hún hlæjandi. Eftir að hafa unnið hjá Ölgerðinni í nokkurn tíma ákvað Addú að halda á vit ævintýrana og

bak við tjöldin

Besti staðurinn?  
Ætli það sé ekki Flateyri um þessar mundir. Ég alveg elska Flateyri, það er svo fáránlega skemmtilegt fólk þar. Svo er heima og sveitin alltaf best.

Uppáhaldskvikmyndin?  
Ætli myndin sem ég hef séð oftast sé ekki Reservoir Dogs.



N1

kynnir tónlistarviðburð án hliðstæðu á Íslandi.

# Jólagestir Björqvins

N1

forsala hefst  
kl. 10:00 í dag.  
Sjá nánar á  
baksíðu.

LAUGARDALSHÖLLIN  
4. DESEMBER \* HÖLLIN AKUREYRI  
11. DESEMBER

[www.Jolagestir.is](http://www.Jolagestir.is) [www.Facebook.com/jolagestir](http://www.Facebook.com/jolagestir)

Almenn miðasala hefst kl. 10:00 á mánudaginn á Miði.is  
og í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18. Verð frá 4.990 kr.

sena

# VIÐ KOMUM MEI



## Björgvin Halldórsson

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um meistara Bó - einn ástsælasta söngvara Þjóðarinnar sem er löngu orðin goðsögn í lífanda lífi. Björgvin hefur hljóðritað í kringum 900 lög á ferlinum og eru þau flest mjög vinsæl hjá landanum ár hvert. Mörg jólalaga Björgvins eru löngu orðin klassísk og hljóma um hver jól. Árið 2006 efndi Björgvin til stórtónleika í Laugardalshöllinni ásamt Símfóníuhljómsveit Íslands og fyllti höllina þrisvar sinnum. Síðan þá hefur hann endurtekið leikinn ár hvert. Björgvin Halldórsson hefur fyrir löngu skipað sér á bekk meðal fremstu manna íslenskrar tónlistarsögu og það sæti mun vera merkt honum um alla framtíð.

### Fróðleiksmolar

- Fullt nafn: Björgvin Helgi Halldórsson.
- Gælunafn: Bó.
- Björgvin starfaði eitt sinn sem rötari.

### Eftirlætis tilvitnun:

„TCB. Taking care of Business“  
- E. Presley.



## Vala Guðnadóttir

Vala starfar sem bæði leikkona og söngkona, hún nam einsöng við framhaldsdeild Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan vorið 2000. Áður hafði hún lokið 8. stigi með hæstu einkunn frá Söngskólanum í Reykjavík. Hún hefur leikið og sungið í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu, Íslensku Óperunni og víðar. Vala fór með hlutverk Maríu í Söngvaseið í fyrra, en fyrir það hlutverk hlaut hún Grímuvörðlaunin sem Söngvari ársins 2009.

### Fróðleiksmolar

- Fullt nafn: Valgerður Guðrún Guðnadóttir.
- Gælunöfn Valgerðar eru Vala eða Valsmína hjá ákveðnum fjölskyldumeðlimum.
- Valgerður starfaði eitt sinn sem skrifstofumær.

### Eftirlætis tilvitnun:

„Afsakið mig og mína persónu ef einhver væri en engin er.“  
-Ofurhögsvær eldri frænka úr sveit.

## Helgi Björnsson

Helgi var söngvari í Grafík á árunum 1983-1986 og Síðan skein sól frá 1987 sem með tímanum breytti nafni sínu í SSSól. Fyrsta sólóplata Helga kom út í árslok 1997 og nefndist einfaldlega Helgi Björns. Sönginn og leiklistina hefur hann náð að sameina öðru hverju t.d. með þáttöku í söngleiknum Meiri gauragangur, í óperunni Carmen Negra og í Rocky Horror árið 1995, þar sem hann var í aðalhlutverki sýningarinnar. Helgi er höfuðpaur Reidmanna vindanna sem sendi frá sér plötuna Ríðum sem fjandinn árið 2008, við miklar vinsældir.

### Fróðleiksmolar

- Gælunafn: Holy B.
- Helgi starfaði eitt sinn sem málari.

### Eftirlætis tilvitnun:

„Couple of times.“



## Sigríður Thorlacius

Sigríður stundaði nám í klassískum söng við Söngskólann í Reykjavík um nokkurra ára skeið en færði sig svo um set yfir í Tónlistarskóla FÍH og lauk burtfararprófi af jazz-braut vorið 2008. Sigríður hefur sungið með Hljómsveitinni Hjaltalín frá árinu 2006. Sigríður hlaut í ár íslensku tónlistarverðlaunin sem rödd ársins fyrir söng sinn með Hjaltalín og á sólóplötu sinni Á ljúflingshól.

### Fróðleiksmolar

- Gælunafn: Sigríð.

### Eftirlætis tilvitnun:

„The bigger the hair, the closer to God.“



## Högni Egilsson

Högni hóf nám í fiðluleik hjá Lilju Hjaltadóttur aðeins fimm ára og stundaði það fram að unglingsárum. Árin 2006 til 2008 lagði hann stund á tónsmíðar í Listaháskóla Íslands, m.a. hjá Atla Ingólfssyni, Kjartani Ólafssyni og Hróðmari Inga Sigurbjörnssyni. Högni er aðallagahöfundur og söngvari Hljómsveitarinnar Hjaltalín og hefur komið fram með henni á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu sem og hér heima.



## Summer Watson

Summer er risandi stjarna í óperuheiminum og hefur sungið í mörgum af stærstu óperuhúsum heims. Hún kemur reglulega fram fyrir bresku konungsfjölskylduna og gerði það t.d. á 60 ára afmælistónleikum konunglegu fílharmóníusveitarinnar í Buckinghamhöll. Henni hefur verið lýst sem „klassískt menntuðum söngvara sem býr yfir silkimjúkri flauelsrödd sem svífur áreynslulaust yfir tónverk merkustu tónskálda sögunnar.“

\*Vinsamlegast athugið: Alexander, Paul og Summer koma eingöngu fram í Reykjavík.

## Paul Potts

Paul sló allrækilega í gegn árið 2007 þegar hann sigraði í fyrstu seríu sjónvarpshæfileikakeppninnar Bretland býr yfir hæfileikum eða „Britain's Got Talent“. Í sinni fyrstu áheyrnarprufu heillaði hann áhorfendur, dómaraþá þrjá og reyndar alla heimsbyggðina upp úr skónum. Paul Potts hefur síðan þá gefið út þrjár plötur, komist á toppinn í 15 löndum, farið í fimm uppseldar tónleikaferðir um heiminn, sungið fyrir Englandsdrottningu og hetjuna sína José Carreras, sem kallaði rödd hans „ótrúlegt hljóðfæri.“

## Alexander Rybak

Norska stórstjarnan Alexander Rybak kom, sá og sigraði í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem haldin var árið 2009 í Moskvu, með eigin tónsmíð, hinu stórskemmtilega Ævintýri eða „Fairytale“. Hann sigraði keppnina með miklum yfirburðum, hlaut samtals 387 stig og bætti þar með stigamet finnsku þungarokkaranna Lordi, sem árið 2006 hlutu 292 stig. Hann mun taka lagið með Jóhönnu Guðrúnu og er það í fyrsta skipti sem Evróvisjónfararnir snúa bókum saman.

# Ó JÓLIN TIL ÞÍN



## Kristján Jóhannsson

Það er of langt mál að telja upp öll afrek Kristjáns í óperu- og tónlistarhúsum um víða veröld, sigrar hans og viðtökur gagnrýnenda hafa yfirleitt verið á eina lund, hvort heldur sem er í Metropolitan óperunni, á Scala í Covent Garden eða í Carnegie Hall. Hann kom fyrst fram á óperusviði árið 1980 í Il Tabarro eftir Puccini við Osimo Teatro Piccola óperuhúsið í Fenejum. Síðan þá hefur hann stigið á helstu óperusvið heims og sungið þekktustu óperu- hlutverk tónlistarsögunnar.

### Fróðleiksmolar

- Kristján hóf tónlistarnám 8 ára gamall en þó ekki sögnám fyrr en um tívugt.
- Gælunafn: Kris.

## Jóhanna Guðrún Jónsdóttir

Jóhanna hljóðritaði sína fyrstu sólóplötu aðeins níu ára gömul. Platan kom út á tíu ára afmæli hennar árið 2000 og hlaut miklar vinsældir. Á unglingsárum sínum starfaði Jóhanna með erlendum upptökustjórum og söng- þjálfurum, einn þeirra er upptökustjórinn Thomas Yezzi sem sagði um Jóhönnu að hún væri „Hvít, íslensk unglings- stúlka með sál fimmtugrar blökkukonu.“ Jóhanna er eins og alþjóð veit ábyrg fyrir 2. sæti Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 2009.

### Fróðleiksmolar

- Gælunafn: Jobba.
- Jóhanna starfaði eitt sinn sem hestasveinn.

### Eftirlætis tilvitnun:

„Það sem ekki drepur þig, gerir þig sterkari.“

## Gissur Páll Gissurarson

Gissur hóf nám sitt í Söngskólanum í Reykjavík veturinn 1997 undir handleiðslu Magnúsar Jónssonar. Árið 2001 hóf Gissur nám við Conservatorio G.B. Martini í Bologna á Ítalíu. Sumarið 2003 steig hann sín fyrstu skref á ítölsku óperusviði sem Ruiz í óperunni Il Trovatore. Síðan þá hefur hann sungið í fjölmörgum óperum víðs vegar um heiminn. Haustið 2009 söng Gissur hlutverk Nemorio í uppsætningu Íslensku óperunnar á Ástardrykknum.

### Fróðleiksmolar

- Gissur starfaði eitt sinn við hellulögn.

### Eftirlætis tilvitnun:

„Ég geri ekki neitt fyrir neinn sem gerir ekki neitt fyrir neinn.“  
–Úr kvikmyndinni Sódóma Reykjavík.

## Ragnhildur Gísladóttir

Ragnhildur hefur verið í tónlistarbransanum í rúm 30 ár og komið víða við. Ragnhildur hefur gert það gott hér á landi í tónlist og leiklist, gefið út fjölmargar plötur, bæði í samstarfi við Stuðmenn og Human Body Orchestra, sem og sólóplöturnar Ragga & The Jack Magic Orchestra, Rombigy og Baby. Hún hefur samið tónlist fyrir leikverk og lauk prófi í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands árið 2008. Fyrr á árinu samdi Ragnhildur tvö dansverk, Bræður sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð í maí og Eins og vatnið á Reykjavík Dance Festival.

### Fróðleiksmolar

- Fullt nafn: Guðmunda Ragnhildur Gísladóttir.
- Gælunöfn: Rax eða Mama-raga.
- Ragnhildur starfaði eitt sinn sem 2. aðstoðartökumaður eða „clapper/loader“ við kvikmyndagerð.

### Eftirlætis tilvitnun:

„Af hverju fær þetta fólk sér ekki bara almennilega vinnu?“  
– Ásbjörn Óttarsson, alþingismaður.

## Haukur Heiðar Hauksson

Haukur er aðallagahöfundur og söngvari hljómsveitarinnar Diktu, sem er ein af vinsælustu rokkhljómsveitum landsins og hefur gefið út þrjár plötur á ferlinum. Haukur var ekki nema 4-5 ára gamall þegar hann lýsti því yfir að hann ætlaði að verða „læknir og spilamaður“ eins og pabbi. Það er ekki oft sem svo snemmborin fyrirheit rætast en Haukur Heiðar Hauksson stóð við sitt; hann útskrifaðist úr læknadeild HÍ vorið 2008.

### Fróðleiksmolar

- Gælunafn: Hauxi Hauxxx
- Haukur starfaði eitt sinn á lager í Samkaupum í Hafnarfirði.
- Fadir Hauks Heiðars er Haukur Heiðar Ingólfsson, heimilis- læknir og píanóleikari, kannski þekktastur fyrir að spila um áratugaskeið með Ómari Ragnarssyni á skemmtunum um land allt og á fjölda hljómplatna.

### Eftirlætis tilvitnun:

„Time is fun when you're having flies“  
– Groucho Marx.

Ásamt þessum ótrúlega glæsilega hópi söngvara kemur fram landslið hljóðfæraleikara undir stjórn Þóris Baldurssonar, Karlakórinn Þrestir undir stjórn Jóns Kristins Cortes, Gospelkór Óskars Einarssonar og Barnakór Kársnesskóla

# Jólagestir Björgvins

## Viðburðurinn

Jólagestir Björgvins eru nú haldnir í fjórða sinn og er gestalistinn glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Erlendar stjórstjórnur koma fram og við förum til Akureyrar í fyrsta skipti. Markmiðið er einfalt; að setja ný viðmið í tónleikahaldi á Íslandi.

Það er ekki að ástæðulausu sem tónlistin er gjarnan kölluð æðsta listformið, hún hefur fylgt mannum frá örófi alda og ekkert listform á eins greiðan aðgang að sálinni. Með glæsilegum aðbúnaði og færustu flytjendum landsins, og þótt víðar væri leitað, er ætlunin að bjóða uppá ógleymanlega upplifun sem vermir hjörtu og sálir þeirra sem koma og njóta tónleikanna.

N1

forsala hefst  
kl. 10:00 í dag,  
nánar á baksíðu.



kynnir tónlistarviðburð án hliðstæðu á Íslandi.

# Jólagestir Björqvins

# N1

20%  
afsláttur  
í þrjá daga!

Eingöngu  
fyrir N1  
korthafa

## FORSALAN OKKAR HEFST Í DAG KL. 10:00

N1 korthafar geta tryggt sér miða með 20% afslætti  
í sérstakri forölu á N1.is til kl. 22:00 sunnudaginn 17. október.



Það er auðvelt að nýta sér afsláttinn ef þú ert með kort frá N1. Þú ferð inn á N1.is og smellir á forsíðu-  
myndina af Björgvini Halldórssyni og félögum. Þar er að finna nákvæmar leiðbeiningar og miðakaup útskýrð  
á myndrænan hátt. Vinsamlegast athugið að takmarkað magn miða er í boði á þessu tilboðsverði og ekki er  
hægt að fá afsláttinn eftir á. N1 óskar viðskiptavinum sínum góðrar skemmtunar á þessum glæsilegu tónleikum!

# OG VITLEYSUNA



Þann þriðja á ferðamannastað rétt fyrir utan borgina. Svo eyddi maður sumrinu í að skemmta sér og kynna nýju fólki.“

Addú kynntist sambýlismanni sínum, kvikmyndagerðarmanninum Sindra Kjartanssyni, skömmu eftir heimkomuna frá Spáni og heillaðist það mikið af honum að hún elti hann til Hafnar í Hornafirði þar sem hann vann við gerð kvikmyndarinnar Bjólfskviðu. „Við vorum nýbyrjuð að hittast þegar hann flutti austur á Höfn í Hornafirði til að vinna við Bjólfskviðu. Mér fannst þetta ekki alveg vera málið og vantaði vinnu, og fékk mjög góðan vin minn, sem vann líka við myndina, til að ráða mig í vinnu svo ég gæti verið með Sindra og ekki sakaði að vera á launum líka,“ segir Addú og bætir við: „Maður reddar sér alveg.“

## VANTAÐI ROKKIÐ

Parið bjó í litlu hótélherbergi meðan á tökunum stóð og lýsir Addú tímanum sem stórskemmtilegum. „Við vorum saman alla daga, vöknudum í geðveiku stuði klukkan fimm á morgnana og fengum okkur instant-kaffi til að ræsa okkur og fórum svo að vinna. Þessi tími varð líka til þess að ég



„Ég tek ofan fyrir þeim sem láta fjölskyldulífið virka þrátt fyrir vinnuna. Ég held að það þurfi að ríkja mikill skilningur á báða bóga til að samböndin gangi því þessi vinna getur étið mann upp til agna.“

heillaðist af kvikmyndagerð og öllu „ruglinu“ sem henni fylgir. Fyrir utan að hafa kynnt öllum þessum skemmtilegu dugnaðarforkum.“

Innt eftir því hvað það er við þennan bransa sem heilli hana segist Addú bæði hafa gaman af keyrslunni sem fylgi starfinu og samvistunum við samstarfsfélagana sem hún kallar miklar hetjur. Hún segir þó mikið álag fylgja starfinu og að það taki sinn toll af samböndum þeirra sem vinna innan bransans. „Ég tek ofan fyrir þeim sem láta fjölskyldulífið virka þrátt fyrir vinnuna. Ég held að það þurfi að ríkja mikill skilningur á báða bóga til að samböndin gangi því þessi vinna getur étið mann upp til agna.“

Eftir Bjólfskviðu fékk Addú hvert verkefnið á fætur öðru og vann meðal annars við gerð sjónvarpsþáttanna Strákarnir, Stelpurnar og Næturvaktina. Hún segir vinnutímann við Næturvaktina hafa verið erfíðan þar sem dagarnir voru langir og einmana-legir. Í kjölfarið fékk hún nóg af

bransanum og þráði ekkert heitar en venjulegt líf með reglulegri vinnutíma og föstum launum. „Ég fann fyrir leiða og þreytu og þráði tilbreytingu. Ég fór að vinna sem sölumaður en það skritna er að það kom fljótt upp söknuður eftir hinu, þannig að ég hætti sölu-starfinu og var ráðin í sjónvarpsþáttinn Svarta engla. En ég er ánægð með að hafa prófað hitt því nú veit ég að „venjulegt“ líf hentar mér ekki. Það vantaði rokkið og vitleysuna.“

## GOTT SAMSTARF

Addú starfar nú sem framleiðandi hjá eftirvinnslufyrirtækinu Framestore og segist kunna mjög vel við sig þar. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í London og útibú bæði í New York og Reykjavík og er eitt hið stærsta í heiminum á sínu sviði. Hún á einnig fyrirtækið Kjartansson ehf. ásamt Sindra, en fyrirtækið framleiddi meðal annars heimildarmyndina Backyard í leikstjóri Árna Sveinssonar sem sýnd verður á kvikmyndahátíðinni CPH/DOX í nóvember og er einnig sýnd í Bíói Paradís fram yfir Airwaves-hátíðina. Innt eftir því hvernig það sé að vinna með kærastanum segir Addú það hafa

gengið ágætlega. „Við vinnum reyndar ekki mikið saman í dag. Hann vinnur mest sem aðstoðar-leikstjóri og framleiðandi á meðan að ég starfa alfarið fyrir Framestore. Samstarf okkar felst aðallega í því að ég skamma hann fyrir rassvasabókhald og kaup á gömlum bíldrulsum, sem fer ekkert alltaf vel í gamla Árbæinginn. Við erum ólík en við náum vel saman.“

Addú segist sáttt við lífið þessa stundina og telur ólíklegt að hún eigi eftir að skipta um starfsvettvang á næstunni. „Framework er að gera svo stórkostlega hluti í dag og tækifærin eru mörg þannig að ég fer ekki neitt.“

Blaðamaður spyr Addú að lokum út í annað áhugamál hennar, nefnilega bifhjól. „Ég reyni að hjóla eins mikið og ég get. Þessa dagana er ég reyndar kona á milli hjóla, ég er að leita að draumhjólinu mínu. Í framtíðinni langar mig að eiga bæði „chopper“ og „krossara“ þannig ég gæti eytt sumrinu í að þeysast um sveitirnar – á meðan Sindri vinnur,“ segir hún hlæjandi að lokum.

## NÝ SKÓSENDING Í GYLTA KETTINUM,



Lífsmottóið? Ekkert mottói, maður á bara að vera glaður, bjartsýnn og góður við náungann.

Uppáhaldsrétturinn? Það eru pottþétt gellurnar hjá honum Úlfari á Premur frókkum, hreinn unaður.



Uppáhaldsrétturinn? Sumar eða vetur, helst að sleppa þessu vesni sem er á milli, þó svo að haustlitinir séu alveg ótrúlega fallegir.



Allir skór á 12.800 kr. stærðir 36-41



AUSTURSTRÆTI 8-10 • SÍMI 5340005

Föstud. 29. október kl. 20 – UPPSELT  
 Sunnud. 31. október kl. 20 – UPPSELT  
 Laugard. 6. nóvember kl. 20 – UPPSELT  
 Sunnud. 7. nóvember kl. 20 – UPPSELT  
 Laugard. 13. nóvember kl. 20 – UPPSELT  
 Sunnud. 14. nóvember kl. 20 – UPPSELT

NÝJAR AUKASÝNINGAR :  
 Föstud. 19. nóvember kl. 20  
 Sunnud. 21. nóvember kl. 20



GIUSEPPE VERDI

# RIGOLETTO

ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON  
 ÞÓRA EINARSDÓTTIR · JÓHANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON  
 JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON · SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR  
 BERGÞÓR PÁLSSON · KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR  
 LÝSING: PÁLL RAGNARSSON · BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR  
 LEIKMYND: ÞÓRUNN SIGRÍÐUR ÞORGRÍMSDÓTTIR  
 HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON · LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON

WWW.OPERA.IS SÍMI MIÐASÖLU 511 4200 ÍSLENSKA ÓPERAN



Kate Moss Nordichphotos/getty



Nicole Richie

Mary-Kate og Ashley



**20% afsláttur**  
 af öllum vörum í dag  
 föstudag og á morgun  
 laugardag í tilefni  
 6 ára afmælis  
 verslunarinnar.

vertu vinur á facebook

**belladonna**

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460  
 www.belladonna.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



**Næsta listmunauppböð 8. nóvember**

Erum að taka á móti verkum núna í  
 Galleríi Fold við Rauðarárstíg

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma  
 551-0400, 896-6511 (Tryggvi),  
 845-0450 (Jóhann)

Opið virka daga 10-18, laugard. 11-16, sunnud. 14-16  
 Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA **fold**

Tískufyrirmyndir síðustu tíu ára skoðaðar:

# FLOTTAR KONUR

Það getur verið gaman að líta yfir farinn veg nú þegar árið 2010 fer að líða undir lok og skoða þær konur sem hafa sett sitt mark á tiskuna undanfarninn áratug og gjarnan lagt línurnar fyrir okkur hinar.

Ofurfyrirsætan Kate Moss er helsta tiskufyrirmynd breskra stúlkna og gerði meðal annars ballerínuskó, þröngar gallabuxur, vesti og vaðstígvél að skyldueign. Hún hannar fata-línu undir eigin nafni fyrir tiskuvöruverslunina Topshop sem hefur slegið í gegn, enda stúlkna með puttann á tiskupúlsinum.

Leikkonan Chloé Sevigny hefur löngum þótt töff, bæði hvað varðar val sitt á kvikmyndahlutverkum og á flíkum. Hún er meira að segja svo töff að hönnuðir á borð við Dolce & Gabbana,

Chloé og Uniqlo hafa beðið hana um að sýna hönnun þeirra. Tvíbúrasysturnar Mary-Kate og Ashley fóru frá því að vera sætar barnastjörnur yfir í heimþekktar tiskufyrirmyndir. Fatastíll þeirra einkennist einna helst af stórum og víðum flíkum, miklu skarti og stórum sólgleraugum. Aðrar sem hafa sett mark sitt á tisku síðustu tíu ára eru meðal annars leikkonan Sarah Jessica Parker, stílistinn Rachel Zoe, plötusnúðurinn Alexa Chung og raunveruleika-stjarnan Nicole Richie.

- sm



Rachel Zoe



Chloé Sevigny



Alexa Chung



# HAUSTÚTSALA

ETHANOL ARINELDSTÆÐI MEÐ

**50% AFSLÆTTI**


- SÓTAR EKKI
- MENGAR EKKI
- ÞARF EKKI ÚTBLÁSTUR
- EINFALT Í UPPSETNINGU



**RÚM OG DÝNUR MEÐ 30% AFSLÆTTI**

FAGLEG RÁÐGJÖF OG  
**FRÍ LEGUGREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



50% afsláttur af heilsukoddum  
Verð frá 3.500 kr



50% afsláttur af heilsupúðum  
Góðir fyrir mjóbakið



**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)

VERSLUNIN  
**Rúm  
Gott**  
ÍSLENSK HEILSURÚM

Götutískan á Airwaves

# TÍSKULEGIR tónlistarunnendur



**EMIL** Tvítugur  
tónlistarmaður  
frá Danmörku.

**A**irwaves-tónlistarhátíðin er í algleymingi um þessar mundir og miðbær Reykjavíkurborgar er fullur af tónlistarunnendum frá hinum ýmsu heimshornum. Þægilegur skófatnaður, hattar, rauðar varir, stuttbuxur og leðurjakkar einkennu áhorfendur. Sumir gengu skrefinu lengra og fóru ótroðnar slóðir í fatavali. Tónlistarhátíðir eru ágætis stökkpallur fyrir tískutilraunir.

Föstudagur fór á stúfana og festi nokkra hátíðargesti á filmu sem voru með tískustraumana á hreinu.

-áp, sm



**MALIN OLSON** 28 ára móttökustjóri frá Svíþjóð.



**JASMIN REXHEPI** blaðamaður frá Kosovo.



**SVALA** 21 árs starfsmaður í Rokki og rósum.



**MARGRÉT RÚNARSDÓTTIR** 23 ára gamall proskabjálfanemi og söngkona.



**ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR**  
24 ára háskólanemi.



**DOUGLAS SMIT** 26 ára gamall námsmaður frá Hollandi.



**ÁLFHEIÐUR MARTA OG THELMA HARALDSÓTTIR** 17 ára nemendur við Menntaskólann í Hamrahlíð.



**HALLDÓR ELDJÁRN** 19 ára tónlistarmaður ættaður úr Svarfaðardal.



**ANNA-MALIN GUÐMUNDSDÓTTIR** 21 árs námsmæri frá Svíþjóð og Íslandi.



**SONJA ÁSGEIRSDÓTTIR** 17 ára gömul námsmæri.



**GREG BARRETT** 35 ára gamall tónlistarmaður frá Írlandi.



**LAURA JIL BEYER** 24 ára plötusnúður frá Þýskalandi.



**JOSEFINE GUSTAVSSON OG HANNA LUIGA**

Josefine er 21 árs plötusnúður frá Svíþjóð og Hanna er 21 árs þerna frá Svíþjóð.

ICELAND  
AIRWAVES  
October 13 -17 '10  
FOUNDING SPONSOR ICELANDAIR



ENGIR TÓNLISTARMENN.  
ENGIN HÁTÍÐ.

**ICELANDAIR:** VIÐ FLYTJUM TÓNLISTARMENN.

Við hjá Icelandair erum stolt af því að hafa tekið þátt í að skapa og styðja við Iceland Airwaves frá upphafi.

ICELANDAIR  
WWW.ICELANDAIR.IS

# tíðin

\* stórir draumar



**MJÚKAR VARIR** Shea butter frá l'Occitane er gott fyrir þurra og viðkvæma húð, neglur og frostbitnar varir.

## Mælistikan

➤ Á uppleið

➤ Á niðurleið



**Rokk og ról!** Airwaves er í fullu gangi yfir helgina. Þeir sem ekki náðu að bóka miða í tæka tíð geta samt tekið þátt í rokkinu með því að sækja utandagskrárvíðburði.



**Hreyfingarleysi** Samkvæmt nýjustu tölum er Íslendingar nú á meðal feitustu þjóða heims og ætti fólk að huga svolítið betur að heilsunni og hreyfa sig meira.

**Öfundskýki** Það er gott að geta glaðst með öðrum og þess vegna ættu menn að láta alla öfundskýki lönd og leið.

**Geisladiskar** Gömlu góðu vínplötur eru að ryðja sér aftur til rúms og því ágætt að hvíla geisladiskana svolítið.

**Þykkar peysur** Nú er orðið nógu kalt til að klæðast notalegu, stóru, þykkum peysunum aftur. Tískuverslanirnar eru stútfullar af alls konar peysum þessa dagana og því úr nógu að velja!

**Heitir réttir** Indverskur, mexíkóskur og asískur matur er fullkomin leið til að seðja svanga maga á köldum haustkvöldum.



**Undirbúningur í hámarki** Harpa Einarsdóttir opnar sýninguna Skull and Halos í Gallery Lost Horse. Í bakgrunni sést í gífsstyttna sem er eftirmynd af líkama Brynhildar Guðjónsdóttur.

Harpa Einarsdóttir opnar myndlistarsýningu

## Geislabaugar og kúpur

Fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir opnar sýningu undir nafninu Skull and Halos í Gallerí Lost Horse á morgun. Á sýningunni eru teikningar, klippiverk, unnar með blandaðri tækni og skúlptúrar þar sem Harpa reynir að koma á framfæri mikilvægi jafnvægis milli góðs og illis. „Titill sýningarinnar er kominn af þessum eilífðar tilvísunum í baráttuna milli góðs og illis. Hvort tveggja verður að vera til staðar svo jafnvægi skapist. En þetta er samt létt og skemmtileg sýning þó að undir-

tónninn sé djúpur,“ segir Harpa sem er þekktari fyrir fatahönnun sína og búningahönnun í tölvuleikjum fyrir CCP.

„Upphaflega sótti ég um í bæði myndlist og fatahönnun í Listaháskólanum en komst inn í fatahönnunina svo það varð ofan á en myndlistin hefur ávallt verið ríkjandi í því sem ég tek mér fyrir hendur. Þegar ég var að vinna fyrir CCP fékk ég aftur löngunina að gera myndlist.“

Harpa hefur ekki haft langan tíma til að undirbúa sýninguna en unnið baki

brotinu síðustu tvær vikurnar. Meðal verka sem verða til sýnis er skúlptúr úr hestahauskúpum sem hún hefur safnað saman frá bóndabýli föður síns og gífsstytta af líkama Brynhildar Guðjónsdóttur leikkonu.

„Heimir Sverrisson og Gunnar Þór Nilsen hafa aðstoðað mig við að gera sýninguna að veruleika og er ég þeim mjög þakklát.“

Sýningin verður opnuð á morgun klukkan 19 í Gallerí Lost Horse á Hverfisgötu.

- áþ

SIEMENS



Uppþvottavél  
SN 46T590SK

Orkunotkun miðuð við  
borðbúnað fyrir einn.

0,11 kwst. 0,07 kwst.  
1995 2010

sparnaður  
-36%



Þvottavél  
WM 16S770DN

Orkunotkun miðuð við  
þvott á 1 kg á 60° C.

0,26 kwst. 0,13 kwst.  
1995 2010

sparnaður  
-50%



Kæliskápur  
KG 36VX74

Orkunotkun miðuð við  
100 l á sólarhring.

0,48 kwst. 0,25 kwst.  
1995 2010

sparnaður  
-48%

Sparaðu  
með Siemens

Siemens er þekkt fyrir umhverfisvæna stefnu sína og er í fremstu röð þegar skoðaðar eru tækninýjungar er varða orkusparnað á heimilum.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is





ÚR IÐRUM JARÐAR MEÐ  
OAKLEY RADAR BLACK IRIDIUM

SKOÐAÐU – PANTAÐU

[www.opticalstudio.is](http://www.opticalstudio.is)

Optical Studio  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



## HELGARRÁÐIN

### Björk Varðardóttir, einkaþjálfari hjá World Class.

**1** Það er mjög gott að búa til hollt brauð til að deila með vinkonum eða fjölskyldunni í morgunsárið. Það má borða með osti og pestói, og til að toppa þetta má hafa ávexti í skál á borðinu.



**2** Ef vel viðrar þá stendur Esjan alltaf fyrir sínu eða göngutúr í skemmtilegu umhverfi, góðar vinkonur skortir aldrei umræðuefni á meðan. Svo er líka hægt að hittast í ræktinni og taka góða æfingu saman, þar getur maður viðráð púkann í sér í leiðinni ef hópurinn skiptist á um að koma með áskoranir.

**3** Ég mæli með fiskmeti áður en farið er út á lífið og til að tryggja að við fáum sem mest af trefjum í slíkrí mál-tíð er mikilvægt að huga að meðlætinu. Ekki taka til dæmis hýðið af sætu kartöflunum því rétt undir hýðinu er trefjaríkasti hlutinn.



**4** Gott ráð til að stilla narti í hóf í partii um helgina er að nota vinstri hendina til að ná í góðgætið úr skálinni ef þú ert rétt hent og hægri hendina ef þú ert örvhent, aðferð sem þrælvirkar!

**5** Það er fátt sem bætir heilsuna jafn mikið eins og góður svefn. Ekki láta lystarleysi ná völdum daginn eftir skemmtilegt kvöld, því fyrr sem þú nærð að fá þér næringarríkan mat því fyrr kemst blóðsykurinn í eðlilegt horf en þynnkutílfíningin getur komið út af lágum blóðsykri.

# Panasonic TOPPTILBOÐ

ideas for life



### Panasonic TXP42G20

42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ** **249.990**

FULLT VERÐ kr. 319.990



### Panasonic TXL32C20

32" LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, Vreal 4, 40.000:1 skerpu, 24p Playback, Progressive Scan, Intelligent Scene Controller 3D, Colour Management Sub-Pixel Control, VIERA Link, stafrænum DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI tengi ofl.

**TILBOÐ** **109.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990



### Panasonic TXP42C2

42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ** **124.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990




### Panasonic TXP42S20

42" Full HD 1080p Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback Plus/ Playback, 2.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), kortalesara ofl.

**TILBOÐ** **179.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990



### Panasonic TXP46G20

42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 x USB fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ** **329.990**

FULLT VERÐ kr. 369.990



STOFNAB 1971

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



ALLAR GERÐIR

UMBODSMENN UM LAND ALLT - REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hlíðsmýn, Akranesi, Hagkaup, Borgarnesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hallissandi, Skipavík, Stykkishólmi, VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi, Samkaup, Ísafirði, NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsnæringa, Hvammstanga, Smárabær, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Hagkaup, Akureyri, Heimilistækni, Akureyri, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Kauptún, Vognafríði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Sparkaup, Faskrúðsfirði, Nettó, Hólm Hornfirði, SUÐURLAND: Mosfell, Helli, Fossmat, Selfossi, Geisli, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Heimilistækni, Reykjanesbæ, Hagkaup, Njarðvík.



## Haustgleði við Gömlu höfnina um helgina

Verslanir með ýmis tilboð á fallettri gjafavöru. Opíð frá 11 - 17 Tónlistarmyndbönd tengd Airwaves-hátíðinni í Cinema no. 2. Veitingahús með tilboð í tengslum við Airwaves.

Sægreifinn | Höfnin | Sushi smiðjan | Café Haití | Cinema no. 2 | Galleri Dunga | Sædis gullsmiðja | Sjóhaturinn | Vikingloft



„Það er algjörlega nauðsynlegt að fara á námskeið og læra réttu aðferðina,“ segir Gísli Steinar.

# Svifið vængjum þöndum

Ungt áhugafólk um svifvængjaflug hefur komið upp Svifvængjasetri á Akureyri og staðið fyrir námskeiðum. „Tilvalið sport í kreppunni,“ segir Gísli Steinar Jóhannesson, leiðbeinandi hjá Svifvængjasetrinu.

Svifvængjasetur Norðurlands er í miðbæ Akureyrar, með aðsetur hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Að setrinu stendur ungt fólk með ódrepanni áhuga á svifvængjaflugi og ævintýraþrá í blóðinu. Það hefur meðal annars boðið upp á námskeið í svifvængjaflugi.

„Í sumar buðum við upp á nýjung, dagsnámskeið í svifvængjaflugi þar sem farið var í undirstöðuatriði flugsins, hvernig stjórna eigi vængnum frá jörðu og tókum jafnvel nokkur „hólahopp“, svif af hól niður á jafnsléttu á aðeins sex klukkutímum.“ segir Gísli Steinar Jóhannesson, leiðbeinandi hjá Svifvængjasetrinu, sem segir flug á svifvængjum vera mikið ævintýri og að hann hafi heillast algjörlega strax í fyrsta flugi árið 2008. Hann vill ekki láta titla sig eiganda Svifvængjasetursins enda sé ekkert að eiga heldur sé þetta félagsskapur fólks sem hafi áhuga á svifvængjaflugi.

En hvað kom til að Svifvængjasetrið var sett á stofn? „Þetta er búið að vera vinsælt í Reykjavík í nokkur ár, reyndar gengið nokkuð í bylgyum en nú virðist vera kominn stöðugur hópur sem stundar þetta og þá þótti okkur tímabært að starta námskeiðum hér fyrir norðan. Þetta er líka svo ódýrt sport, bara stofnkostnaður

Gísli Steinar Jóhannesson, leiðbeinandi hjá Svifvængjasetrinu á Akureyri, kennir tólf ára syni sínum réttu taktana.



í búnaðinum en hann er nánast viðhaldsfrír og sjálft flugið kostar ekki neitt. Tilvalið í kreppunni.“ Námskeiðahaldið mun þó liggja niðri í vetur, en Gísli Steinar segir að farið verði af stað af fullum krafti snemma næsta vor. „Það er ekkert gaman að fljúga á svifvængjum á veturna, þótt veðrið sé gott dimmir svo fljótt og maður sér ekki neitt.“

Spurður hvort svifvængjaflug sé ekki hættulegt, segir hann að það geti verið mjög hættulegt ef menn viti ekki hvað þeir eru að gera.

„Þess vegna er algjörlega nauðsynlegt að fara á námskeið og læra réttu aðferðina,“ segir hann. Í svifvængjafélaginu á Akureyri eru fimm virkir félagar, en Gísli segist ekki efast um að þeim eigi eftir að fjölga næsta sumar. Starfsemi félagsins sé ekki bundin við Akureyri, nemandur hafi komið bæði frá Dalvík og Norðfirði og áhuginn sé alltaf að aukast. Kannski Akureyringar stytti sér skammdegið með draumum um svifvængjaflug að vori.

fridrikab@frettabladid.is

**Frábær vetur framundan í Hofi!**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

**PÉTUR OG ÚLFURINN Í HOFI**  
Míðvikudaginn 27. Október kl: 17:00

Sviðsett með leikbrúðum í samstarfi við Brúðuheima í Borgarnesi og Leikfélag Akureyrar.

Miðaverð 1.500 kr.

**AÐVENTUVEISLA Í HOFI**  
uppselt Laugardaginn 4. desember kl: 18:00  
Aukatónleikar 5. desember kl: 16:00

Einsöngvarar Diddú og Páll Óskar Stjórnandi Guðmundur Óli Gunnarsson

Miðaverð í forsölu: 3.200 kr.

Miðasala á [www.menningarhus.is](http://www.menningarhus.is) og í síma 450-1000

[www.sinfonianord.is](http://www.sinfonianord.is)

**5125050**

Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...

Gamli bærinn í Laufási lifnar við á morgun milli 13.30 og 16, þegar hægt verður að sjá hvernig kindahausar eru sviðnir, smakka reyktan bringukoll og bragða á fjalla-grasaslátri og -súpu. Þá verður slegið upp haustmarkaði og boðið upp á lummu-kaffi í Gamla prestshúsinu.

Heimild: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

**Hótelíbúðir í hjarta Akureyrar**

**Hótel ÍBÚÐIR**

Hótel Íbúðir | Geislagata 8 | 600 Akureyri | sími 8929838 | Netfang: [hotelibudir@hotelibudir.is](mailto:hotelibudir@hotelibudir.is) | [www.hotelibudir.is](http://www.hotelibudir.is)

„Leynilega uppskriftin að árangri er eldmóður“

- Walter Chrysler

Blek er hönnunarhús með fókus á mörkun og miðlun

[www.blekhonnun.is](http://www.blekhonnun.is)

**blek**

Bitra ehf / Græni Hatturinn kynna með stolti

**HOF**  
MENNINGARHÚS

**Hjaltalín**

ásamt Kammersveit Sinfóníuhljómsveitar norðurlands flytja efni af metsöluþlötunum Sleepdrunk Season og Terminal ennfremur sem þau frumflytja nýtt efni föstudaginn 5. nóvember kl 20.00

Miðasala í Hofi og á [midi.is](http://midi.is)  
Miðaverð kr.4400  
Námsmannatíloð kr.3500













**JÓHANNES SVEINSSON KJARVAL** (1885-1972) listmálari fæddist þennan dag „Ef þú vilt koma í veg fyrir að vera gagnrýndur, þá skaltu ekkert gera, ekkert segja og ekkert vera.“



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengda-faðir, afi og langafi,

**Magnús K. Geirsson**  
rafvirki, Lækjasmára 6, Kópavogi,

sem lést á heimili sínu fimmtudaginn 7. október, verður jarðsungen mánudaginn 18. október kl. 13.00 í Bústaðakirkju.

Bryndís Magnúsdóttir  
Geir Magnússon  
Unnur Magnúsdóttir  
Guðlaugur Hilmarsson  
barnabörn og barnabarnabarn.

Áslaug S. Svavarsdóttir  
Daniel Helgason



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Borghild Edwald**

andaðist á heimili sínu sunnudaginn 10. október. Útförin hefur farið fram í kyrkþey, að ósk hinnar látnu.

Sigrún Þórarinsdóttir  
Kristján Þórarinnsson  
Bergsveinn Þórarinnsson  
Ásta María Þórarinsdóttir  
barnabörn og langömmubörn

Heiðís N. Hansdóttir  
Garðar Þorleifsson



Kærar þakkar færur við öllum sem sýndu okkur samúð, blýju og vináttu við útför vinar, föður, afa og bróður,

**Jóhannesar Ingólfs**

**Jónssonar**  
rafvirkjameistara, Hlíðarhúsum 7.

Sérstakar þakkar færur við starfsfólki og vinum á deild 1B og öðrum sem önnuðust hann á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða nærveru og umönnun.

Ólöf Sigríður Stefánsdóttir  
Ásta Guðrún Jóhannesdóttir  
Jón Kristinn Jóhannesson  
barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Svanhildur Erla**

**Benediktsdóttir**

Tjarnarbraut 22, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 10. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 18. október, kl. 13.00.

G. Hafsteinn Ögmundsson  
Anna Margrét Hafsteinsdóttir  
Bjarki Birgisson  
Agnes Jónsdóttir  
Emelía Hafsteinsdóttir  
barnabörn og aðrir aðstandendur

Fríðrik K. Jónsson  
Árni Sigurðsson  
Björgvin Karl Haraldsson  
Elis Óttar Jónsson



Ástkær faðir okkar, bróðir og mágur,  
**Þróstur Rafnsson**  
frá Neskaupstað,

lést á heimili sínu á Reyðarfirði 3. október sl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 15. október klukkan 13.00.

Sunna Prastardóttir  
Valdís Anna Prastardóttir  
Einar Rafnsson  
Auður Rafnsdóttir  
Hörður Rafnsson

Ragnheiður Thorsteinsson  
Geir Oldeide  
Karítas Jónsdóttir



Hjartkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Kristófer Þorgeirsson**

sem andaðist á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi laugardaginn 9. október, verður jarðsungen frá Borgarneskirku mánudaginn 25. október kl. 14.00.

Ólína Jóhanna Gísladóttir  
Björg Hólmfríður Kristófersdóttir  
Gísli Kristófersson  
Þorgeir Kristófersson  
Einar Kári Kristófersson  
afa- og langafabörn.

Þórður B. Bachmann  
Þóra Ragnarsdóttir  
Inga Pétursdóttir  
Kolbrún Karlsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Jónas Ingimundarson píanóleikari ásamt söngvurunum Ólafi Kjartani Sigurðarsyni og Gunnari Guðbjörnssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

ÁRNI THORSTEINSSON TÓNSKÁLD: 140 ÁR FRÁ FÆÐINGU HANS

# Flytja áður óþekkt lög Árna

Í dag eru 140 ár liðin frá fæðingu tónskáldsins Árna Thorsteinsson (1870-1962). Af því tilefni verða áður óþekkt lög eftir hann frumflutt á tónleikum í Salnum í Kópavogi í kvöld klukkan 20. Söngvararnir Gunnar Guðbjörnsson og Ólafur Kjartan Sigurðarson flytja lögin við undirleik Jónasar Ingimundarsonar.

„Þetta er mikill fengur fyrir tónlistarunnendur, en Árni var okkar fremsti sönglagahöfundur,“ segir Jónas, sem fékk handritin í hendur eftir að þau komu fram. „Það finnst alltaf öðru hvoru eitt og eitt óþekkt verk eftir tónskáld eins og Mozart eða Vivaldi, sem bætir þó engu við höfuðverkin sjálf. Í þessu tilfelli koma fram í kringum tuttugu lög sem gefa öðrum góðverkum Árna ekkert eftir og eru viðbót við það sem áður er þekkt.“

Jónas segir Árna hafi samið lög á árunum frá 1900 til 1921 eða 1922. Þá virðist sem hann hafi hætt að semja, kannski vegna tímaskorts, en Árni var ljósmyndari að atvinnu og rak ljósmyndastofu, starfaði í banka og fleira. Jónas segist þó lengi hafa grunað að fleiri lög væru til eftir Árna.

„Í ævisögu Árna sem hann skrifaði sjálfur, Harpa minninganna, koma fram titlarnir á flestum þessara laga í skrá sem er yfir verkin hans í bókinni. Ég hafði aldrei séð þessi lög og hef þó brasað í þessu í fimmtíu ár. Mig grunaði því að þau biðu einhvers staðar,“ segir hann og bætir við að lögin sem frumflutt verði nú séu rómantísk með miklar og breiðar sönglínur. „Þau klæða raddir þeirra Gunnars og Ólafs Kjartans mjög vel,“ segir hann. Einnig verða flutt þekkt lög eftir Árna svo og lög sem hafa komið út en hafa sjaldan verið flutt.

heida@frettabladid.is

## Merkisatburðir

- 1894** Alfred Dreyfus er handtekinn og sakaður um njósnir. Þetta er upphafið á Dreyfus-málinu.
- 1940** Strandferðaskipið Esja kemur til Reykjavíkur frá Petsamo í Finnlandi með 258 íslenska ríkisborgara, sem höfðu lokast inni í Evrópu vegna stríðsins.
- 1975** Fiskveiðilögsaga Íslands er færð úr 12 sjómílum í 50. Bretar mótmæla sem fyrr og lýkur samningum við þá í júní 1976.
- 1979** Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins undir forsæti Benedikts Gröndal tekur við völdum og situr í tæpa fjóra mánuði.
- 1983** Samtök íslenskra skólalúðrasveita eru stofnuð.
- 1946** Hermann Göring fremur sjálfsmorð aðeins nokkrum klukkutímum fyrir átælaða aftöku hans.
- 1951** Gamanþátturinn I Love Lucy með Lucille Ball er frumsýndur í Bandaríkjunum.
- 1990** Mikael Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, hlýtur friðarverðlaun Nóbels.



Eigenmaður minn og faðir okkar  
**Jón M. Baldvinsson**

lést á heimili sínu þann 1. okt. sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrkþey að ósk hins látna.

Hólmfríður Guðmundsdóttir, Svanborg, Sólrún og Sigrún.



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is



ÞAÐ ER HOLLT AÐ SPARA  
**LÆGRA**  
LYFJAVERÐ Í 14 ÁR

 **Apótekið**  
–einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. sálar, 6. í röð, 8. rölt, 9. stækkaði, 11. samtök, 12. ofanálæg, 14. stoðvirki, 16. í röð, 17. kvk. nafn, 18. til viðbótar, 20. til dæmis, 21. velta.

## LÓÐRÉTT

1. þjaka, 3. átt, 4. veiðarfæri, 5. keyra, 7. fíkin, 10. ílát, 13. gljúfur, 15. Listastefna, 16. húðpoki, 19. nudd.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2. anda, 6. rs, 8. ark, 9. jók, 11. aa, 12. álegg, 14. grind, 16. hl, 17. ló, 18. em, 20. td, 21. snva.  
LÓÐRÉTT: 1. hjá, 3. na, 4. dragnt, 5. aka, 7. sólin, 10. ker, 13. gil, 15. íða, 18. em, 20. td, 21. snva.

## NÝR OG SPENNANDI MATSEÐILL

Nýjar pizzur, Brauðstangir Deluxe og nýjar áleggstegundir: Þistilhjórtu, tígrískjur, túnfiskur, piparostur og gráðostur.

» Sösa með sólpuurkuðum tómötum og hvítlauk, túnfiskur, tígrískjur, þistilhjórtu og hvítlaukur.



## Blue Ocean NÝTT!

» Pepperoni, beikon, piparostur, rjómaostur og svartur pipar.




## Meat &amp; Cheese NÝTT!

## Hópatilboð: 3.490 kr.

Heimsending: 2x stór pizza með 2 áleggstegundum og 2 skammtar af brauðstöngum eða eftirrétum.

**NÝTT!** Skiptu brauðstöngunum út fyrir Ostagott, Kanilgott, Súkkulaðigott eða Brauðstangir Deluxe, fyrir einungis 100 kr.



## Tvennutilboð Domino's

Þú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og færð aðra pizzu sömu stærðar að auki.

**NÝTT!** Skiptu brauðstöngunum út fyrir Ostagott, Kanilgott, Súkkulaðigott eða Brauðstangir Deluxe, fyrir einungis 100 kr.



58-12345  
dominos.is

## Menningararfur

## BAKÞANKAR Bergsteins Sigurðssonar

Hingað til hefur verið nokkuð almenn sátt hér á landi um að það séu viss samfélagsleg verðmæti í því að greiða listamönnum laun úr opinberum sjóðum. Að undanfögnu hefur sú skoðun gert vart við sig að listir séu fyrst og fremst samfélagslegur lúxus sem við höfum ekki efni á á krepputímum; eins konar andlegt súkkulaði sem fýkur um leið og við þurfum að herða sultarólina. Þetta er misskilningur. Listsköpun er ekki aðeins nærandi, hún er beinlínis nauðsynleg hverju samfélagi sem vill kenna sig við lýðræði.



EFVEL tekst til fær listamaðurinn fólk til að sjá veröldina frá nýju sjónarhorni og til að efast um hið óbreytta ástand. Hann vekur okkur til umhugsunar, stuðlar að samræðu og eflir samkennd. Þetta er límið í lýðræði. Það er ekki tilviljun að listamenn eru einatt í hópi þeirra fyrstu sem harðstjórar reyna að koma böndum á. Listamenn eru óvinir einræðis, einsleitni, ofstoppa og kúunar. Bækur eru ekki bannaðar fyrir að vera listrænt flúr, þær eru bannaðar af því að þær geta grafið undan heilu valdakerfi.

**NÝBAKAÐUR** friðarverðlaunahafi Nóbels, Liu Xiaobo, er ljóðskáld. Hann er í fangelsi fyrir andóf gegn valdstjórninni í Kína.

Í Noregi eru sumir að fá bakþanka yfir að hafa veitt honum friðarverðlaunin því þeir óttast að verða af verðmætum fiskmörkuðum í Kína. Út af ljóðskáldi. Á Íslandi eigum við að heita óhult fyrir ofsóknum vegna skoðana okkar. Markaðssamfélagið fer hins vegar aðrar leiðir til að halda aftur af hinum óstýrilátu: það elur á andúð í garð þeirra; kallar þá afætur sem svipta annað fólk lækniþjónustu. Liu Xiaobo yrði ekki settur í fangelsi hér á landi en honum yrði sagt að fá sér „eðlilega vinnu“.

**EIN AF** afleiðingum markaðshyggjunnar er að listamenn hafa þurft að réttlæta tilvist sína á forsendum hennar – að þeir búi víst til peninga. Fyrir vikið verður sjálf listsköpunin – það sem ljær starfi þeirra merkingu – að aukaafurð. Samkvæmt þeirri forskrift fékk Halldór Laxness ekki Nóbelsverðlaun af því að hann var merkilegur rithöfundur, heldur var hann merkilegur rithöfundur af því að hann fékk Nóbelsverðlaun.

**ANDÚÐIN** á listamannalaunum snýst ekki einu sinni um arðsemi sem slíka. Listamenn gætu allt eins sýnt fram á sýndargróða í formi arðs af taprekstri; fulltrúar markaðarins myndu samt líta á það sem meiri „verðmætasköpun“ en sjálfa afurðina sem listamaðurinn býr til. Markmiðið er að steypa alla í sama mót og beygja undir eitt hugmyndakerfi, þar sem er ekki pláss fyrir efa og mótþróa. Höfum við efni á því?

## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



# SKÍÐIN, STAFIRNIR & GLOSSIÐ KLÁRT!



## Ævintýrin gerast í Ölpunum!



Við hjá Úrvali Útsýn tókum þessa dagana á móti bókunum hundruða Íslendinga sem stefna á skíðaferðir í vetur. Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að stíga í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur og bari við sitt hæfi í Ölpunum.

Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk martargerð og sannkölluð "après ski" stemning í heilnæmu fjallalofti Alpanna er eitthvað sem allir ættu að upplifa.

Hafðu samband og kynntu þér úrval skíðaferða hjá Úrvali Útsýn.



ÚRVAL-ÚTSÝN

**EKKI MISSA AF** síðasta sýningardegi sýningarinnar Ár – málverkið á tímum straumvatna í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á sunnudag. Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna og rithöfundarnir Auður Ava Ólafsdóttir og Eiríkur Guðmundsson lesa úr nýjum skáldverkum sínum.

# ALPJÓÐLEGUR SKÁLDATÍMI Í IOWA

Sölvi Björn Sigurðsson er í hópi um 40 rithöfunda frá öllum heimshornum sem boðið var í þriggja mánaða ritsmiðju á vegum Iowa-háskóla í Bandaríkjunum í ár. Hann segir þetta frábæra reynslu sem hleypt hafi nýju lífi í skáldsögu sem hann vinnur að.

Á hverju ári er um 40 rithöfundum frá öllum heimshornum boðið til dvalar við Iowa-háskólann í Bandaríkjunum um þriggja mánaða skeið til að kynna bandarískum bókmenntaheimi og vinna að eigin verkum. Sölva Birni Sigurðssyni rithöfundu var boðið í ár og hefur skeytið ytra um nokkurra vikna skeið.

„Þetta hefur verið frábær reynsla,“ segir Sölvi. „Maður ræður tíma sínum nokkurn veginn sjálfur og getur því setið inni á hóteli við skrifitir út í eitt ef út í það er farið.

Ég hef nýtt tækifærið til að komast almennilega inn í nýja skáldsögu en það hefur líka verið frábært að kynna þessum höfundum og bera saman bækur sínar við þá. Í hverri viku eru nokkrir upplestrar, fyrirlestrar, ljóðakvöld og ritsmiðjur sem manni gefst kostur á að sækja og taka þátt í hér og þar um borgina. Það má segja að hér sé allur höfundaskallinn ef svo má að orði komast, ungir höfundar sem eru



**SÖLVI BJÖRN** Hafði hugsað sér að láta næstu skáldsögu sína gerast að hluta til í bandarískum háskólabæ. Það var því himnasending þegar sendiráð Bandaríkjanna hafði samband við hann í vor og bauð honum til Iowa.

## AÐRIR ÍSLENSKIR RITSMIÐJUGESTIR

1976 Sigurður A. Magnússon  
1983 Guðmundur Steinsson  
1984 Steinunn Sigurðardóttir

1986 Guðbergur Bergsson  
1988 Birgir Sigurðsson

nýbúinir að gefa út sitt fyrsta verk og svo aðrir sem hafa selt milljónir eintaka af sínum bókum.“

### Nærast á eigin sérvisku

Sölvi segir að skynja megi hvernig straumar og stefnur geta verið mismunandi hjá höfundum eftir

uppruna en enginn merkjanlegur munur sé á því hvernig höfundar nálgast starf sitt.

„Rithöfundar nærast að mestu á eigin sérvisku og það kemur berlega í ljós þegar maður umgengst svona margt ólíkt fólk; sumir þurfa að ganga fimm kílómetra

áður en þeir setjast niður til að skrifa, aðrir vakna seinni partinn, sumir drekka ekki kaffi, aðrir þola ekki morgunmat og þar fram eftir götunum.“

Sölvi hefur líka gefið sér tíma til að ferðast. „Ég fór til Wyoming á kúrekabúgarð og hitti þar kúreka-skáld – vestraútgáfan af rímna-skáldum – og nú stendur til að fara til Portland í Maine að setja upp leikrit eftir mig og þaðan til Washington D.C. og New York að hitta fólk í bókmenntaheiminum og útgáfubransanum þar.“

### Vinnur að nýrri skáldsögu

Bandaríska sendiráðið á Íslandi hafði milligöngu um að senda Sölva til Iowa og stendur straum af kostnaðinum við dvölinna. Sölvi, sem í fyrra sendi frá sér skáldsöguna Síðustu dagar móður minnar og hefur nýlengi við að þýða Ofviðrið eftir Shakespeare, segir það hafa verið sannkallaða himnasendingu þegar sendiráðið hringdi í hann í vor og bauð honum út.

„Það stóð alltaf til að næsta skáldsaga myndi millilenda í bandarískum háskólabæ á austurströndinni og eftir því sem líður á dvölinna hefur hugmyndin styrkst og dýpkað, eins og gerist þegar nýjar upplifanir taka sér bólstað í manni.“ Bókin fjalli þó fyrst og fremst um Ísland, „með stærra Í- i en venjulega. Hún á að heita Það er ekki í lagi með okkur og kemur út á næsta ári, ef allt gengur að óskum.“

bergsteinn@frettabladid.is

**TJARNARBÍÓ**

FIM. FÖST. LAUG. **Iceland Airwaves**  
Nánar á [www.icelandairwaves.is](http://www.icelandairwaves.is)

FIM. **Silesian/ÍD [id]**  
**Colorblind/Singletrack**  
Nánar á [www.tjarnarbio.is](http://www.tjarnarbio.is)

LAUG. **„Allt fyrir mixið“**  
Dj-græjukynning  
Nánar á [www.tjarnarbio.is](http://www.tjarnarbio.is)

SUN. **Tónleikar: Hrólfur Jónsson**  
Nánar á [www.tjarnarbio.is](http://www.tjarnarbio.is)

Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15  
Sími: 527 2100 [www.midi.is](http://www.midi.is)

**KAFFIHÚSIÐ MAJONES**  
opið alla daga frá kl. 8-23

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

**Hjálparstarf kirkjunnar**  
[www.help.is](http://www.help.is)

**Grallaralegt ævintýri fyrir stelpur og stráka**

★★★★★  
„Gaman!!!! Listamennirnir slá hvergi af kröfum sínum.“  
EB, Fbl.

★★★★★  
JVJ, DV

„Ein besta barnasýning síðasta árs... skemmtileg tónlist, fallegt mál, smekklegr umgjörð og góður leikur.“  
SG, Mbl.

**Sýningar í fullum gangi**

**Sýningadagar**

Lau. 16/10 kl. 13	Örfá sæti
Sun. 17/10 kl. 14	Uppselt
Lau. 23/10 kl. 13	Örfá sæti
Sun. 24/10 kl. 14	Uppselt
Lau. 30/10 kl. 13	Örfá sæti
Sun. 31/10 kl. 14	Örfá sæti

**HÖRIN Á HÖFÐI**

**Borgarleikhúsið**  
í samstarfi við GRAL

Miðasala | 568 8000 | [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



**KRISTJÁN OG FÉLAGAR** Listafólkið á tónleikunum gefur vinnu sína og rennur allur ágóði til MND-félagsins á Íslandi.

## Tónleikar til styrkar MND-félaginu

Hópur listamanna undir forystu Kristjáns Jóhannssonar efnir til tónleika í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði laugardaginn 23. október til styrktar MND-félaginu á Íslandi.

Með Kristjáni verða nokkrar skærustu söngstjörnur landsins og ætla þau að flytja léttklassísk verk, einsöngslög og dúetta. Listafólkið gefur vinnu sína og rennur allur ágóðinn til íbúðasjóðs MND-félagsins.

Auk Kristjáns Jóhannssonar koma fram á tónleikunum Anna Sigríður Helgadóttir messó-sópran, Gissur Páll Gissurason tenór, Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Kristján Ingi

Jóhannesson bassi, Lilja Eggertsdóttir sópran og Valgerður Guðnadóttir sópran. Undirleik annast Jónas Þórir en kynnr á tónleikunum verður Jóhann Sigurðarson leikari.

„Við erum ákaflega þakklát þessu frábæra listafólki sem hefur ákveðið að styrkja okkur í að koma upp aðstöðu sem brýn þörf er fyrir,“ segir Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins.

Tónleikarnir í Víðistaðakirkju hefjast klukkan 17.00 laugardaginn 23. október. Forsala aðgöngumiða er hafin á [www.midi.is](http://www.midi.is) og kostar miðinn 3.500 krónur.



Aðeins 0,6g af transfitusýrum í 100g



Smakkaðu mjúkar  
kleinur frá Myllunni

## Smakkaðu transfitusnauðar Myllukleinur

Kauptu ekta íslenskar kleinur frá Myllunni.

Þær eru hágæða íslensk  
framleiðsla og fást nú í  
25% meira magni á  
sama verði og áður.



### Kleinugott frá Myllunni



Fátt er betra með kaffinu en ekta íslenskar Myllukleinur. Notaðu tækifærið í dag. Náðu þér í kleinupoka í næstu búð. Kleinurnar frá Myllunni innihalda aðeins 0,6g af transfitusýrum í hverjum 100g. Það er 5-10 sinnum minna magn en í öðrum kleinum á markaðnum samkvæmt prófunum Matís. Þældu í því og náðu þér í poka!

25%  
meira  
í dag

Kauptu mjúkar íslenskar Myllukleinur í næstu verslun

Aðeins 0,6g af transfitusýrum í 100g

### Myllan á netinu

Kíktu á vefsíðuna okkar [www.myllan.is](http://www.myllan.is). Þar eru upplýsingar um vörurnar okkar. Þar má líka finna heilsustefnuna okkar auk fróðleiks, greina og uppskrifta. Einnig má finna þar greinagóðar upplýsingar um orku- og næringarefni. Myllan er líka á Facebook - vertu vinur okkar!

[www.myllan.is](http://www.myllan.is)



# DISSA

*Jósaúfur*





# Fréttablaðið gefur tvö hundruð miða í leikhús

Fréttablaðið býður tvö hundruð lesendum á Dísu ljósálf. Komdu í Austurbæ kl. 12 á hádegi föstudaginn 15. október og þú færð gefins miða á sýninguna.

Fyrstu hundrað sem mæta fá tvo miða sem gilda á sýninguna sunnudaginn 24. október.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

GLÆPAFARALDUR Í EYMU

# GLÆPAFARALDUR Í EYMU

Síðustu dagar glæpafaraldurs. Spennubækur á kr. 1.990,-



Hafðu það notalegt um helgina!

Eymundsson.is

**Eymundsson**  
Bóksali frá 1872

**5125050**  
Auglýsingasími

## > AFTUR Á LOFT

Miklar sögur ganga nú um Hollywood þess efnis að gerð verði framhaldsmynd Top Gun frá 1986. Öruggt er talið að **Tom Cruise** muni leika aðalhlutverkið en framleiðandi er enginn annar en Jerry Bruckheimer. Þessar hugmyndir hafa fengið byr undir báða vængi eftir velgengni framhaldsmyndarinnar Wall Street: Money Never Sleeps.

# fólk

folk@frettabladid.is



## Ósáttur Arnett

Leikarinn Will Arnett hvetur aðdáendur sína til að taka þátt í undirskriftasöfnun til bjargar nýjasta sjónvarpsþætti sínum. Þátturinn, Running Wilde, fór í loftið í síðasta mánuði en hlaut fremur dræmt áhorf. Arnett leikur sjálfumglaðan milljónamæring sem reynir að heilla gamla kærustu úr menntaskóla að nýju. Fox-sjónvarpsstöðin pantaði þrettán þætti af Running Wilde en Arnett telur ólíklegt að fleiri verði gerðir ef áhorfið eykst ekki.

Aðdáendur hafa tekið vel í bón Arnetts enda er hann í guðatölu hjá mörgum, sér í lagi gömlum aðdáendum Arrested Development.

ÓSÁTTUR Will Arnett reynir að bjarga nýjasta grínþætti sínum.


**ICELAND AIRWAVES**

# AIRWAVES BYRJAR MEÐ

## FÓLK Á AIRWAVES

Þrátt fyrir fámenni á Amsterdam við upphaf Airwaves-hátíðarinnar voru mætir menn mættir á svæðið. Trommuleikarinn **Þorvaldur Gröndal**, sem er þekktastur fyrir að lemja rafhúðir í hljómsveitinni Trabant, fylgdist með hljómsveitinni Buxnaskjónar rétt eins og **Rögnvaldur gáfaði**, fyrrverandi Hvanndalsbróðir.



Á Sódómu skömmu síðar skaut formaður borgarráðs **Dagur B. Eggertsson** upp stigann eftir stutt samtali við útvarpsmanninn **Mána Pétursson** af Xínu. Morgunhaninn Ómar Eypórsson, samstarfsfélagi Mána, var einnig á svæðinu og Mugison steig á svið með Pétri.

Á Nasa var uppstandarinn **Alma Geirdal** mætt og fylgdist með hljómsveitinni Sykri. **Óli Palli** af Rás 2 var þar einnig rétt eins og yfirplöggjarinn **Jón Gunnar Geirdal** og **Ásgeir Kolbeins**.

- afb



HÖFU LEIK Buxnaskjónar frá Akureyri spiluðu pönkið sitt á Amsterdam.

### Buxnaskjónar ★★

Amsterdam

### Agent Fresco ★★★★★

Nasa

### Taugaspenna

Það kom í hlut Buxnaskjóna frá Akureyri að hefja leik á Amsterdam á miðvikudagskvöld. Tríoíð leikur hressilegt pönk og textarnir eru á Íslensku.

Tónleikarnir fóru hægt á stað, enda staðurinn hálf tómur og hljómburður ekki eins og best verður á kosið. Hljómsveitinni óx þó ásmegin þegar leið á og spilaði fjölmörg örstutt lög sem voru búin áður en þau byrjuðu.

Það var augljóst að meðlimir hljómsveitarinnar voru taugaóstyrkir og mætingin spilaði vafalaust þar inn í. Þeir eiga þó nóg inni og mæta vafalaust brjáláðir til leiks að ári. - afb

### Bloodgroup ★★★★★

Nasa

### Stuð frá byrjun til enda

Bloodgroup er ekki aðeins ein besta hljómsveit landsins um þessar mundir, hún er einnig ein sú svalasta. Hljómsveitin greip áhorfendur á Nasa á miðvikudagskvöld og sleppti ekki takinu fyrr en búíð var að taka síðasta hljómborðið úr sambandi.

Nýja söngkonan Sunna Margrét og hinn færeyski Janus mynda magnað teymi í forgrunni og bræðurnir Hallur og Ragnar steypa þéttan grunn undir allt. Þá var strengjasveitin sem fylgdi Bloodgroup á svið frábær.

Tónleikar Bloodgroup voru stuð frá byrjun til enda, flutningurinn var frábær og áhorfendur vildu skiljanlega meira. - afb

### Fullfrískir og kraftmiklir

Fregnar af hálsbólgu söngvarans Arnórs Dan virtust stórlega ýktar þegar hann birtist á sviðinu með undarlegt höfuðfat sem minnti einna helst á Pretador-skrímslið. Röddin virtist í finu lagi og var hann hvergi banginn við að láta reyna á hana. Lét hann sér ekki muna um hvert dauðarokksöskrið á fætur öðru, hoppandi og skoppandi um sviðið. Agent Fresco skartaði nýjum bassaleikara á tónleikunum og féll hann einkar vel inn í hópinn. Sveitin spilaði að mestu gömul lög en það næstsíðasta var glænýtt af væntanlegri plötu. Frábært lag sem lofar virkilega góðu um framhaldið. - fb

### Benny Crespo's Gang ★★★★★

Nasa

### Rokkkeyrsla í tímaþröng

Vegna tækniörðugleika steig Benny Crespo's Gang á svið um tíu mínútum á eftir áætlun. Til að halda tímaáætlun fékk sveitin aðeins að taka fjögur lög en upphaflega voru sjö lög á efnisskránni. Frammistaða sveitarinnar var góð en líklega hefði hún þurft meiri tíma til að komast á flug. Rokkkeyrslan var þétt enda meðlimir Benny Crespo's Gang fyrirtaks hljóðfæraleikarar. Eingöngu ný lög af væntanlegri plötu voru á dagskrá og hljómuðu þau tvö fyrstu best. Minntu þau stundum á Muse, nema rokkaðri og ekki alveg eins grípandi. - fb

## Meðgöngujóga

Meðgöngujóga námskeið að hefjast hjá Jóga stúdíó.

Kennt er á mánudögum og miðvikudögum klukkan 20:00-21:00.

Hefst mánudaginn 18. október.



1. mánuður 10.000 kr
2. mánuðir 18.000 kr
3. mánuðir 22.000 kr

Skráning hafin á jogastudio.is eða í síma 772-1025 Ágústa og 695-8464 Drífa

jogastudio@hotmail.com



Ágústa Kollbrún Jónsdóttir  
772-1025



Drífa Átladóttir  
695-8464



Seljavegur 2 - 101 Reykjavík  
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com

# Skilnaðaralda skekur Hollywood

Skilnaðaralda skekur kvikmyndaborgina Hollywood um þessar mundir. Fjórir skilnaðir hafa litið dagsins ljós upp á síðkastið. Nú síðast ákvað Jessalyn Gilsig úr sjónvarpsþáttunum vinsælu Glee að sækja um skilnað við kvikmyndaframleiðandann Bobby Salomon. Þau byrjuðu saman í menntaskóla og gengu upp að altarinu árið 2006 og eignuðust síðar sama ár dótturina Penelope. Reyndar er eitt ár liðið síðan þau hættu saman en það var gert í leyni, án þess að fjölmiðlar áttuðu sig á tíðindunum.

Stutt er síðan söngkonan Christina Aguilera skildi við eiginmann sinn, upp-tökustjórnann Jordan Bratman, eftir fimm ára hjónaband. Þau eignuðust sitt fyrsta barn fyrir tveimur árum. „Þrátt fyrir

að ég og Jordan séum skilin munum við halda áfram að sinna uppeldi sonar okkar Max af sömu alúð og áður,“ sagði í yfirlýsingu þeirra. Skömmu áður tilkynntu leikarahjónin Courteney Cox og David Arquette um skilnað sinn eftir ellefu ára samband og kom það mörgum í opna skjöldu. Tónlistarmaðurinn Ben Harper hefur sömuleiðis skilið við leikkonuna Laru Dern eftir fimm ára hjónaband. Þau eiga tvö börn saman en höfðu átt í vandræðum með hjónabandið í töluverðan tíma.

SKILIN Courteney Cox og David Arquette eru skilin.

CHRISTINA AGUILERA Söngkonan er skilin eftir fimm ára hjónaband.



JESSALYN GILSIG Glee-leikkonan hefur skilið við framleiðandann Bobby Salomon.

## Vel skipuð dómnefnd

Leikstjórnarnir Grímur Hákonarson, Guðný Halldórsdóttir og Óskar Jónasson verða í dómnefnd um bestu stuttmyndina í stuttmynda- og handritakeppninni Ljósvalkjóð sem kynnir úrslit í Norræna húsinu 22. október. Í dómnefnd um bestu innsendu handritin sitja þeir Árni Óli Ágústsson leikstjóri, Ólafur Egill Egilsson leikari og handritshöfundurinn Hrafnkell Stefánsson. Skilafrestur á verkum í Ljósvalkjóð í ár er til og með mánudeginum 18. október. Fólk á aldrinum 15-25 ára getur tekið þátt.

Miðvikudagurinn 13. október

# LÁTUM



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Pétur Ben ★★

Sódóma

### Linsóðin lög

Pétur Ben hóf tónleikana á því að tilkynna áhorfendum að væntanleg lög væru ný og ókláruð. Það kom svo bersýnilega í ljós þegar tónleikarnir hófust, enda einkenndi óöryggi flutninginn.

Pétur er einn magnaðasti tónlistarmaður þjóðarinnar og var auk þess með stórskotalið með sér á sviðinu með Mugison fremstan í flokki og Sigtrygg Baldursson á trommum. Færni þeirra í bland við sviðssjarna og hæfileika Péturs dugðu skammt þó að vel hafi heyrt að lögin lofa góðu. Þau voru bara enn þá linsóðin.

- afb

### Cliff Clavin ★★★★★

Sódóma

### Frábært

Cliff Clavin er ein af mest spennandi hljómsveitum landsins í dag. Strákarnir mættu augljóslega vel undirbúnir á Sódómu á miðvikudagskvöld og fluttu nokkur frábær lög af óútkominni breiðskífu.

Það er augljóslega engin tilviljun að töffaraskapurinn lekur af meðlimum Cliff Clavin. Taktarnir eru augljóslega útpældir sem rímar fullkomlega við Interpol-skotið töffararokkið sem hljómsveitin hefur náð fullkomnum tökum á.

Tónleikar Cliff Clavin voru frábærir og allir meðlimir pottþéttir, hvort sem það var gítarspil, trommu- og bassa-leikur eða magnaður söngurinn. - afb

## MIÐASALA Á SALURINN.IS

EDA Í SÍMA 5 700 400 MILLI KL. 14 - 18

# SÖNGUR, GRÍN & GLEÐI: ÓMARI HÁLFA ÖLD!



## Afmælisskemmtun Ómars

Ómar Ragnarsson HELDUR UPP  
Á HÁLFRAR ALDAR FERIL SEM  
SKEMMTIKRAFTUR Í SALNUM  
KÓPAVOGI SUNNUDAGINN  
17. OKTOBER

Á FULLU Í FJÖRINU MEÐ ÓMARI:

HAUKUR HEIÐAR

MIÐALDAMENN

RAGGI BJARNA

ÞURÍÐUR

ÞORGEIR

HEMMI GUNN

MAGGI ÓLA

# Góð í dag, betri á morgun?

Bíó ★★★★★

## The Social Network

Leikstjóri: David Fincher. Aðallutverk: Jesse Eisenberg, Andrew Garfield, Armie Hammer, Justin Timberlake.



GÓÐ KVÍKMYND Justin Timberlake í hlutverki Seans Parker og Jesse Eisenberg í hlutverk Marks Zuckerberg í The Social Network.

The Social Network er „Facebook-myndin“ sem allir eru að tala um. Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, var ekki par hrifinn af því að vera gerður að sögupersónu í kvíkmynd. Hann er umdeildur maður og margir telja að hann eigi velgengi sína öðrum að þakka. Myndin reynir að varpa ljósi á það hvers konar mann hann hefur að geyma, og hvernig Facebook-fyrirbærið varð vinsælla en Jesús og Bítlarnir.

Flestir ættu að þekkja leikstjóra myndarinnar, en það er sjálfur David Fincher, maðurinn sem færði okkur myndir á borð við Zodiac, Fight Club og hina klassisku Se7en. Fincher hefur ávallt verið mikill stílisti og einhverjir hafa kvartað undan því að hann eigi erfitt með að hemja sig þegar kemur að útlitsþáttum eins og myndatöku, klippingu

og brellum. Á götumáli eru slíkar hneigðir stundum kallaðar „rúnk“. Afsakið orðbragðið.

Hann gerir sig þó ekki sekan um slíkt í The Social Network. Persónurnar halda frásögninni gangandi og vel skrifuðum samtölum handritshöfundarins er leyft að baða sig í mesta sviðsljósinu. Leikarahópurinn er nokkuð öflugur og er það aðalleikarinn Jesse Eisenberg sem á mesta hrósið skilið. Hann hefur hingað til verið þekktur sem „Michael Cera fátæka mannsins“ en hér

fær hann tækifæri til að sanna sig sem alvöru leikari og stenst prófið með glæsibrag.

Ég hlakka mikið til að sjá myndina eftir einn eða tvo áratugi. Hún á eftir að verða stórskemmtileg heimild um merkilegt menningar-fyrirbæri sem allir þekkja í dag, en enginn veit hvort muni halda velli til framtíðar.

Haukur Víðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** The Social Network er vel heppnuð. Og hún er ekkert verri þótt þú sért ekki á Facebook.

**NÝTT Í BÍÓ!**

★★★★★ S.V.-MBL    ★★★★★ T.V.-KVÍKMYNDIR.IS    ★★★★★ P.P.-FRÉTTATÍMINN

**the social network**

PÚ EIGNAST EKKI 500 MILLJÓN VINI AN ÞESS AÐ EIGNAST NOKKRA ÓVINI

★★★★★ F.E.-RÁS 2    H.V.A.-FBL    SVALI-FM957

7 LÚXUS THE SOCIAL NETWORK MOVIE NET

GEORGE CLOONEY ★★★★★ B.B.-MBL 14

BRIM ★★★★★ 7

JULIA ROBERTS ★★★★★ H.G.-MBL

WALL STREET ★★★★★

SMÁRA BÍÓ		HÁSKÓLA BÍÓ			
SÍMI 564 0000		SÍMI 530 1919			
SOCIAL NETWORK	kl. 5:20 - 8 - 10:35	7	SOCIAL NETWORK	kl. 6 - 9	7
SOCIAL NETWORK LÚXUS	kl. 5:20 - 8 - 10:35	7	BRIM	kl. 6 - 8 - 10	12
THE AMERICAN	kl. 8 - 10:20	14	EAT PRAY LOVE	kl. 6 - 9	L
BRIM	kl. 4 - 6 - 8	12	SUMARLANDIÐ	kl. 6 - 8	L
EAT PRAY LOVE	kl. 5 - 8	L	WALL STREET 2	kl. 10	L
PIRANHA 3D	kl. 10:45	16			
WALL STREET 2	kl. 10	L	<b>BORGAR BÍÓ</b>		
AULINN EG 3D	kl. 3:40 - 5:50	L	SÍMI 462 3500		
			SOCIAL NETWORK	kl. 8 - 10:30	7
			BRIM	kl. 5:30	L
			THE AMERICAN	kl. 10:30	14
			EAT PRAY LOVE	kl. 5:30 - 8	L

facebook.com/smarabio 5%

**NÝTT Í BÍÓ** LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

PÚ EIGNAST EKKI 500 MILLJÓN VINI AN ÞESS AÐ EIGNAST NOKKRA ÓVINI

GEORGE CLOONEY THE AMERICAN

Dinner & Schmucks

**AULINN EG**

**SÝNINGARTÍMAR**

THE SOCIAL NETWORK	5:30, 8 og 10:30	7
DINNER FOR SCHMUCKS	5:45, 8 og 10:20	7
THE AMERICAN	8 og 10:20	14
AULINN EG 3D	3:45 og 6	L
AULINN EG	4	L
DESPICABLE ME 3D	4	L

**BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓINN**

Besta mynd sinnar tegundar á klisturum og tilkoma ein af bestu samantökum myndum sem hafa verið sýndar í kvíkmyndir.

★★★★★ SJÁDU - STÖÐ 2

**ÓRÓI** kl. 5:50 - 8 - 10:20

**THE TOWN** kl. 6 - 8 - 10:40

**THE TOWN** kl. 8 - 10:40

**FURRY VENGEANCE** kl. 4 - 6 - 8

**DINNER FOR SCHMUCKS** kl. 6 - 8:15 - 10:30

**SOLOMON KANE** kl. 10:20

**SOLOMON KANE** kl. 5:30

**GOING THE DISTANCE** kl. 8:30 - 10:40

**ALGJÖR SVEPPI-3D** kl. 4 - 6

**ALGJÖR SVEPPI** kl. 4

**AULINN EG** M/Íst. Tali kl. 4

**HUNDAR OG KETTIR 2** M/Íst. Tali kl. 4

**SELFOSSI**

**ÓRÓI** kl. 8 - 10:20

**DINNER FOR SCHMUCKS** kl. 5:50 - 8 - 10:20

**KRINGLUNNI**

**ÓRÓI** kl. 8 - 10:20

**THE TOWN** kl. 8 - 10:40

**FURRY VENGEANCE** kl. 4 - 6

**ALGJÖR SVEPPI-3D** kl. 4 - 6

**STEP UP 3** kl. 8

**INCEPTION** kl. 10:10

**SHREK SÆLL ALLA DAGA** M/Íst. Tali kl. 3:50

**LEIKFANGASAGA 3** M/Íst. Tali kl. 5:50

**AKUREYRI**

**FURRY VENGEANCE** kl. 6

**ÓRÓI** kl. 8 - 10

**ALGJÖR SVEPPI** kl. 6

**THE TOWN** kl. 8 - 10:30

# Ósköp venjulegt brúðkaup

Þrátt fyrir fréttir um vikulanga brúðkaupsveislu Katy Perry og Russells Brand á Indlandi og þrátt fyrir að hún skjóti rjóma út úr brjóstahaldaranum sínum í myndböndum og að hann sé yfirlýstur kynlífsfíkill þá á brúðkaup þeirra að vera ósköp venjulegt.

Russell Brand segir í nýlegu viðtali að þau Perry elski bara hvort annað og vilji gifta sig í félagsskap góðra vina og fjölskyldu. Þá segist hann vilja hafa brúðkaupið venjulegt.

„Þetta snýst ekki um að selja myndirnar og við ætlum ekki að skrifa undir kaupmála,“ sagði hann. „Ég held að fólk sé að fá ranga mynd af brúðkaupinu okkar. Ást tveggja einstaklinga er ótrúleg, en um leið það eðlilegasta í heimi.“



ÁSTFANGIN Katy Perry og Russell Brand eru afar ástfangin eins og myndin sýnir.

**BÍÓ ★ PARADÍS** Sjáðu sýningartíma á [midi.is](http://midi.is) og [bioparadis.is](http://bioparadis.is)

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR [WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS](http://WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS)

**ZIK ZAK OG VESTURPORT KYNNA**

**HAFID GEFUR... HAFID TEKUR...**

**BRIM**

INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GÁRDARSSON OLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARAÐSSON OLAFUR DARRI OLAFSSON VIKINGUR KRISTJANSSON NANNA KRISTIN MAGNUSDÓTTIR

**KOMIN Í BÍÓ!**

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

# ALLTAF BETRA VERÐ

**FARTÖLVA**

**TOSHIBA**

15,6"



**Toshiba Satellite L500D-16N**

- 2.2GHz AMD Turion II Dual Core Mobile M500
- 4GB DDR2 800MHz minni
- 500GB diskur
- 15.6" WXGA LED breiðskjúr
- DVD og CD-RW skrifari
- VGA myndavél í skjá
- ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort
- Windows 7 Home Premium

**129.990**

**FARTÖLVA**

**TOSHIBA**

15,6"



**Toshiba Satellite C650-160**

- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjúr
- Intel GMA 4500M skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**109.990**

**ÓDÝRASTI LITALASERINN**

**SAMSUNG**



Fæst þráðlaus á kr. 34.990

**LASER LITAPRENTARI**

**Samsung CLP315**

A4 litaserprentari með 2400x600 punkta upplausn og USB 2.0. Prentar allt að 16 bls. á mínútu.

**29.990**

**19"**

**LCD SKJÁR**

**acer**



**Acer V193HQLB**

19" LCD LED breiðskjúr með 1366x768p upplausn, 8.000.000:1 skerpu og 5ms svartíma.

**21.990**

**A.C.Ryan**



**AC Ryan Playon HD**

H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lykklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af BitTorrent off. NAS fyrir heimanet. Fullkomin fjarstýring.

**HD SJÓNVARPS FLAKKARI**

**39.990**

**SAMSUNG**

**1TB FLAKKARI**



**Samsung G22 1TB**

1TB USB 2.5 flakkari með flottri Piano Black áferð. Gengur með Windows og Mac.

**22.990**

**21.5"**

**LCD SKJÁR**

**PHILIPS**



**Philips 226CL2SB**

21,5" W-LED breiðskjúr með 1920x1080p upplausn, 20.000.000:1 dýnamískri skerpu og 2ms svartíma.

2ms svartími

**42.990**

**Logitech**



**LEIKJAMÚS**

**Logitech G500**

Laser leikjamús. Innbyggt minni. 10 forritanlegir takkar. Stíllanleg bygnd

**10.990**

**Logitech**



**HÁTALARAR**

**Logitech Z320 2.0**

10W RMS kerfi með 2 hátölurum. 360° tækni sem tryggir góðan hljóð allstaðar í rýminu.

**9.990**

**Logitech**



**ÞRÁÐLAUST**

**Logitech K340**

Mjög nett þráðlaust Unifying lykklaborð. Forritanlegt. Rafhláða endist í allt að 3 ár.

**7.990**

**VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN**

Bjodum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum

**BORGUN**

AUÐVELDAR VÍÐSKIFTI

**KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI**

Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi



**F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi**



**VELJUM ÍSLENSKT**

**SKÓLA TILBOÐ**

# TÖLVU LISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17  
SÍMI 414 1700

GLERÁRGÖTU 30  
SÍMI 414 1730

MÍDVANGI 2-4  
SÍMI 414 1735

HAFNARGÖTU 90  
SÍMI 414 1740

AUSTURVEGI 34  
SÍMI 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66  
SÍMI 414 1750





Ísland í hópi 36 þjóða sem hafa komist upp úr undankeppni Evrópumeistaramóts U-21 landsliða:

# Langfámennasta þjóðin sem kemst svo langt

**FÓTBOLTI** Ísland er langfámennasta þjóðin sem hefur átt lið í úrslitakeppni Evrópumeistaramóts karla-landsliða sem skipuð eru leikmönnum 21 árs og yngri.

Ísland tryggði sér á mánudagskvöldið sæti í úrslitakeppni EM sem fer fram í Danmörku næsta sumar með 2-1 sigri á Skotum í Edinborg og 4-2 samanlagt í umspilsrimmu liðanna.

Gamla „metið“ áttí Albanía sem hefur einu sinni komist í hóp átta bestu U-21 landsliða Evrópu en það var árið 1984. Um þrjár milljónir bjuggu í Albaníu þá, eða næstum

tífundur fólksfjöldi Íslands. Hagstofa Íslands segir að í upphafi árs hafi verið rúmlega 317 þúsund íbúar á Íslandi.

Undirstrikar þetta enn frekar hversu glæsilegur árangur íslenska U-21 landsliðsins er, sérstaklega í ljósi þess að knattspyrna er almennt talin vinsælasta íþrótt heims og með flesta iðkendur. Samkvæmt könnun FIFA frá árinu 2006 eru 265 milljónir iðkenda um allan heim.

Í sömu úttekt er Ísland skráð með 32.408 iðkendur en Albanía, til samanburðar, með rúm 164 þúsund. Skotland, sem Ísland sló úr leik í

umspilinu, er með 420 þúsund.

Þýskaland, næstfjölmennasta þjóð Evrópu, er með 16,3 milljónir knattspyrnuíðkenda samkvæmt sömu könnun. Ísland lék með Þýskalandi í riðlakeppninni og vann 4-1 sigur á heimavelli en liðin gerðu jafntefli ytra, 2-2. Þjóðverjar eru einnig ríkjandi Evrópumeistarar í flokki U-21 landsliða en fá ekki tækifæri til að verja titilinn í Danmörku á næsta ári.

Það skal tekið fram að ekki var haldin sérstök úrslitakeppni í EM U-21 landsliða fyrr en árið 1994. Keppnin hefur þó farið fram reglu-

lega frá 1978. Fram til ársins 1994 komust átta lið upp úr riðlakeppninni í útsláttarkeppni þar sem leikið var heima og að heiman og samanlögð úrslit giltu.

Ísland verður eini nýliðinn í úrslitakeppni EM næsta sumar sem verður átjándi mótið frá upphafi í þessum aldursflokki. Ísland er 36. Evrópuþjóðin sem kemst í hóp átta bestu í sögu keppinnar.

- esá



**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON**  
Lykilmaður í U-21 liði Íslands.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fámennustu þjóðirnar

Tölur í milljónum\*

1. Ísland	0,317
2. Albanía	3,2
3. Króatía	4,4
4. Noregur	4,9
5. Skotland	5,2
6. Slóvakía	5,4
7. Finnland	5,4
8. Danmörk	5,5
9. Búlgaría	7,5
10. Ísrael	7,6

\* miðað við upplýsingar um núverandi íbúafjölda.

EM U-21 landsliða:

## Ísland í efri styrkleikaflokki

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 landsliðið verður í efri styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla fyrir úrslitakeppni EM sem haldin verður í Danmörku á næsta ári.

Liðunum er raðað eftir árangri í undankeppninni og Ísland er í efri styrkleikaflokki með Dönum, Tékkum og Spánverjum. Ljóst er að Danir spila í A-riðli og Tékkar, sem sú þjóð sem náði bestum árangri í undankeppninni, í B-riðli.

Ísland og Spánn verða svo dregin út næst og geta því ekki lent í sama riðli. Að lokum verður dregið úr neðri styrkleikaflokkunum í riðlana tvo. Í honum eru England, Sviss, Hvíta-Rússland og Úkraína. Dregið verður í riðla þann 9. nóvember næstkomandi.

- esá



**GYLFI** Hér í leik með Brann frá Bergen.  
NORDIC PHOTOS/AFP

Gylfi Einarsson til Fylkis:

## Þriggja ára samningur

**FÓTBOLTI** Gylfi Einarsson hefur skrifað undir þriggja ára samning við Fylki en hann er nú að snúa aftur heim eftir tíu ár í atvinnumennsku.

Gylfi er uppalinn Fylkismaður en fór frá liðnu árið 2000 og gekk til liðs við Lilleström. Árið 2004 fór hann til Leeds í Englandi en fjórum árum síðar sneri hann aftur til Noregs og leikur nú með Brann.

Þar hefur hann lítið fengið að spila að undanförunu þar sem félagið hefur ekki efni á að greiða honum bónusgreiðslur fyrir hvern spilaðan leik.

Gylfi hefur á ferlinum leikið 24 A-landsleiki og skorað í þeim eitt mark, í 2-0 sigri Íslands á Ítalíu í vináttulandsleik árið 2004.

Gylfi lék á sínum tíma 54 leiki með Fylki og skoraði í þeim átján mörk.

- esá

# KAUPTU FRÓN MJÓLKURKEX OG STYDDU INNLENT HJÁLPARSTARF RAUÐA KROSS ÍSLANDS Í LEIÐINNI 10 KRÓNUR AF HVERJUM SELDUM PAKKA RENNA TIL STARFSINS



kemur við sögu á hverjum degi!



Sjálfboðaliðar í 50 deildum um allt land halda uppi innanlandsaðstoð Rauða kross Íslands. Meðal helstu verkefna má nefna Hjálparsímann 1717, Rauðakrosshúsið, fataflokkan, heimsóknarvini, sjúkrabifreiðar, skyndihjálparfræðslu, þjónustu og aðstoð við innflytjendur, hælisleitendur, fólk með geðraskanir og ungmennastarf. Einnig má nefna að Rauði krossinn er hluti af almannavörnum og sinnir þar m.a. sálænum stuðningi þegar á reynir.



**Rauði kross Íslands**

# Helgar

## FRÉTTABLAÐIÐ

# blað

alla laugardaga



### Fólk á ekki að taka lán fyrir öðru en húsnæði og menntun

- Pétur Blöndal ræðir um viðfangsefnin í pólitíkinni og útlistar sínar leiðir út úr vandanum.

### Ekkert feimnismál

- Sífelld fleiri karlar fara í ófrjósemis-aðgerðir.

### Harpa er hættulegur staður

- Dr. Dragan Klaić segir að opinber menningarstarfsemi sé hverju lýðræðissamfélagi nauðsynleg en núverandi fyrirkomulag sé staðnað og úrelt.

### „Gerrard og Torres eru toppnáungar“

- Guðlaugur Victor Pálsson og Kristján Gauti Emilsson um lífið hjá Liverpool.



### Arkitektúr á heimsmælikvarða

- Íslensk danska arkitektastofan KRADS atkvæðamikil á alþjóðavettvangi.



Allt sem þú þarft...

# FH-vélin mallar áfram

FH-ingar halda áfram á sömu braut í N1-deild karla en þeir áttu ekki í miklum vandræðum með Selfoss í gær. Eftir tíu mínútur var leikurinn eign FH-inga.

**HANDBOLTI** „Við byrjum þetta vel og erum á fínu skriði. Við vissum að ef við myndum spila okkar besta leik og þeir sinn besta þá myndum við vinna,“ sagði Pálmar Pétursson, markvörður FH, eftir að liðið vann Selfoss á heimavelli sínum í gær 31-25.

Hafnarfjarðarliðið er með fullt hús að loknum þremur umferðum og hefur unnið alla leiki sína ansi sannfærandi.

„Við erum mjög yfirvegaðir en samt vel stemmdir. Markmið okkar eru skýr og við möllum þetta bara fínt,“ sagði Pálmar sem varði 18 skot í leiknum. „Selfyssingar eru með fínt lið og þeir keyra endalaust á mann.“

Meðan önnur lið hefðu kannski hætt eftir að hafa lent einhverjum tíu mörkum undir þá halda þeir áfram og maður getur aldrei leyft sér að slaka á.“

Leikurinn byrjaði með mikilli baráttu og nýliðarnir frá Selfossi sáu til þess að jafnræði var með liðunum fyrstu tíu mínúturnar.

Þegar staðan var 4-4 kom mjög slæmur kaflur hjá gestunum sem voru full ragir.

Næstu fimm mörk voru frá FH-



**STERKUR** Ásbjörn Friðriksson átti finan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÖLL SUND LOKUÐ** FH-ingar hleyptu nýliðum Selfoss ekki upp með neitt í Kaplakrika í gær. FH-ingar ósigraðir á toppi N1-deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ingum þrátt fyrir að þeir voru um tíma einum færri.

Eftir þetta var í raun aldrei spurning hvernig leikurinn færi. FH-ingar leiddu með sex mörkum í hálfleik og það var einnig munurinn á liðunum í leikslok. Selfoss reyndist engin fyrirstaða fyrir Hafnarfjarðarliðið sem hefði getað unnið stærri sigur en slakaði á undir lokin.

Stemmingin er mikil hjá FH, bæði innan sem utan vallar en áhorfendur létu vel í sér heyra í gær. „Það fylgir oft þegar gengur vel. Þá er bæði gaman í klefanum og stúkunni. Liðsheildin er flott, grunnurinn er frá því í fyrra en svo skemmur ekki fyrir að fá Loga [Geirsson] inn í þetta. Hann er

leiðtogi innan vallar sem utan,“ sagði Pálmar.

Næsta verkefni hjá FH-ingum er bikarleikur gegn Völsungi á Húsavík en þar er Pálmar uppallinn. „Ég hef eiginlega ekki hugsað um annað síðan bikardrátturinn fór fram. Ég er því gríðarlega ánægður með að hafa náð að klára síðustu leiki,“ sagði Pálmar.

„Ég hlakka alltaf til að spila en þetta er algjörlega sérstök gulrót fyrir mig. Ég held að ég hafi verið sá eini sem var ánægður með að taka Húsavíkurförð. En ég býst við fullri höll, hörku stemmingu og flottum leik. Ég spái því að liðið sem tekur þennan leik endi uppi sem bikarmeistari!“

elvargear@frettabladid.is

Íslandsmeistarar Hauka sluppu með skrekkinn:

## Björgvin bjargaði Haukum fyrir horn

**HANDBOLTI** Íslandsmeistararnir í Haukum unnu góðan sigur á nýliðum Aftureldingar, 22-23, í miklum háspennuleik í gærkvöldi. Björgvin Hólmgeirsson skoraði sigurmarkið þegar sjö sekúndur voru eftir af leiknum.

Stemmingin í Mosfellsbæ var með hreinum ólíkindum eins og svo oft áður en það dugði ekki til fyrir heimamenn að þessu sinni þó svo þeir hafi aldrei gefist upp í leiknum.

„Þetta voru tvö virkilega góð stig,“ sagði Björgvin Hólmgeirsson, hetja Hauka, eftir leikinn.

„Það verður gríðarlega erfitt fyrir lið að koma hingað og ná í stig. Við spiluum langar og skynsamar sóknir og náðum að koma boltanum í netið á réttum augnablikum.“

Í lokin var bara stillt upp í ákveðið kerfi þar sem ég átti að skjóta og ég negldi boltanum í netið. Þetta var frábær sigur fyrir okkur eftir að hafa drullað vel á okkur í síðustu umferð,“ sagði Björgvin ánægður eftir leikinn en hann skoraði tíu mörk í leiknum.

Gunnar Andrésson, þjálfari Aftureldingar, var virkilega svekktur eftir leikinn enda fengu hans menn engin stig þrátt fyrir hetjulega baráttu.

„Þetta var grátlegt hérna í lokin. Mér fannst við líklegir til þess að



**TVÖ STIG** Heimir Óli og félagar þrúsuðu sig sæla með stigin tvö í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

vinna leikinn um miðjan seinni hálfleik þegar við vorum komnir þremur mörkum yfir. Síðan kemur slæmur kaflur hjá okkur og við náum ekki að skora í sjö mínútur. Það var hreinlega of dýrt fyrir okkur þegar upp var staðið.“ - sáp

## ÚRSLIT

### N1-deild karla:

FH-Selfoss	31-25 (20-14)
Mörk FH (skot): Ólafur Andrés Guðmundsson 7 (11), Ásbjörn Friðriksson 6 (13), Hermann Ragnar Björnsson 5 (8), Logi Geirsson 4/1 (5/1), Bjarki Jónsson 3 (4), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (2), Ari Magnús Þorgeirsson 2 (3), Benedikt Reynir Kristinnsson 2 (6), Þorkell Magnússon 1 (1), Bogi Eggertsson 0 (1).	
Varin skot: Pálmar Pétursson 18, Daniel Andrésson 6	
Hraðaupphlaup: 7 (Hermann 2, Ólafur, Benedikt, Ásbjörn, Bjarki, Þorkell)	
Fiskuð víti: 1 (Hermann)	
Brottvísanir: 10 mínútur	
Mörk Selfoss (skot): Atli Kristinnsson 8 (15), Ragnar Jóhannsson 8/3 (17/3), Árni Steinþórsson 4 (6), Guðni Ingvarsson 2 (3), Helgi Héðinsson 2 (8), Einar Héðinsson 1 (4), Guðjón Dregsson 0 (4), Eyþór Lárusson 0 (3)	
Varin skot: Birkir Bragason 18	
Hraðaupphlaupsmörk: 3 (Árni 2, Guðni)	
Fiskuð víti: 3 (Atli 2, Ragnar)	
Brottvísanir: 6 mínútur	
Afturelding-Haukar	22-23 (12-12)
Mörk Aftureldingar (skot): Bjarni Aron Þórðarson 8 (15), Þorkell Guðbrandsson 5 (5), Jón Andri Helgason 2 (3), Arnar Theodorsson 2 (3), Ásgeir Jónsson 2 (2), Reynir Ingi Árnason 1 (1), Hrafn Ingvarsson 1 (3), Jóhann Jóhannsson 1 (4)	
Varin skot: Halþór Einarsson 15.	
Hraðaupphlaupsmörk: 1 (Hrafn Ingvarsson)	
Fiskuð víti: 4 (Ásgeir Jónsson 2, Þorkell Guðbrandsson, Jón Andri Helgason)	
Brottvísanir: 8 mínútur	
Mörk Hauka (skot): Björgvin Þór Hólmgeirsson 10 (18), Guðmundur Árni Ólafsson 4 (9), Þórður Rafn Guðmundsson 4 (7), Freyr Brynjarsson 2 (2), Heimir Óli Heimisson 1 (3), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (5), Einar Örn Jónsson 1 (1).	
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 5 (11), Aron Rafn Eðvarðsson 4 (12).	
Hraðaupphlaupsmörk: 2 (Heimir Óli, Guðmundur Árni)	
Fiskuð víti: 4 (Heimir Óli 3, Freyr Brynjarsson 1)	
Brottvísanir: 16 mínútur	
<b>Valur-HK</b>	<b>28-33</b>



skemmtilegri

# ÞJÓÐIN VEIT HVAÐ HÚN VILL

Í tilefni þess að 25. starfsár Stöðvar 2 hófst um síðustu helgi buðum við þjóðinni í opið hús og sendum út í opinni dagskrá í heilan sólarhring.

Viðtökurnar voru frábærar og sýna svo ekki verður um villst að dagskrá Stöðvar 2 höfðar sterkt til þjóðarinnar. Spaugstofan var vinsælasta sjónvarpsefnið og kom Logi í beinni fast á hæla hennar.

Stöð 2 þakkar frábærar móttökur. Sjáumst fljótt aftur!



## ÞJÓÐIN VALDI STÖÐ 2 UM SÍÐUSTU HELGI

- 1. SPAUGSTOFAN
- 2. LOGI Í BEINNI
- 3. YES MAN
- 4. AUDDI OG SVEPPI
- 5. FRÉTTIR STÖÐVAR 2
- 6. ÚTSVAR
- 7. ÍSLAND Í DAG
- 8. THE SIMPSONS
- 9. FRÉTTIR
- 10. HRINGEKJAN

ÁHORF FRÁ KL. 18:30 FÖS. 8. OKT. TIL KL. 20:35 LAU. 9. OKT.  
Könnun Capacent 12-54 ára



Í KVÖLD

Í KVÖLD

Stöð 2 kl. 20.15

Logi í beinni

Lauflettur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakónginum Loga Bergmann. Hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekktu viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu. Þá er boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur. Fyrir vikið er þátturinn fullkomin uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna.



- 06.39 Morgunútvarp hefst
- 06.50 Bæn
- 07.03 Vött og breitt
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.05 Morgunstudund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Óskastundin
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.15 Sagnaslóð
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Hádegisútvarpið
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Fjórðungi bregður til fósturs
- 14.03 Gími, grúsk og glórir
- 15.03 Útvarpsagan: Stormur
- 15.25 2+2 eru 5
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Fimm fjórðu
- 17.03 Viðsjá
- 18.21 Spegillinn
- 18.53 Dánarfregni
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Fjölradna sveiflusöngur
- 21.10 Hringisól
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.13 Litla flugan
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.05 Næturtonar



„Ekki þar fyrir, hrossabjúgu eru ágæt. Finnar hafa bara alltaf haft svo náð samband við hestana sína. Vináttusamband. Það étur enginn vini sína.“

# FINNSKI HESTURINN

effir Sirku Peltola  
Leikstjórn: María Reyndal

**BRÁÐFYNDIÐ OG SNARGEGGJAD!**  
Frumsýning í kvöld



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Fös 15/10 kl. 20.00	U	Lau 30/10 kl. 20.00	U	Fim 11/11 kl. 20.00	Ö
Lau 16/10 kl. 20.00	U	Sun 31/10 kl. 20.00	Ö	Fös 12/11 kl. 20.00	Ö
Fös 22/10 kl. 20.00	Ö	Fös 5/11 kl. 20.00	U	Fös 19/11 kl. 20.00	Ö
Lau 23/10 kl. 20.00	Ö	Lau 6/11 kl. 20.00	Ö		

Tryggðu þér miða í síma 551 1200 eða smelltu þér á [leikhusid.is](http://leikhusid.is)

Á SUNNUDAG KL. 12:00

# LIVERPOOL





# ÚR ÞROTABÚÍ

**Flutt til landsins 2007, ætlað í lúxusíbúðir**

Ótrúleg verð • Fyrstur kemur, fyrstur fær

Elhúsinnréttingar, baðinnréttingar, fataskápar, forstofuskápar, þvottahúsinnréttingar, flísar, parket, baðkór, miðstöðvarofnar og margt fleira. ATH. TAKMARKAÐ MAGN.

Eik / Sprautulakkað hvítt • Margar stærðir og gerðir



**OPNUM Á MORGUN LAUGARDAG**

• Kaupum upp vörulagera •

**LAGERSALAN • Höfðabakka 9 • Sími 662 4499 • Opið kl 13-18 alla daga**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Eldfjallsilmur vekur athygli

Fréttablaðið sagði frá ilmvatninu EFJ á dögnum, sem **Sigrún Lilja Guðjónsdóttir** sendir frá sér undir tiskumerkinu Gyðja. EFJ stendur fyrir Eyjafjallajökull, en ilmurinn tengist eldfjallinu á ýmsan hátt. Erlendir fjölmiðlar voru ekki lengi að grípa fréttina á lofti, enda þekkja þeir nafnið þó að þeir geti ekki borið það fram. Fjallað hefur verið um ilmvatnið á vefmiðlum víða um heim og síðast í þýska dagblaðinu Süddeutsche Zeitung, þar sem einnig var farið yfir framtíðaráform tiskumerkis Sigrúnar.

### Heitir Fóstbræður

Karлакórinn Fóstbræður fékk góðan liðsauka fyrir skömmu er fyrrum fjölmiðlamennirnir **Hafliði Helgason** og **Teitur Þorkelsson** gengu til liðs við hann. Hafliði var áður ritstjóri Markaðarins en starfar nú sem sérlegur upplýsingafulltrúi Bjarna Ármannssonar. Teitur starfði hins vegar eitt sinn í sjónvarpi og gekk undir nafninu Heitur Teitur þegar frægðarsól hans skein hvað hæst. Félagarnir eru strax byrjaðir að láta til sín taka innan kórsins og standa nú fyrir kynningu á sameiginlegum karlakórstónleikum Fóstbræðra og finnska kórsins Manifestum í Langholtskirkju á föstudag. Þá munu kórarnir tveir taka þátt í Kötlumóti sunnleuskra karlakóra á Flúðum á laugardaginn kemur en þar munu um 650 karlar syngja ættjarðarlög. - **afb, kh**



### Mest lesið **visir.is**

- 1 Gekk berserksgang: „Samviska mín er hrein“
- 2 Sveppi í skýrslutöku hjá lögreglu
- 3 Allir námumennirnir lausir úr þrisund sinni
- 4 Hundrað króna gjald á mánuði
- 5 Flugstjórinn lést við stýrið

Outlet stemmning í Líflandi  
Allt að **80%** afsláttur

Línghálsi 3 Reykjavík  
Lónsbakka Akurevri

# AÐEINS

**AMELIA**  
Queen Size (153x203cm)

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvallið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

Fullt verð 159.451 kr.  
**VERÐ NÚ 89.000 kr.**

# TÍU RÚM!

## FYRSTUR KEMUR – FYRSTUR FÆR

## KING KOIL HEILSURÚM FRÁ AMERÍKU!

By King Koil®

Eitt það mikilvægasta í lífi okkar er góður svefn. Til þess að geta átt góða nótt og sofið vel þurfum við að huga vel að vali okkar á góðu rúmi. Í Rekkjuni er að finna eitt mesta úrval landsins af heilsurúmum við allra hæfi. Starfsmenn okkar hafa áralanga reynslu í að aðstoða fólk við að velja rétta rúmið. Í þau 17 ár sem að Rekkjan hefur starfað hafa Íslendingar keypt rúm frá Bandaríska framleiðandanum King Koil sem hefur framleitt hágæða heilsurúm í 112 ár. King Koil hefur veitt gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árangri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

# rekkjan

Rekkjan ehf · Sudurlandsbraut 48 (Bláu húrin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opíð virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M